



STÉPHANE AUBERGÝ

Frönsk vínpressuhátíð í portinu við Jómfrúna

FÓLK 54



KONUNGLEGUR!
ÍSKALDUR
FAXE
ROYAL
LÉTTUR ÖLLARI

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. október 2005 – 278. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR

Eyjólfur landsliðsþjálfari



Skagfirðingurinn Eyjólfur Sveinsson var í gær ráðinn landsliðsþjálfari í knattspyrnu í stað þeirra Ásgeirs Sigurvinssonar og Loga Ólafssonar.

ÍPRÓTTIR 60

Maður vikunnar

Svava Johansen sem yfirleitt er kölluð Svava í Sautján er vinnusöm með beittan húmor. Hún er sögð geisla af sjálfsöruggi.



UMRÆÐAN 16


Dauðasyndirnar sjö



Pétur Pétursson guðfræðingur er ekki hrifinn af raunveruleikaþáttum sem fjalla um tilfinningar.

LÍFSSTÍLL 32

VEÐRIÐ Í DAG



SUNNAN SLAGVEÐUR VÍÐA um land. Það má búast við strekkingsvindi og talsverðri úrkomu á SA-landi en hækkanði hita.

Dómsmálaráðherra talinn vanhæfur

Bogi Nilsson ríkissaksóknari hefur sagt sig frá Baugsmálinu. Gestur Jónsson telur að dómsmálaráðherra sé hugsanlega vanhæfur til þess að velja nýjan saksóknara. Páll Hreinsson dósent segir þessar reglur vandmeðfarnar.

BAUGSMÁL „Ef Björn á að fá að ráða því hver ræðst á Baug þá er nú fokið í flest skjól. Hann er algjörlega vanhæfur, það eru allir sammála um það,“ segir Jón Ásgeir Jóhannesson, framkvæmdastjóri Baugs. „Það þarf ekki annað en að skoða heimasíðu Björns þar sem hann hefur ítrekað ráðist á okkur fjölskylduna og fyrirtæki okkur tengd,“ segir Jón Ásgeir.

Bogi Nilsson ríkissaksóknari hefur ákveðið að stýra ekki athugun á málefnum Baugs vegna þess að bróðir hans og tveir synir hafa starfað hjá KPMG endurskoðun og þannig unnið fyrir Baug. Lögum

samkvæmt kemur það í hlut dómsmálaráðherra að útnefna annan löghæfan aðila til verksins.

„Björn Bjarnason dómsmálaráðherra verður að athuga það hvort hann geti talist hæfur til þess að koma að málum sem varða Baug og þá sakborninga sem þar starfa,“ segir Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs.

„Það er þriðja grein stjórn-sýslulaga sem fjallar um sérstakt hæfi starfsmanna stjórn-sýslunnar. Aðalálítaefnið er hvort sjötti tölulíður þriðju greinar á við. Það er mjög vandmeðfarn regla svo vægt sé til orða tekið,“ segir Páll Sveinn Hreinsson, dósent við

lagadeild Háskóla Íslands. Í þessum tölulíð segir meðal annars að maður sé vanhæfur „ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem fallnar eru til þess að draga óhlutdrægni starfsmanns í efa með réttu“. Þarna er tekið til þess hvort hættu sé á að ómál-efnaleg sjónarmið geti haft áhrif á ákvörðun stjórn-sýslustarfs-manns.

Bogi segir í yfirlýsingu sinni frá því í gær að hann telji það miklu máli skipta að ríkissaksóknari njóti ávallt fulls trausts við meðferð mála þannig að ekki sé unnt að draga óhlutdrægni hans í efa. - sag



SÉRA GUNNÞÓR INGASON

Sóknarpresturinn:

Vissi ekki af máli Thelmu

Séra Gunnþór Ingason, sóknarprestur í Hafnarfirði, kom ekki að né vissi af máli Thelmu Ásdísardóttur og fjögurra systra hennar eins og skilja mátti af fyrirsögn fréttar í blaðinu í gær. Rétt er, eins og kemur fram í fréttinni, að mál systranna hafi aldrei borið fyrir hans eyru fyrr en nú. Hins vegar fari þeim einstaklingum fjölgaði sem segi presti sínum frá því að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi sem börn.

Séra Gunnþór er bedinn velvirdingar á villandi fyrirsögn fréttarinnar. ■



MARÍA OG FRÍÐRIK Nýr ríkisarfi er á leið í heiminn.

María krónprinsessa:

Lögð inn á fæðingardeild

DANMÖRK María Elísabet krónprinsessa af Danmörku var í gærkvöld lögð inn á Ríkissjúkrahúsið í Kaupmannahöfn. Samkvæmt heimildum danskra vefmiðla benti flest til þess að hún væri komin að fæðingu.

Reynist það rétt að væntanlegur nýr ríkisarfi Danmerkur sé að fæðast gerist það nærri hálfum mánuði fyrir settan tíma. Talsmenn dönsku hirðarinnar höfðu áður upplýst að krónprinsessan ætti von á sér í lok október. ■



FJÖLDASLÁTRUN FUGLA Alifuglar í Rúmeníu hafa einnig veikt af fuglaflensu, að öllum líkindum af H5N1-stofni. Því hafa þarlend yfirvöld látið slátra 40.000 fuglum í landinu. Evrópusambandið hefur lofað að veita Rúmenum fjárhagsaðstoð til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu veikinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Evrópusambandið efnir til neyðarfundar um fuglaflensuna:

Óttast um smit í mönnum

FUGLAFLENSA Níu Tyrkir voru fluttir á sjúkrahús í gær vegna ótta um fuglaflensu. Þeir fengu að fara heim að rannsókn lokinni. Evrópusambandið fylgist grann með þróun fuglaflensunnar í Tyrklandi og Rúmeníu.

Á fimmtudaginn var staðfest að 1.800 alifuglar sem fundust dauðir á búgarði í héraðinu Kiziksa í norðvestanverðu Tyrklandi hefðu drepist úr fuglaflensu af H5N1-

stofni. Til vonar og vara var 8.600 fuglum til viðbótar slátrað.

Í gær voru svo níu manns úr nágrannahéraðinu Manisa fluttir á sjúkrahús vegna gruns um að þeir væru smitaðir af veikinni. Bráðabirgðarannsókn leiddi í ljós að það væri ólíklegt og því voru mennirnir útskrifaðir síðdegis. Frekari rannsókn er þó þörf að sögn Anatolia-fréttastofunnar.

Sérfræðingur Evrópusam-

bandsins hittust í Brussel í gær og ræddu leiðir til að draga úr líkunum á að alifuglar á smitsvæðum kæmust í tæri við villta fugla sem síðan geta dreift veirunni áfram. Utanríkisráðherrar ESB-ríkjaanna ætla að skjóta á neyðarfundum á þriðjudaginn um yfirvofandi flensufaraldur þegar þeir hittast í Lúxemborg til að ræða alþjóðavískafti.

- shg / Sjá síðu 4

Það dregur til tíðinda því

Í dag

er Dagur byggingar-iðnaðarins í Hafnarfirði!

Kynntu þér dagskrá dagsins í Fréttablaðinu í dag

Tilkynning

Bensínkort og frítrygging

Bensínkort með 50 þúsund króna inneign og frí ábyrgðar- og kaskótrygging; fylgir nú öllum nýjum bílum frá B&L. Ef þú ert í bílahugleiðingum, fæðu þér nýjan Hyundai, Renault, Land Rover eða BMW með kaupauka sem þú færð beint í veskið, að verðmæti allt að kr. 140.000.

*Frí ábyrgðar- og kaskótrygging í 1 ár. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Með bílinn handa þér

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200
Opíu virka 10 til 18 og laugardaga frá 12 til 16



SPURNING DAGSINS

Magnús, er allt að fara í vaskinn?

„Nei, alls ekki.“

Samkvæmt skýrslu OECD er hlutfall virðisaukaskatts af þjóðarframleiðslu hvernig herra en á Íslandi. Magnús Stefánsson er formaður fjárlaganefndar Alþingis.



AÐGERÐUM HÆTT Þessi maður leitaði að börnum í rústum skóla í Muzaffarabad.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Jarðskjálftinn í Kasmír:

Leit hætt að fórnarlömbum

MUZAFFARABAD, AP Björgunarsveitir hættu formlegri leit að fórnarlömbum jarðskjálftans í pakistanska Kasmír í gær en nánast útilokað er að finna fleiri á lífi í rústunum.

Vika er nú liðin síðan jarðskjálftinn reið yfir og er talið að í það minnsta 35.000 manns hafi beðið bana í hamförnunum. „Þetta er nöpur staðreynd en viku eftir skjálftann eru afar fáir enn á lífi í rústunum,“ sagði Jan Egeland, aðstodarframkvæmdastjóri Sam-einuðu þjóðanna. Hann sagði að uppbyggingin á hamfarasvæðunum myndi kosta milljarða og hún tæki mörg ár. ■

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktssdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

Eftirlaunafrumvarpið mun dýrkeyptara en Davíð Oddsson áætlaði:

Kostar 650 milljónir aukalega

ALÞINGI Aukinn kostnaður ríkisins vegna eftirlaunafrumvarpsins, sem tekur til alþingismanna, var um 650 milljónir króna árið 2004, samkvæmt fjársýslu ríkisins.

Þegar Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra og núverandi Seðlabankastjóri, lagði fram frumvarpið árið 2003, áætlaði hann að kostnaðaraukningin yrði um sex milljónir króna á árinu 2004. Bjarni Benediktsson fékk Talnakönnun til að áætla kostnað við lífeyrisskuldbindinguna og tilkynnti Alþingi að hún yrði í besta falli til sjö milljón króna

lækkunar, en í versta falli til 439 milljóna hækkunar.

„Mér finnst það mikilvægt að veita Alþingi réttar upplýsingar, sérstaklega er mikilvægt að vanda til upplýsinga um hagsmunamál okkar þingmanna sjálfra,“ segir Helgi Hjörvar alþingismaður, en hann ætlar sér að taka þetta mál upp í Alþingi á mánudag.

-smk

HELGI HJÖRVAR, ALÞINGISMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR. Helgi átelur Davíð Oddson og sjálfstæðismenn fyrir að hafa ekki kannað til hlýtar kostnaðaraukninguna sem fylgt hefur eftirlaunafrumvarpinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR



Davíð Oddsson:

Ósáttur við Kastljósið

STJÓRN MÁL „Við fengum þær skýringar að Davíð Oddsson væri ósáttur við umfjöllun okkar frá kvöldinu áður og neitaði að koma,“ segir Þórhallur Gunnarsson, stjórnandi Kastljóssins í Ríkissjónvarpinu.

Fyrirhugað var að Davíð Oddsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, yrði gestur í Kastljósi Ríkissjónvarpsins í gærkvöldi en hann afboðaði komu sína.

Í stað Davíðs mátti þar sjá þá Steingrím J. Sigfússon og Björn Inga Hrafnsson, fjalla um setningarræðu Davíðs á landsfundi Sjálfstæðisflokks.

-saj

Hefur öðlast trú á mannkynið á ný

Það á alltaf að leyfa börnunum að njóta vafans og tilkynna um ef minnsti grunur er um að þau séu beitt ofbeldi. Þetta segir Thelma Ásdísardóttir sem hefur hrundið af stað vakningu gegn barnaofbeldi í samfélaginu.

BARNAVERND „Viðbrögðin hafa verið stórkostleg og ég er búin að öðlast trú á mannkynið upp á nýtt.“ Þetta segir Thelma Ásdísardóttir, unga konan sem lagt hefur allt undir í baráttunni gegn kynferðisofbeldi gegn börnum. Nú er liðin vika, og einn dagur til, síðan bók Gerðar Kristnýjar, Myndin af pabba - Saga Thelmu, sem fjallar um ömurlega æsku fimm systra, kom út.

„Síminn hefur ekki stoppað og tölvupósthólfir hefur verið fullt frá því að umræðan fór af stað,“ segir Thelma. „Það virðist vera einhver vakning í gangi og fólk er orðið mjög meðvitað. Þetta hefur farið fram til mínnum björtustu vonum. Ég sagði sögu mína í þeirri von að kannski yrði hún til þess að þoka einhverju fram um smáskref og að hún myndi hvetja fólk til að vera meðvitaðra um börn í vandræðum í kringum sig. En mig óraði ekki fyrir þessari bylgju sem hefur riðið yfir. Þetta er í einu orði sagt æðislegt.“

Thelma segist hafa fundið afar vel undanfarna daga að fólki standi ekki á sama þegar kemur að kynferðisofbeldi gegn börnum. Allir séu ásáttir um að gera eitthvað gott og jákvætt til að leggja þeim lið.

„Það er svo mikilvægt að fólk sé vakandi fyrir þeim börnum sem eru í vandræðum í umhverfi þess og sé ekki óttaslegið við að tilkynna um þau,“ segir Thelma. „Það á alltaf að leyfa börnunum að njóta vafans og tilkynna ef minnsti grunur er fyrir hendi. Það er ekki til í dæminu að það fari af stað ein-



THELMA ÁSDÍSARDÓTTIR segir að hamingjan yfir jákvæðum viðbrögðum fólks hafi verið öðrum tilfinningum yfirstærkari.

hverjar nornaveiðar vegna einnar tilkynningar sem ekki reynist á rökum reist. Það gerist ekki. Það eru ennþá börn þarna úti sem eru í hörkuvandræðum. Hvað ætlum við að gera til að hjálpa þeim? Mig langar ekki að fara út í að benda á fólk úr fortíðinni eða að skamma einhvern. Það er ekki tilgangur minn. Hann er að fólk sé og verði meðvitað og vakandi.“

Spurð um hvort erfitt hafi verið að ræða atburði eigin æsku á opinskáan hátt í fjölmiðlum

segir Thelma að hamingjan yfir viðbrögðum fólks hafi verið öðrum tilfinningum yfirstærkari. Þá hafi hún undirbúið sig vel fyrir umræðuna enda eigi hún gott bakland hjá Stígamötum.

„Ég vil koma á framfæri kærur þakklæti til allra sem hafa haft samband við mig,“ segir Thelma. „Það hefur verið ofsalega gefandi og veitir mér mikinn styrk til að halda áfram að trú á það sem ég er að gera.“

jss@frettabladid.is



ÖRYGGIÐ Í FYRIRRÚMI Mikill viðbúnaður er vegna kjörfundarins enda má búast við að uppreisnarmenn reyni að spilla fyrir atkvæðagreiðslunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þjóðaratkvæðagreiðsla í dag:

Súnníum sýnd banatilræði

BAGDAD, AP Uppreisnarmenn í Írak beindu í gær spjótum sínum að leitotugum súnnísk stjórnmálaflokks sem lýst hefur stuðningi sínum við drög að stjórnarskrá landsins. Fimm tilræði voru fram- in gegn þeim í gær en enginn slas- aðist í árásumum.

Írakar greiða atkvæði um drögin í dag og búast stjórnmála- skýrændur heldur við að þau verði samþykkt. Sjáklærkar létu þau boð út ganga í gær að Ali Sistani, eriklerkur og áhrifamesti maður Íraks, legði blessun sína yfir plaggið og mun það eflaust veiga þungt á metunum. ■

Íslensk stúlka í Englandi:

Dómur fellur á mánudag

DÓMSMÁL Dómur verður kveðinn upp á mánudag í máli íslensku stúlkunnar sem handtekin var í Englandi í maí á þessu ári fyrir að smygla 109 grömmum af kókaíni til landsins frá Hollandi.

Stúlkán, sem er sautján ára, á yfir höfði sér allt að fimmtán ára fangelsi þegar tillit er tekið til magnsins. Stúlkán hafði dvalið í Brighton og að eigin sögn komist þar í kynni við menn sem töldu hana á að flytja fyrir sig peninga milli landa sem síðan reyndust vera eiturlyf. DV greinir frá. -saj

Sálfræðiúttekt á samskiptum yfirmanna Landmælinga Íslands við starfsfólkið:

Átta manns hafa sagt upp

ATVINNUMÁL Átta háskólamenntaðir starfsmenn hafa sagt upp hjá Landmælingum Íslands síðan í vor, en þar starfa um 35 manns. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fer nú fram sálfræðiúttekt á samskiptum yfirmanna Landmælinga við undirmenn.

Stofnunin tók upp nýtt skipurit 1. maí og kom uppsagnahrinan í framhaldi af því. Í samtali við Fréttablaðið mundi Magnús Guðmundsson, forstjóri Landmælinga, einungis eftir sex starfsmönnum sem sagt hafa upp á þessu ári.

„Það er bara eins og gengur og gerist hjá ríkisstofnunum, það er mikið um að vera á vinnu- markaðnum og að mínu mati er þetta ósköp eðlilegt,“ sagði hann og bætti við að niðurskurður á ríkis- fjárveitingum veldur því að ekki



MAGNÚS GUÐMUNDSSON, FORSTJÓRI LANDMÆLINGA ÍSLANDS Átta manns hafa sagt upp hjá Landmælingum Íslands síðan í vor og fer nú sálfræðiúttekt fram á stofnuninni.

hefur verið ráðið aftur í stöður þessa fólks.

Stéttarfélag hafa staðið fyrir því að tveir sálfræðingar rannsaka nú vinnustaðinn og eiga þeir að skila frá sér skýrslu um málið

síðar í þessum mánuði.

„Þetta er eitthvað sem stéttarfélagin ákváðu, en ekki í neinu samráði við mig. Þau sögðu mér frá því en svo veit ég ekkert meir,“ sagði Magnús.

-smk

13. – 16. október 2005



KRINGLU KAST



Fimmtudagur
10.00 til 21.00

Föstudagur
10.00 til 19.00

Laugardagur
10.00 til 18.00

Sunnudagur
13.00 til 17.00

Veitingastaðir
og Kringlubíó
eru með opið
lengur á kvöldin.

20^{til} 50%
afsláttur
af nýjum vörum

Opið

10 – 18 í dag



Nýtt kortatímabil

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

GENGIÐ

GENGI GJALDMIBLA 14.10.2005

KAUP SALA

	Bandaríkjadalur USD	61,12	61,42
	Sterlingspund GBP	106,9	107,42
	Evra EUR	73,25	73,65
	Dönsk króna DKK	9,811	9,869
	Norsk króna NOK	9,361	9,417
	Sænsk króna SEK	7,784	7,83
	Japanskt jen JPY	0,532	0,535
SDR		XDR	88,13 88,65

Gengisvísitala krónunnar
102,9773

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Opinberar byggingar í Haag umkringdar lögreglumönnum:

Sjö manns teknir höndum

HAAG, AP Hollenskir lögreglumenn umkringdu mikilvægar stjórn-sýslubyggingar í höfuðborginni Haag í gær vegna gruns um að hryðjuverk væru í uppsiglingu. Ráðist var inn í hús og sjö manns handteknir í tengslum við málið.

„Ég heyrði mikla sprengingu og hélt hreinlega að veggurinn myndi hrynja hjá mér,“ sagði kona af norður-afrískum uppruna í gær en þá var nágranni hennar handtekinn. Hún sá grímuklædda lögreglumenn draga manninn út og hafði verið bundið fyrir augu hans. Barn grét í íbúð hans.

Sex manns til viðbótar, á aldrinum 18-30 ára og allir úr hópi

innflytjenda, voru einnig teknir höndum í samhæfðri aðgerð lögreglunnar í Amsterdam, Haag og Almere og verða þeir leiddir fyrir dómara á mánudaginn. Á meðal hinna handteknur var Samir Azzouz, níttján ára, sem á dögumum var sýknaður af ákærum um að ráðgera hryðjuverkaárás vegna skorts á sönnunargögnum.

Um svipað leyti umkringdu tvær tylftir lögreglumanna þinghúsið í Haag og upplýsingaskrifstofur ríkisstjórnarinnar. Allt var þó með kyrrum kjörum og virðist ljóst að ef hryðjuverk voru á annað borð í bígerð þá var þeim afstýrt.

- shg



VERULEGUR VIÐBÚNAÐUR Lögregla gætti þinghússins og upplýsingaskrifstofa ríkisstjórnarinnar í Haag í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stakk pilt á menningarnótt:
Verður áfram í gæsluvarðhaldi

LÖGREGLA Framlengt hefur verið til 25. nóvember gæsluvarðhaldi yfir pilti sem játað hefur að hafa stungið annan á menningarnótt í Reykjavík í ágúst.

Hörður Jóhannesson, yfirlög-regluþjónn í Reykjavík, segir málið standa þannig að pilturinn sé grunaður um að hafa stungið tvo um nóttina og að rannsókn haldi áfram.

Í skjölum sem lögð voru fyrir Hæstarétt vegna fyrri gæsluvarðhaldsúrskurðar kemur fram að pilturinn vilji ekki kannast við að hafa stungið nema einn og neiti því að auki að hafa lagt til hans tvisvar.

-óka



TÁKNR/EN MÓTMÆLI Sumir andófsmanna létu mála ástralska fánann á rass sér.

MYND/AP

Ástralar gagnrýndir:

Sagðir níðast á lömbum

BÚDAPEST, AP Félagar í dýraverndunarsamtökunum PETA komu saman í Búdapest, höfuðborg Ungverjalands, í gær og mótmæltu meðferð Ástrala á sauðfé.

Talsmaður PETA gagnrýnir Ástrala fyrir að skera af skinnfellingar sem myndast við afturendann á lömbum, en ormar og flugur koma sér þar gjarnan fyrir. Afskurðurinn er bannaður í Evrópu enda veldur hann dýrunum talsverðum sársauka.

250 milljónir lagðar til hliðar:

Skuldfært fyrir sekt Skeljungs

OLÍUSAMRÁÐ Hagar, eignarhaldsfélag olíufélagsins Skeljungs, hafa skuldfært hjá sér 250 milljónir króna í ársreikningi síðasta árs vegna sektar fyrir olíusamráð. Allt umfram þá upphæð sækir félagið til fyrri eigenda Skeljungs.

Fram kemur í ársreikningnum að Skeljungur hafi verið sektaður um 450 milljónir króna og að sú sekt hafi verið greidd í maí síðastliðnum, en félagið hefur kært þá sekt samkeppnisfyrivalda og er það mál í meðförum dómstóla.

-óka

Hert eftirlit í Leifsstöð vegna fuglaflensu

Yfirdýralæknir hefur beðið um hert eftirlit í Leifsstöð vegna fuglaflensu sem er að breiðast út. Landbúnaðarráðuneytið gaf í gær út herta reglugerð um innflutning á fuglum og hvers kyns fuglaafurðum.

HEILBRIGÐISMÁL Yfirdýralæknir, Halldór Runólfsson, hefur sent sýslumannsembættinu á Keflavíkflugvelli beiðni um hert eftirlit í Leifsstöð vegna fuglaflensu. Þá hefur embættið sent frá sér yfirlýsingu þar sem fólk er bent á að gæta yftrustu varúðar á ferðalögum sínum erlendis.

Fuglaflensa hefur verið staðfest í Tyrklandi, Rúmeníu, Rússlandi og Kasakstan að undanfögnu. Áður hafði hún verið staðfest í Víetnam, Tælandi, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Kína, Pakistan, Norður-Kóreu og Hong Kong.

„Nú er mjög mikilvægt á næstu misserum og árum að fólk láti sér ekki detta í hug að leika sér að eldinum með því að smygla hráu fuglakjöti og lifandi fuglum inn í landið, sama hvaðan það er,“ segir Halldór. „Það er gildandi algjört bann við slíkum innflutningi, svo og lifandi dýrum almennt og hráu kjöti. Eftirlitsaðilar í Leifsstöð eru náttúrulega mjög vakandi fyrir þessu. Það er góð samvinna milli



HALLDÓR RUNÓLFSSON yfirdýralæknir bendir fólk á að gæta yftrustu varúðar.



RÚMENÍA Fuglaflensan hefur verið staðfest í 14 löndum. Íslenska landbúnaðarráðuneytið gaf í gær út herta reglugerð um innflutning.

okkar um þessi mál.“ Yfirdýralæknir segir enn fremur að haffinn sé undirbúningur skimunar á alifuglum, innan dyra og utan, svo og farfuglum hér á landi. Verið sé að skipuleggja þá vinnu þessa dagana.

„Endur og gæsir eru helstu hýslarnir,“ segir yfirdýralæknir. Spurður um hvort einhver hætta geti stafað af því að meðhöndla eða neyta gæsa- og andakjöts segir hann það ekki vera svo „þetta haustið“. „Við vitum hins vegar ekkert hvernig málin þróast, þannig að staðan getur verið orðin breytt strax í vor. Við viljum beina þeim

tilmælum til veiðimanna að þeir láti vita, annað hvort til yfirdýralæknis eða síns héraðsdýralæknis, ef þeir verða varir við veika fugla. Við myndum líta á veiðimenn sem okkar bandamenn ef eða þegar þar að kemur. En í haust er það ekki á döfinni.“ Evrópusambandið hefur sett bann á innflutning til aðildarlanda sinna á lifandi fuglum, eggjum, hráu fuglakjöti og hvers kyns fuglaafurðum frá 14 löndum þar sem fuglaflensa hefur verið staðfest, að sögn Halldórs. Hann bætir við að samsvarandi reglugerð hafi nú verið gefin út af landbúnaðarráðuneytinu hér.

jss@frettabladid.is

Stjórnláus helgi í Noregi:

Ný stjórn á mánudaginn

ÓSLÓ, AP Ný samsteypustjórn vinstriflokkar tekur formlega við embætti í Noregi á mánudag, en miðju-hægri stjórn Kjells Magne Bondevik sagði af sér í gær.



JENS STOLTENBERG

sem árið 2000 varð yngsti forsætisráðherra í norski stjórn-málasögu sem leiðtogi skammlifrar minnihlutastjórnar Verkamannaflokksins, mun fara fyrir nýju vinstristjórninni, sem Sósíalíski vinstriflokkurinn og Miðflokkurinn standa að ásamt Verkamannaflokknum.

Stoltenberg kynsir ríkisstjórn sína síðdegis á mánudag. Meðal fyrstu aðgerðanna sem Stoltenberg hefur boðað að nýja stjórnin hrindi í framkvæmd er að kalla alla norska hermenn heim frá Írak en þar eru nú 20 Norðmenn. - aa

Fjölskipaður Hæstiréttur:

Lífeyrissjóður var sýknaður

DÓMSMÁL Hæstiréttur féllst ekki á kröfu fyrrverandi bankastarfs-manns um að breyting á reglugerð um lífeyrissjóðslur hefði svipt hann áunnum réttindum.

Fyrir gildistöku reglugerðar í árslok 1997 var miðað við laun eftirmanns, en vísitölu neysluverðs á eftir. Maðurinn krafði Lífeyrissjóð bankamanna um mismuninn.

Dómurinn sagði breytinguna hafa verið almenna og í raun deilt um hvort heimilt hafi verið að breyta aðferð við að verðtryggja réttindi sjóðsfélaga. Dóminn skipaðu Markús Sigurbjörnsson, Garðar Gíslason, Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Gunnlaugur Claessen. Tveir síðastnefndu dómarnir skiluðu séráliti og töldu lengra hafa verið gengið í skerðingu en hjá öðrum starfsmönnum ríkisins. -óka

Halldór í Hollywood

HOLLYWOOD

“Ég þoli ekki smáu staðhættina!”

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

VEÐURSPÁ

um hádegis »

Guðrún Arnardóttir Náttúrufræðingur

Rigning viðast hvar
Það má búast við að helgin verði vindasöm og vætusöm. Í dag verður sunnan strekkingur víða um land og rigning viðast hvar. Það má búast við talsverðri rigningu fram eftir degi á SA-landi, en það dregur úr úrkomunni þegar líður á kvöldið. Ekki er þetta spennandi veður, en þessu fylgja þó talsverð hlýndi og ætti hitinn að komast í 15 stig á landinu í dag.

HORFUR Í HÖFUÐBORGinni
Suðaustan kaldri og rigning fram eftir degi. Dregur þó eitthvað úr vætu með kvöldinu og lygnir eitthvað.

» á morgun

Austan kald, jafnvel strekkingur vestanlands en heldur hægari austanlands. Rigning SA-lands.

» mánudagur

Nokkuð stíf austanatt og víða einhver væta.

Kaupmannahöfn	12°C heiðskirt	Paris	16°C heiðskirt	Alicante	23°C heiðskirt
Oslo	2°C heiðskirt	Berlín	17°C heiðskirt	Milano	22°C heiðskirt
Stokkhólmur	9°C heiðskirt	Frankfurt	14°C heiðskirt	New York	22°C rigning
Helsinki	9°C heiðskirt	Madrid	16°C heiðskirt	San Francisco	19°C léttskýjað
London	17°C heiðskirt	Barcelona	19°C heiðskirt	Orlando/Florida	30°C heiðskirt

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkomar eru táknud með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Ótrúlegt verð

Einungis fánlegt í Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri

Nýtt
kortatímabil

Hágæða örpunn sjónvarpstæki



42" Plasma Breiðtjaldssjónvarp

- 42" Plasma skjár • Upplausn 852x480 (VGA, SVGA, XGA) með skerpu 3000:1 • Birta: 1000 cd/m² • Progressive scan HDTV Ready
- 2x10w nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum • Sjónsvið (H/V): 160/160° • 2 scart tengi, DVI-D og PC tölvutengi component (YPbPr/YCbCr) • Mynd í mynd (2 tunerar) • Textavarp • Fjarstýring • Borðstandur fylgir • Stærð (bxhxd): 124,7x64,5x8,5 (með hát.)
- Stærð (bxhxd): 105,5x64,5x8,5 (án hát.) • Þyngd: 39kg



Philips 42" Plasma Sjónvarp

- 42" ED Plasma Skjár • Upplausn 852x480 (VGA, SVGA, XGA, SXGA) með Skerpu 10.000:1
- Digital Crystal Clear og Progressive Scan • Sjónsvið (H/V): 160/160° og birtustig: 1500 cd/m²
- HDTV Ready (480p, 576p, 720p og 1080i) • Active Control með ljósskynjara - minnkar glampa
- 2x30w Nicam Stereó Hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround • 6 Breiðtjaldsstillingar • 2 Scart tengi og PC Tenging (DVI) • SVHS, RCA og Heyrnartólstengi • Textavarp með 10 síðna minni
- Svefnrofi, Barnalæsing og Fjarstýring • Borðstandur fylgir • Veggfesting: Vogles EFW2001 (fylgir ekki) • Mál í cm (bxhxd): 124x68x10,4 og Þyngd: 38kg



United 32" HD LCD Breiðtjaldssjónvarp

- 32" HD LCD skjár • Upplausn 1366x768 (VGA, SVGA, XGA) með progressive scan
- HDTV ready (styður 720p og 1080i) • Skerpa:800:1 og birta: 550 cd/m²
- Svartími: 12ms og sjónsvið (H/V): 170°/170° • 2x10w hljóðkerfi með 2 hátölurum
- 2 scart tengi, component (YPbPr) PC tengi (DVI-D og VGA) • AV og heyrnartólstengi að framan • Mynd í mynd (2 tunerar) • Textavarp • Fjarstýring • Mál í cm (bxhxd): 93,6x56,2x11

Gildir til 24. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN

Vinna Íslendingar of mikið?

Já 77%

Nei 23%

SPURNING DAGSINS

Óttastu að fuglaflensan berist til Íslands?

Menntamálaráðherra segir fjölmiðlum beitt einhliða og vill samstöðu um lög:

Atburðarásin kallar á lög

STJÓRNMÁL Í fyrirsprungartíma á landsfundi Sjálfstæðisflokksins í gær vísaði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra til þverpólitískrar samstöðu sem náðst hefur í fjölmiðlanefnd á hennar vegum. „Það ánægjulega gerðist að allir flokkar viðurkenna nú - og í ljósi atburða undanfarinna vikna þorir nú enginn að fara gegn því - að það þurfi að setja hér lög um fjölmiðlun.“

Þorgerður Katrín var spurð hvort hún teldi Davíð Oddsson hafa sagt ósatt um misnotkun fjölmiðla í setningarræðu á landsfundinum.

„Ég gat ekki notað orðið misnotkun í þessu samhengi. Engu að síður er það alveg deginum ljósara af minni hálfu að þessum fjölmiðlum hefur verið beitt einhliða af hálfu eigenda blaðsins. Það er alveg á hreinu,“ svarar Þorgerður.

Þorgerður Katrín segir málið erfitt og telur mikilvægt að ná sátt um dreifða eignaraðild. Hún hefur sagst vilja leggja skýrslu fjölflokka-nefndarinnar til grundvallarlagasetningu en Davíð Oddsson hefur sagt í Morgunblaðsviðtali að slík ráðstöfun yrði verri en ekkert.



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR „Í ljósi atburða undanfarinna vikna þorir nú enginn að fara gegn því að það þurfi að setja hér lög um fjölmiðlun.“

Ný njósnastofnun:

Njósnæð verður á vettvangi

BANDARÍKIN Bandaríkjastjórn hefur komið á fót nýrri njósnastofnun sem samhefa á allar njósnir í útlöndum. Stofnunin hefur verið nefnd National Clandestine Service NCS og heyrir undir CIA, leyniþjónustu Bandaríkjanna.

Í nýju stofnuninni verður áhersla lögð á eiginlegar persónunjósnir á vettvangi í stað hátækniþjónustu úr fjarlægð.

Með því er brugðist við gagnrýni á leyniþjónustuna sem hvorki tókst að koma í veg fyrir árársirnar 11. september 2001 né átta sig á stöðu geryðingarpvopna í Írak.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON Formanni vinstri grænna þykja skeytasendingar Davíðs leiðigjarnar.

Steingrímur J. Sigfússon:

Stappar stálinu í harðlínufólk

STJÓRNMÁL „Davíð Oddsson stappar hér stálinu í hina herskáu línu innan flokksins hvað varðar auðhringi og fjölmiðla. Hann hnykkir á andstöðu við Evrópusambandið,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður vinstri grænna.

Hann segir skeytasendingar milli Davíðs og formanns Samfylkingarinnar vera leiðigjarnar og á lágu plani. „Það hefði að ósekju mátt sleppa því að hella olíu á þann eld. Þjóðin er þreytt á þessu,“ segir Steingrímur. - *sj*

HÉRAÐSDÓMUR

GJALDKERI SÝKNAÐUR Gjaldkeri húsfélags í Hafnarfirði var í gær sýknaður af ákæru um að hafa dregið sér rúmlega 740 þúsund krónur úr félaginu og nýtt í eigin þágu. Engin gögn lágu fyrir í málinu og taldi dómurinn ósannað að maðurinn hefði ekki notað peningana til að greiða fyrir framkvæmdir í húsinu, líkt og hann hélt fram.

Skattahækkunartaug vinstri manna römm

Davíð Oddsson sagði í setningarræðu landsfundar Sjálfstæðisflokksins að skattahækkunartaug félagshyggjunnar væri römm. Einnig kvað við gagnrýnninn tón í ræðunni um mannréttinda- og umhverfismál.

STJÓRNMÁL Davíð Oddsson, fráfari formaður Sjálfstæðisflokksins, gagnrýndi félagshyggju í setningarræðu sinni á landsfundi Sjálfstæðisflokksins og kvað talsmenn hennar vilja skattahækkanir.

„Ég heyrði á dögnum að formaður Samfylkingarinnar vilji nú hækka fjármagnstekjuskattinn. Það kom mér ekki á óvart. Berlínarmúrinn er löngu fallinn en þeir múrar sem hugmyndaheimur Samfylkingarinnar hrist innan standa greinilega enn óbrotinir... Hún er nefnilega römm skattahækkunartaugin er dregur rekka til föðurtúna félagshyggjunnar,“ sagði Davíð.

Hann kvaðst vilja lækka skatta þegar færi gæfist og auka þar með hlutinn sem vinnandi menn héldu eftir af aflafé sínu. „Vinstri menn mega ekki sjá skatt án þess að vilja hækka hann.“

Davíð vék orðum að dómsmálum og gat þess að í sinni tíð hefðu verið sett stjórnisýslulög og upplýsingalög. „Sjálfstæði dómstól-



LANDSFUNDUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS í setningarræðu sinni gagnrýndi Davíð Oddsson vinstrimenn fyrir skattahækkunaráttu.

anna er fullkomlega tryggt. Við höfum lögfest mannréttindasáttmála Evrópu og þannig gert hann jafngildan íslenskum lögum - að vísu með þeirri afleiðingu sem Magnús heitinn Óskarsson orðaði þannig að bilaðir menn jafnt sem óbilaðir beri hann nú fyrir sig af minnsta tilefni.“

Davíð sagði Kyoto-samþykktina um varnir gegn gróðurhúsáhrifum byggða á afar ótraustum vísindalegum grunni en viðleitnin með sáttmálanum væri örugglega í rétta átt. Sjálfstæðismenn hefðu tekið fullan þátt í umræðunni um hlýnun jarðar. „Því miður hefur sú umræða á köflum verið borin uppi af óræðri tilfinningasemi og

í versta falli innantómum áróðri fremur en rökum.“

Davíð tók dæmi af fréttum um að hlýnun jarðar kynni að valda breytingum á Golfstraumnum. „Svo birtist nýlega frétt, þó miklu fyrirferðaminni, þar sem vísindamenn kynntu þá niðurstöðu sína að allt benti til þess að þrátt fyrir hugsanlega hlýnun á norðurslóðum myndi Golfstraumurinn halda áfram sínu hringsóli. Þessi litla saga kennir að vísindin verða að fá frið og tíma til að nálgast niðurstöður í flóknum málum... Æsinga- og öfgamenn eiga ekki að fá að ráða þessari umræðu frekar en annarri,“ sagði Davíð.

johannah@frettabladid.is



GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON Formaður frjálslyndra er undrandi á Davíð Oddssyni.

Guðjón Arnar Kristjánsson:

Undrandi á ræðunni

STJÓRNMÁL „Ég er nú hálf undrandi á honum Davíð Oddssyni og hvernig hann orðar kveðjur til margra svona í lok ferils síns,“ segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins.

Hann segist almennt undrandi á ræðu Davíðs, en hafi þó ekki haft tækifæri til þess að kynna sér hana náð en hann hafi heyrt og séð til Davíðs í fjölmiðlum.

- *sj*



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Framtíð varnarliðsins rædd:

Viðræður á ný eftir helgina

STJÓRNMÁL Viðræðum um framtíð bandaríska varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli verður fram haldið í Washington í næstu viku.

Þetta kom fram í máli Geirs H. Haarde utanríkisráðherra í fyrirsprungartíma á landsfundi Sjálfstæðisflokksins í gær. Geir þakkadi Davíð Oddssyni fyrirvarandi utanríkisráðherra að loftvarnir yrðu áfram í landinu. Mest um vert væri nú að komast að niðurstöðu um skiptingu kostnaðar við rekstur flugvallarins. - *jh*

Svikahraupur reynir að blekkja íslenska banka:

Falsaðir milljóndollara seðlar

FJÁRSVIK Erlendur maður hefur undanfarna mánuði reynt að blekkja íslenska banka með fölsuðum bandarískum milljóndollara seðlum.

„Þetta er mjög ævintýrlegt, seðlarnir eru mjög vel falsaðir, þetta er allt mjög faglega gert,“ segir Arnar Jensson, aðstoðaryfirlögregluþjónn Ríkislögreglustjóraembættisins.

Svikahraupurinn, sem hefur aðsetur í Bretlandi, hefur reynt að leggja seðlana fram sem tryggingu gegn lánnum til fjárfestinga. Milljón dollara seðlar eru ekki til, en til eru 100.000 dollara seðlar frá 1928, sem þeir fölsuðu eru byggðir á.

Tveir bankar tilkynntu um grunsamleg bankaviðskipti í ágúst, en íslenskum bönkum er skylt að tilkynna yfirvöldum ef



FALSAÐIR MILLJÓNDOLLARA SEÐLAR Erlendur maður hefur reynt að svikja fé út úr íslenskum bönkum með því að leggja fram falsaða milljóndollara seðla sem tryggingu.

MYND/RÍKISLÖGREGLUSTJÓRAEMBÆTTIÐ

grunur leikur á peningabætti. Í samvinnu við lögregluna tókst bankanum að fá 70 seðla frá manninum, og er honum nú kunnugt um að lögreglan er komin í málið. Það er svo á ábyrgð bresku lögreglunnar að handtaka hann. Að sögn Arnars hafa svipuð mál

komandi upp í Austurríki, Bretlandi, Þýskalandi og Ítalíu, og telur lögreglan að maðurinn sé hluti af stærri glæpahring.

Lögreglunni er ekki kunnugt um að bankarnir hafi tapað fé í þessum viðskiptum.

- *smk*

Útdráttur húsbrefa

Dregin hafa verið út bréf í eftirtöldum flokkum:

- 4. flokki húsbrefa 1992 – 48. útdráttur
- 4. flokki húsbrefa 1994 – 41. útdráttur
- 2. flokki húsbrefa 1995 – 39. útdráttur

Innlausn 15. desember 2005

Öll númerin eru birt í Lögbirtingablaðinu.

Upplýsingar um útdregin húsbref má einnig

finna á heimasíðu Íbúðalánasjóðs: www.ils.is

Íbúðalánasjóður - fyrir alla



Íbúðalánasjóður



Fyrir veturinn
erikur og
haustlaukar

4stk
erikur
999

haustlaukar 20-50% afsl.

Rýmingsala

Sigtúni



Allt að
80%
afsl.


blómaval
heillandi heimur

Sigtún - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind



VEISTU SVARIÐ

- 1 Hvenær má byrja að veiða rjúpu?
- 2 Hvað heitir nýi utanríkisráðherra Þýskalands?
- 3 Hverjum þarf Ríkiskaup að greiða bætur vegna gallaðs útbóðs?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Samantekt Landlæknis vegna matareitrunar:

Þrjár hópsýkingar

HEILBRIGÐSIMÁL Þrjár hópsýkingar af völdum matareitruna komu upp í septembermánuði á mismunandi stöðum á landinu, samkvæmt upplýsingum frá landlæknisembættinu.

Fyrsta matareitrunin kom upp um miðjan september í lítilli veislu á Suðurnesjum. Þá veiktust sjö af átta veislugestum með uppköstum skömmu eftir neyslu matvællanna. Einkennin gengu fljótt yfir. Heilbrigðisfulltrúar á Suðurnesjum önnuðust rannsókn á uppruna eitrunarinnar. Grunur vaknaði um mengun í remúlaðisósu.

Næsta matareitrun kom upp á vinnustöðum á Suðvesturlandi, sem fengu mat sendan frá sama stórelldhúsinu. Þar veiktust þar samtals 32 einstaklingar. Helstu einkennin voru niðurgangur, en einkennin gengu yfir í flestum tilfellum innan sólarhrings. Gerð var ítarleg rannsókn á neyslu matvæla þeirra sem sýktust og tekin sýni frá þeim mat sem í náðist. Ekki tókst að sýna fram á uppruna veikindanna.

Þriðja eitrunin kom upp á Austurlandi í skólaeldhúsi þar sem 11 einstaklingar neyttu sama matar, af þeim veiktust sex mjög hastar-



Matareitrun í sumum tilvikum lýsti matareitrunin sér með uppköstum, en einnig niðurgangi og kvíðverkjum.

lega en þrjú fengu vægari einkenni. Einkennin komu nánast um leið og neyslu matvællanna lauk en gengu jafnframt mjög fljótt yfir. Helstu einkenni voru slæmir krampakennir kvíðverkir ásamt ógleði og í einstaka tilfalli niðurgangur.

..jss

Sjórnæingjar á kreiki:

Stálu skipi en skiluðu því svo

SÓMALÍA Sómalskir sjóræningjar sem fyrr í vikunni rændu flutningaskipi sem Matvælahjálpi Sameinuðu þjóðanna hafði á leigu hafa nú séð að sér og skilað fleyinu. Eigandi skipsins segist ekki hafa þurft að greiða neitt lausnargjald.

Sjórán eru alvarlegt vandamál á sómölskum hafsvæðum. Ríkisstjórn landsins er óstarfhæf vegna borgarastyrjaldar og því veður óþjóðalýður uppi. Á síðustu fjórum mánuðum hefur jafnmörgum flutningaskipum verið rænt. Einu þeirra skipa, fullu af mat handa bágstöddum, var haldið í 100 daga áður en ræningjarnir skiluðu því. ■

ég vil hafa það lítið!

við erum alltaf að baka

það er bakarí í öllum búðunum okkar þar sem við bökkum oft á dag

baguette stórt 139 kr. lítið fínt 109 kr. lítið gróft 119 kr.

1011 ...þegar þér hentar



BORGIN KEMBD Rússneskir lögreglumenn með alvæpni ganga um götu í Nalchik í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Yfir hundrað í valnum

Að minnsta kosti 108 menn eru sagðir hafa fallið í átökum íslamskra uppreisnarmanna og rússneskra hermanna í Kákasusborginni Nalchik í gær.

RÚSSLAND, AP Rússneskir her- og lögreglumenn kembdu í gær í gegnum Nalchik, héraðshöfuðborg Kákasushéraðsins Kabardino-Balkariya, í leit að meintum íslömskum uppreisnarmönnum sem á fimmtudag gerðu óvæntar árásir á stjórnsýslubyggingar og lögreglustöðvar í borginni. Að minnsta kosti 108 manns lágu í valnum eftir átökin.

Talsmenn stjórnvalda fullyrtu í gær að öll vopnuð mótstaða hefði verið kveðin niður. Menn hefðu þó áhyggjur af því að vígamenn gætu hafa látið sig hverfa í fjöldann meðal óbreyttra borgara og reynt að ná þar vopnum sínum á ný.

Vladímír Pútín Rússlandsforseti hét því að allar tilraunir til að endurtaka slíkar árásir yrðu kveðnar niður með hörku. En árástirnar sýndu glögglega að uppreisnarátök eru að breiðast frekar út um Kákasussvæðið.

Er talsmenn yfirvalda lýstu

í gær árangursríkum aðgerðum til að uppræta uppreisnarmenn í Nalchik varð ljóst að árásmennirnir hefðu tekið að minnsta kosti 15 gísla í skrifstofum hér og þar í borginni.

Af þeim 108 mönnum sem féllu í átökunum, eftir því sem AP-fréttastofan komst næst, voru 72 árásmenn og 24 lögreglumenn. Ýmsum sögum fór af mannfallinu en að því er héraðsýfirvöld greindu frá létu 18 óbreyttir borgarar lífið og 139 særðust. Um þrjátíu uppreisnarmenn voru handteknir.

Kabardino-Balkariya er vestur af Téténíu, þar sem stríð aðskilnaðarsinnaðra uppreisnarmanna gegn rússneskum yfirráðum hefur staðið í á annan áratug. Í Dagestan, austan við Téténíu, hafa uppreisnarmenn einnig látið áberandi meira að sér kveða á þessu ári.

audunn@frettabladid.is

Bók sem heldur þér í heljargreipum

Við fornleifauppgroft í gömlu miðaldaklaustri í Noregi kemur hópur alþjóðlegra vísindamanna niður á lítið skrin úr skiragulli. Tvö þúsund ára gamalt. Skrínið er harðlæst en fornleifafraeðingarnir vita að það geymir leyndardóma sem kunna að breyta gangi sögunnar ...

GULLSKRÍNIÐ ER FUNDIÐ!
– og það geymir sannleikann sem allir hafa leitað

„Miklu betri en Da Vinci lykilinn.“

Aftenposten

30%
AFSLÁTTUR

Gildir til 31.10.2005.

PERNIA

HELA

Eymundsson



JPU
UPV ÚTGÁFA
www.jpvis

Fyrrum framkvæmdastjóri Fjórðungssambands:

Dæmdur fyrir fjárdrátt

DÓMSMÁL Fyrrverandi framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfjarða hefur verið dæmdur í 10 mánaða fangelsi fyrir að draga sér rúmar 17 milljónir króna á árunum 2002 og 2003.

Maðurinn játaði fjárdráttinn, en hann færði upphæðir til skuldar og endurgreiddi í mörgum greiðslum. Hæst varð skuldin rúmar 5 milljónir. Upplýst var að féð hefði maðurinn endurgreitt að fullu.

Dómurinn, sem kveðinn var upp í Héraðsdómi Vestfjarða, var skilorðsbundinn í þrjú ár.

Lítið var til þess að manningur hefur ekki áður verið gerð refsing og að hann reyndi ekki að leyna fjárdrættinum.

Hins vegar var refsingin þýngd vegna hárrar upphæðar og þess að brotin töldust framin í opinberu starfi.

- óka



Fjárfesting 2006: Hvar verða bestu tækifærin?

Haustfundur Eignastýringar Íslandsbanka

Haustfundur Eignastýringar verður haldinn á Nordica Hótel að Suðurlandsbraut 2, þriðjudaginn 18. október og hefst kl. 20.00.

Sérstakur gestur fundarins er Chris Gessel, aðalritstjóri Investor's Business Daily (IBD) í Los Angeles. Stofnandi og eigandi IBD, William J. O'Neill, er einn kunnasti fjárfestir 20. aldarinnar og varð m.a. kunnur fyrir að ná 2000% ávöxtun á 26 mánaða tímabili. Árið 1984 stofnaði hann IBD sem er dagblað sérstaklega tileinkað fjárfestum. Chris Gessel er einn nánasti samstarfsmaður O'Neills.

Skráðu þátttöku þína á isb.is eða hjá Þjónustuveri Íslandsbanka í síma 440 4000 fyrir kl. 12.00, þriðjudaginn 18. október.

Fundurinn er öllum opin en sætafjöldi er takmarkaður. Boðið verður upp á kaffiveitingar fyrir fundinn.

Húsið opnar kl. 19.30.



Dagskrá

Haukur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptabankasviðs, setur fundinn.



How to Succeed With Investor's Business Daily and CAN SLIM?

Chris Gessel, aðalritstjóri IBD.



Hvar eru tækifærin á íslenska markaðnum 2006?

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Eignastýringar Íslandsbanka.

Fundarstjóri: Dr. Sigurður B. Stefánsson, sjóðstjóri Reykjavík Global Hedge Fund.



ÍSLANDBANKI | 100%

Neyðarhjálp vegna jarðskjálftanna í Pakistan

sími **907 2002**hringdu núna í síma **907 2002** og 1.100 kr. færast sjálfkrafa af símareikningi þínumHjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

Lærðu að njóta vínsins!



Gerðu góðar stundir enn betri. Í þessari nýju bók getur þú fræðst um allt sem við kemur víni og vinnmenningu.

- Af hverju eru ólík hvítvín borin fram við mismunandi hitastig?
- Hversu miklu skiptir að drekka úr réttum glösum?
- Hvaða máli skipta mismunandi vínþrúgur?
- Hvað segir lögum flöskunnar og flöskumiðinn um vínið?
- Hver er munurinn á víni frá köldum og heitum vinnræktarlöndum?

Auk þess að greina frá því hvernig vín verður til, hvernig beri að geyma og bera það fram, býður höfundurinn lesendum í vinnsmökkunarferð heimshorna á milli þar sem borin eru fram vinn frá ólíkum vinnræktarsvæðum.



edda.is

NISSAN X-TRAIL



SKIPT_ um væntingar



EKKI FESTAST Í FRAMTÍÐINNI!

X-Trail Sport
Verð 2.690.000.-

Sjálfskiptur, álfelgur, spoiler, nagladekk og 3 drifstillingar.



Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opil: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

Bandarískur sendiherra um öryggisráðið:

Stækkun ólíkleg

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP John Bolton, sendiherra Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum, spáði því opinberlega í gær að sú tilraun sem í gangi væri til að fjölga aðildarríkjum öryggisráðs SP myndi fara út um þúfur.

Bandarísk stjórnvöld myndu aðeins styðja að stækka ráðið upp í 19 eða 20 aðildarríki, úr 15 nú. Margar aðrar aðildarríki samtakanna - þar á meðal Ísland sem sækist eftir setu í ráðinu árið 2009-2010 - styðja hins vegar stækkun ráðsins upp í 25 þjóðir og jafnvel fleiri, til að það endurspegli



JOHN BOLTON Sendiherra Bandaríkjanna hjá SP talar í Lundúnum í gær.

betur raunstöðu alþjóðakerfisins á 21. öld. Í ræðu um umbætur á Sameinuðu þjóðunum sem Bolton flutti hjá hugveitunni Chatham House í Lundúnum sagði hann svo mikla stækkun ráðsins ekki kunna góðri lukku að stýra; hún myndi gera það óskilvirkara.

-aa



ÖFGNÓTT FIÁR Tíðaríarið á Suðurlandi undanfarnar vikur gerir það að verkum að margir bændur hafa neyðst til þess að setja sláturfé sitt á gjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sláturfé er sett á gjöf

Sunnlenskir bændur hafa nú sláturlömb sín á gjöf og bíða óvenju mörg lömb slátrunar. Þeir eru uggandi um hvort hægt verði að slátra hrútlömbunum áður en þau verða kynþroska.

BÚFÉ „Það er snjór yfir öllu, og við þurfum að fara að gefa sláturlömbunum,“ segir Lovísa Ragnarsdóttir, bóndi á Hemlu í Rangárvallasýslu. Lovísa er búin að senda um 140 lömb í sláturhúsið, en á 70 eftir. „Við ætlum að setja rúllu út, og reyna að komast hjá því að taka féð inn strax.“

Fæstir bændur gera ráð fyrir að gefa þurfi sláturfé, og svona ástand getur komið sér illa fyrir bændur.

Sláturhúsinu á Kirkjubæjar-klaustri var lokað í haust, en sláturlömbum hefur þó ekki fjölgað mikið á Selfossi, vegna niðurskurðar á fé í fyrra, að sögn Hermanns Árnasonar, stöðvarstjóra Sláturfélags Suðurlands á Selfossi.

„Við bregðumst við þessu ástandi nú bæði með því að slátra fleiri skepnum í hverri viku og svo munum við vinna eitthvað á

laugardögum til að létta á pressunni, því auðvitað er Sláturfélagið ekkert annað en félag bænda og við gerum allt sem við getum til að greiða götu þeirra,“ segir Hermann.

Ágúst Rúnarsson, bóndi í Vestra-Fíflholti er búinn að senda 250 lömb til slátrunar, og um 200 bíða enn. „Það er ekki mjög víða á landinu sem menn geta geymt lömbin við góðar aðstæður á þessum tíma árs, nema hreinlega að taka þau inn, og þá er það ekki alltaf við æskilegar aðstæður,“ segir Ágúst. Hann bætir því við að sauðfjárbændur verði að aðlagast lengri sláturtíð en áður tíðkædist, því hún sé í hag bænda þar sem lengri sláturtíð þýði að neytendur geta keypt ferskt kjöt fram til jóla, sem aftur gefur bændum hærri verð fyrir skerpunnar.

smk@frettabladid.is

Fíkniefnamál í Kópavogi:

Fjórir handteknir

LÖGREGLUMÁL Talsvert magn af fíkniefnum, það er að segja amfetamíni, e-töflum, kannabisefnum, ofskynjunarsveppum, læknaþyfum og sterum, fundust við húsleit lögreglu í vesturbæ Kópavogs í fyrrinótt. Fjórir menn voru handteknir og er málið enn í rannsókn. Að sögn lögreglunnar í Kópavogi höfðu

þeir grun um að eitthvað misjafnt færi fram í húsinu og var því afráðið að leita með fyrrgreindum árangri.

Í húsinu fannst einnig mikið af áhöldum sem notuð eru við neyslu.

Lögreglan naut liðsinnis tollgæslunnar og leitahunds hennar í þessari leit. -jse



Góð ávöxtun vegur þungt

– og þar erum við á toppnum!

ÁVÖXTUN SÍÐUSTU 12 MÁNUÐI

Ríkisskuldabréfasjóður ÍV	7,3% ¹⁾
Skuldabréfasjóður ÍV	9,4% ¹⁾
Peningamarkaðssjóður ÍV	8,6% ¹⁾
Hlutabréfasjóður ÍV	21,2% ²⁾
Heimssjóður ÍV	20,0% ^{1) 3)}

Sjóðir Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf.

¹⁾ Verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003

²⁾ Fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 sem hefur rými heimildir

tíl fjárfestinga en verðbréfasjóður og þar með er hann í eðli sínu áhættumeiri fjárfesting

³⁾ Ávöxtun sjóðsins er miðuð við grunnmynt hans sem er USD.

Sjóðir í sölu hjá Ísenskum verðbréfum hf. skilðu góðri ávöxtun síðustu 12 mánuði eins og sjá má hér að ofan.

Athyggi fjárfesta er vakin á því að nálgast má útboðsiýsingu og útdrátt úr útboðsiýsingu hjá Ísenskum verðbréfum hf.

Skoðaðu nánar á síðu Lántrausts hf., www.sjodir.is
Hlutlaus aðili - réttur samanburður.

Ísensk verðbréf hf. er eina sérhæfða fyrirtækið á sviði eignastýringar á Íslandi og stýrir í dag um 70 milljörðum króna fyrir hönd fjárfesta.

Skoðaðu heimasíðu okkar www.iv.is

Eignastýring er okkar fag!



ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!

skoðun

SJÓNARMÍÐ
GUDMUNDUR MAGNÚSSON

Um land allt er fylgst með landsfundi Sjálfstæðisflokksins:

„Hátt ber að stefna“

Eftir hina makalausúppákomu fimmtudagsins fór landsfundur Sjálfstæðisflokksins í hefðbundinn farveg í gær með skýrslum, fyrirspurnatíma og nefndastarfi. Í dag hefjast síðan umræður um ályktanir fundarins og á morgun verður ný forysta valin. Virðist einsýnt að Geir H. Haarde verður kjörinn formaður með yfirburðum og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir varaformaður. Innan Sjálfstæðisflokksins sem utan binda menn vonir við að þeim takist að endurheimta álit og virðingu flokksins sem beðið hefur hnekkni í hinna einkennilegu gjörningahríð íslenskra stjórn mála undanfarinna mánaða.

Davíð Oddsson fékk einstakt tækifæri til að kveðja stjórn málin með reisu. Í staðinn kaus hann að flytja ræðu sem lengi verður í minnum höfð fyrir smekkleysi og smásálarþak. Ummæli hans um mannréttindi voru stórfurðuleg. „Við höfum lögfest mannréttindasáttmála Evrópu og þannig gert hann jafngildan íslenskum lögum,“ sagði hann, en bætti síðan við að þetta hefði að vísu haft þá afleiðingu „að bilaðir menn jafnt sem óbilaðir beri hann nú fyrir sig af minnsta tilefni“. Kannski hljómar þetta fyndið í þröngum hópi „innvígðra og innmúraðra“, ekki síst í samhengi við heitasta mál líðandi stundar, en fyrir flesta aðra er svona tal úr munni manns, sem vill láta taka mark á sér, óviðeigandi, svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Á landsfund sjálfstæðismanna kemur fólk alls staðar að landinu og úr flestum þjóðfélagsstéttum, fólk með reynslu, þekkingu og menntun. Þetta eru öflugar samkomur sem við rétt skilyrði geta og hafa verið bæði skapandi og þjóðfélagsbættandi. Því miður benda þær tillögur sem nú liggja fyrir fundinum ekki til þess að innan raða Sjálfstæðisflokksins hafi að undanförunum farið fram öflugt málefna starf. Flest er þar í hefðbundnum farvegi miðjumóðsins og lítið fer fyrir frjóum og frumlegum hugmyndum eða skýrri framtíðarsýn. „Hátt ber að stefna“ eru einkunnarorð fundarins en þeirrar hugsunar sem þau gefa fyrirheit um hefur enn ekki orðið vart í Laugardagshöllinni. Vel má vera að hér gæti þrúgandi andrúmslofts pólitískrar réttlínuhugsunar sem gjarnan einkennir stjórn mála flokka sem lengi hafa búið við öflugra og ráðríka forystu.

Við þessar aðstæður var ánægjulegt að heyra einn af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, Ástu Möller, sýna það hugrekki og sjálfstæði að hvetja til pólitísks samstarfs sjálfstæðismanna við Samfylkinguna á sama tíma og fráfarandi formaður lýsti Samfylkingunni með orðum sem eiga sér fáar hliðstæður í stjórn mála umræðum síðustu ára. Ummæli Ástu féllu að vísu utan landsfundar en þau hafa ekki minni þýðingu fyrir það. Vonandi hefur hún styrk til að endurtaka þau á fundinum sjálfum, þótt ekki væri nema til þess að hringja þannig inn með sínum hætti á réttum vettvangi nýja tíma þegar flokksmenn geta óttalausir sagt hug sinn allan, prófað hugmyndir í opinskáum rökræðum og barist fyrir framgangi þeirra.

Allir landsfundarfulltrúar hafa málfrelsi, tillögurétt og atkvæði. Það væri dapurlegt ef þeir notfærðu sér ekki það einstæða tækifæri sem þeir hafa til að sýna kjósendum í landinu að einkunnarorð fundarins eru ekki orðagjálfur heldur raunverulegur ásetningur.



Austurver

Opið alla daga ársins til kl. 24
Mán.-fös. kl. 8–24
Helgar og alm. frídaga 10–24

JL-húsið

Mán.-fös. kl. 9–21
Helgar 10–21

Opið lengur

Lyf & heilsa

FRÁ DEGI TIL DAGS

Þjóðmál

Nýtt ársfjórðungstímarit, Þjóðmál, hóf göngu sína í vikunni. Ritstjórnin og útgefandinn, Jakob F. Ásgeirsson rithöfundur, segir að því sé ætlað að vera vettvangur fyrir frjálsþuga fólk sem sé „orðið þreytt á yfirborðslegri og einhliða fjölmiðlum um stjórn mála og menningu“. Ritið muni taka til birtingar „vel skrifaðar og ígrundaðar greinar þar sem ýmislegt í stjórn mála- og þjóðlífinu almennt er tekið til skoðunar án undirgefni við margvíslegan rétttrúnað sem tröllríður okkar litla samfélagi.“ Ritstjórnarstefnu Þjóðmála sé best lýst með orðunum „frelsi og hæfilegt iðald“.

Dreift á landsfundi

Þjóðmálum er dreift til allra

fulltrúa á landsfundi Sjálfstæðisflokksins í Laugardalshöllinni og gefur það nokkra viðbendingu um markhóp ritsins og áhugamáli. Í kveðjuræðu sinni sá fráfarandi formaður flokksins, Davíð Oddsson, ástæðu til að vekja athygli á útgáfunni. Hrósaði hann grein í ritinu og kallaði það „athyglisvert“. Í framhaldi af því skrifaði Björn Bjarnason á vefsíðu sína: „Ég hvet alla áhugamenn um þjóðmál að kynna sér þetta rit og veita því brautargengi“. Er vonandi að þessi hvatningaráróð gefi Þjóðmálum byr í seglin því tímarit af þessu tagi hafa átt erfitt uppdráttar. Hvað sem mönnum kann að finnast um viðhorf og áherslur einstakra greinarhöfunda eða ritsins í heild hljóta menn að fallast á að það er hollt og gott fyrir

þjóðfélagið að haldið sé uppi rökræðum um þjóðmál og farvegur finnst fyrir hin margvíslegu og ólíku sjónarmið sem þar er að finna.

Sígild hugðarefni

Fyrsta hefti Þjóðmála einkennist af umfjöllun um Davíð og Baug, en sígild hugðarefni ákveðins hóps í Sjálfstæðisflokki: R-listinn, Samfylkingin, Ólafur Ragnar Grímsson, spillingin hjá Sameinuðu þjóðunum, marxismi Allende í Chile, Reagan forseti og þess háttar fá líka gott pláss. „Ofbeldi kommúnista við borgaralega rithöfunda“ heitir ein greinin og haldi menn að hún sé skrifuð sírka 1950 fara þeir villur vega. Hún er splunkuný, sú fyrsta í flokki „úr sögu kaldastríðsins á Íslandi“. Verður það vafalaust hin merkasta upprifjun.

gm@frettabladid.is

Af martröðum hér og þar

Ég dvaldi erlendis um síðustu helgi. Í hópi góðra og skyldurækinnna féлага, sem eru aldir upp við það að fylgjast með fréttum og láta sig varða hvað hver gerir og segir í íslensku samfélagi, láta ekkert framhjá sér fara og þannig var auðvitað spurt, þegar einhver hringdi heim: Hvað er að fréttu? Eins og Íslendinga er síður. Og svo var auðvitað farsími í hvers manns vasa, sem gerir manni fært að vera ónáðaður, jafnvel inni á miðjum golfvelli eða á klósettinu ef þannig stendur á og þetta láta menn yfir sig ganga, til þess eins að geta fylgst með fréttum og missa ekki af neinu sem máli skiptir. Og líka hinu sem ekki skiptir neinu máli.

Og meðan við dvöldum þarna ytra, reið jarðskjálftinn yfir Pakistan og Indland, svo tugþúsundir fórust og misstu heimili sín og flóð féllu í Gvatemala og í þeim dóu fleiri hundruð einstaklingar og svo var panikkástand í New York vegna yfirvofandi hryðjuverka og allt þetta mátti sjá og heyra á CNN, þótt þeir séu að mestu hættir að slá upp fréttum af mannfalli í Irak. Það þykja víst ekki fréttir lengur. Nema hvað, þegar við Íslendingarnir höfðum horft á þetta í morgunsárið og komnir niður í morgunmat, var þrátt fyrir allt boðinn góður dagur og spurt að íslenskum síð: Hvað er að fréttu?

„Það er ósköp lítið og sosomekki neitt“, sögðu viðmælendurnir, „nema hvað sameining sveitarfélaganna var alls staðar felld nema fyrir austan! Við brostum í kampinn yfir þessum tíðindum af tíðindaleysinu. Ekkert að gerast frekar en venjulega og snerum okkur að kaffibollunum.“

UPP ÚR EINS
MANNNS HLJÓÐI



ELLERT B. SCHRAM

Þetta var auðvitað áður en Hæstiréttur drap Baugsmálið og áður en það fréttist að Hannes Hólmsteinn hefði þurft að selja Kjartani Gunnarssyni húsið sitt, sem líka þóttu sögulegar fréttir heima á Fróni.

Og svo komum við heim, ókum Reykjanesbrautina og kveiktum á útvarpinu til að heyra nýjustu fréttir, sem við höfðum hugsanlega misst af á meðan á ferðinni stóð og það ríkti þögn í bílnum, meðan bráðvolgar fréttir voru lesnar og það átti að hríða fyrir norðan og bændur vildu losna við sem flest lömb til slátrunar og svo var rúsinan í pylsuendanum sú að lögreglan hafði um nóttina verið kölluð á vettvangi í Breiðholtinu vegna hávaða og óhljóða í blokkaribúð, sem stafaði af því að þar svaf maður sem fékk martröð!

Ekki var nú sagt frá því í þessum fréttatíma af hverju martröðin stafaði, enda skal ekki gert lítið úr því. En mikið hlýtur þessi maður að hafa orðið feginn að hann var ekki staddur í Islamabad eða Gvatemala, þar sem hinar raunverulegu martraði áttu sér stað og væntanlega ættum við Frónbúar flestir að vera þeirri staðreynd fegnir, að frétt næmast þyki hér á landi, þegar Fráskrúðsfríðing- ar ákveða að leggja niður gamla hreppinn sinn og lögreglan er kvódd á vettvang þar sem maður vaknar upp við vöndan draum.

Það herja ekki á okkur stríðsbjningar, náttúruhamfarir, hryðjuverk eða aðrar slíkar martraðir, sem okkur er sagt frá utan úr heimi, og sumir hér á landi telja sig þurfa að horfa á raunveruleik- asjónvarpsþætti til að komast í snertingu við vruleikann í kringum sig. Til að sjá og heyra um einhverjar martraðir.

En kærri lesandi, líttu þér nær. Flustaðu á frásagnirnar undanfarna daga af barnaníðingskapnum í litlu húsi í litlum bæ, þar sem allir vissu allt um alla. En þögðu þó. Og er ekki einsdæmi. Því miður. Nauðganir, kynferðislegt og félagslegt ofbeldi, barnaníð og heimiliskúgun er daglegt brauð og falinn glæpur, sem sjaldnast kemst í fréttirnar og eru raunverulegar martraðir miklu, miklu víðar en nokkurn órar fyrir.

Já, hvað er í fréttum? spyrjum við hvert annað og hugum að veðurhorfum og lambaslátrun og umgöngumst samborgarana af kurteisi og virðingu og gætum þess vel að ekkert kusk falli á hvítflibbana, áferðarfalleg á ytra borði, sakleysisleg í framan. En undir niðri, bak við tjöldin, inni á heimilinum þrífast glæpir og ofbeldi, grímulaus nauðgun á sjálfsvirðingu, líkamleg og andleg. Jafnvel hjá þeim sem síst skyldi.

Jú, fréttirnar eru ógnvekjandi af náttúruhamförum og stríðsbjningum og við blessum okkur stundum fyrir að vera fjarri slíkum ógnum. En erum við eitthvað betur sett með eigið heimilisböl, sjálfskaparvíti og persónulegar martraðir, og erum við eitthvað betur sett, þótt vandinn sé falinn? Eða þagaður í hel?

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaffahlíð 24, 105 Reykjavík **ABALSÍMI: 550 5000** SIMBREF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÓNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðum án endurgjalds. ÍSN 1670-3871

Í dag dregur til tíðinda á íslenskum fasteignamarkaði



Ljósmynd: Lárus Karl Ingason

Verið velkomin á Dag byggingariðnaðarins í Hafnarfirði í dag milli 10:00 og 18:00

Kynningar í samkomusal Íþróttamiðstöðvar Hauka að Ásvöllum:

ÁS fasteignasala

BYKO

Fagtak

KB banki

Hafnarfjarðarbær

Kynning á nýju skipulagi og lóða-framboði að Völlum 5 og 6, Selhrauni og Áslandi 3

Hraunhamar

Húsasmíðjan

Höfði fasteignamiðlun

Íslandsbanki

Landsbanki Íslands

Meistarafélag iðnaðarmanna í Hfj.

Meistarinn.is

Samtök iðnaðarins

Sparisjóður Hafnarfjarðar

Verk og vit 2006 / AP sýningar

Byggingaverktakar bjóða gestum í opið hús á eftirtöldum stöðum:

- Bergsmíði: **Berjavöllum 3**
- Ásgeir og Björn: **Eskivöllum 1**
- ER Hús: **Eskivöllum 7**
- Fagtak: **Eskivöllum 9**
- Þratarverk: **Kirkjuvöllum 5**



Allar nánari upplýsingar á vefsetri Samtaka iðnaðarins; www.si.is og hjá Hafnarfjarðarbæ; www.hafnarfjordur.is

Við tökum vel á móti þér:





41.290

Fulningahurð, Eik

2ja spjalda. M/karmi, áfellu og gerefti. 70/80/90 sm
93702/712/720/88130



Furu fulningahurð

3ja spjalda. M/karmi, áfellu og gerefti, 80 sm. Veggþykkt 10,5 sm
93183/204/210/87933

18.995



Furu fulningahurð

4ra spjalda. M/karmi, áfellu og gerefti, 80 sm. Veggþykkt 10,5 sm
93173/204/210/87933

20.995



5788712



5788711



5788756

Allt að
25% afsl.
af hurðahúnum



5788782



5788758



19.760
~~25.658~~

Hurð hvítmáluð

4ra spjalda. M/karmi og gerefti, 80 sm
Veggþykkt 10 sm
93153/93014/88405-06



18.590
~~22.755~~

Hurð hvítmáluð

6 spjalda. M/karmi og gerefti. 80 sm
Veggþykkt 10 sm
93198/014/88405/406



19.760
~~26.117~~

Hurð hvítmáluð

2ja spjalda. M/karmi og gerefti. 80 sm
Veggþykkt 10 sm
93163/014/88405/406

Allar dyr opnar



17.990
~~19.791~~

Moralt mahónihurð

Yfirfelld, með karmi, 80 sm.
 Veggþykkt 10 sm
 162006/008/046/048



22.990

Moralt beykihurð

Yfirfelld með karmi, 80 sm
 Veggþykkt 10 sm
 160006/008/160046/160048



Ótrúlegt úrval



23.990
~~28.589~~

Moralt hurð, hlynur

Með karmi. 80 sm.
 Veggþykkt 10 sm
 163006/08/163046/48



20.990
~~23.822~~

Moralt eikarhurð

Yfirfelld með karmi, 80 sm
 Veggþykkt 10 sm
 161006/161008/161046/161048



HÚSASMIÐJAN

...ekkert mál

DV Helgarblað

Lögreglan beið Sigurbjargar þegar hún kom heim úr kirkjukórsterð

Eiginmaðurinn nauðgaði dóttur þeirra

„Ég hefði drepið hann ef ég hefði komist að þessu á annan hátt“



Hefur þú séð DV í dag

MAÐUR VIKUNNAR

Vinnusöm með beittan húmor

SVAVA JOHANSEN
VERLSUNAREIGANDI

Í vikunni var greint frá því að Svava Johansen, eða Svava í Sautján, hefði keypt hlut Ásgeirs Bolla Kristinssonar, fyrrverandi sambýlismanns síns, í tiskuverslunarkæðjuni NTC sem er eitt stærsta fyrirtæki sinnar tegundar á Íslandi.

Svava er fædd árið 1964 og hefur verið með báða fætur í verslunarrekstri frá því að hún hóf störf í tiskuversluninni Sautján á Laugavegi 51 aðeins sautján ára gömul, þá sem nemandi í Versló. Sautjánveldið var upphaflega stofnað árið 1976 og hefur vaxið jafnt og þétt í gegnum árin með þrotlausri vinnu hennar og Ásgeirs Bolla - eða Bolla í Sautján eins og hann er oftast kallaður. Árið 1984 var verslunin stækkuð og þremur árum seinna var Sautján einnig opnuð í Kringlunni. Sama ár opnaði Svava verslunina Smash í Kringlunni. Undir sæng NTC eru nú reknar fjórtán tiskuvöruslanir, í Kringlunni, Smáralind og við Laugaveg. Meðal þekktustu vörumerkja NTC eru Galleri Sautján, Deres, Smash, Retro og Eva. Einnig hefur NTC sérleyfi fyrir kvenfataverslunina Karen Millen.

Fróðir menn telja að fyrirtækið velti um tveimur milljórum á ári og góður rekstrarhagnaður hafi verið á síðasta ári og fari vaxandi. Svava er vinsæl og vel liðin meðal samstarfsmanna sinna og tekur það sérstaklega fram að NTC væri ekki það sem það er í dag án starfsfólksins.

Áhugi Svövu á tisku og viðskiptum er ein af ástæðum þess að hún hafi ákveðið að kaupa fyrirtækið. „Þetta er mjög spennandi tækifæri. Ég kem með sama hætti að fyrirtækinu og áður og ekki stendur til að breyta miklu á næstunni,“ sagði Svava í samtali

við Fréttablaðið í vikunni þegar greint var frá kaupum hennar á hlut Bolla. Hún er mjög bjartsýn á framhaldið: „Árið er eitt það besta í sögu fyrirtækisins,“ segir hún og er greinilegt á orðum hennar að vel árar í smásöluverslun.

Svava hefur löngum þótt vera

hefur gríðarlega næmt auga fyrir stíl, smekk og litum. Hún er að sögn opin og fordómalaus gagnvart tiskunni, fylgist vel með og lætur ekki fortíðina þvælast fyrir sér þegar tíska endurtekur sig. „Tíska í dag er svo skemmtileg því það er svo margt í gangi.

Þetta er blanda af öllu mögulegu, rómantískri seventies-hippatísku, „ethnic“-tísku, svona indverskum/afro-stíl, leðurjökkum, kúrekastígvélum og gallabuxum,“ sagði hún enn fremur. Kunnugir segja að ekki fari á milli mála hver heldur um innkaupin í Sautján. Svövu-legir skór og Svövu-veg kápa eru hugtök sem eru notuð og lýsa því best hversu afgerandi mótaði hún er fyrir það sem boðið er upp á í búðunum. Svava leggur allar línurnar fyrir innkaup fyrirtækisins. Hún þykir afar vinnusöm og vinnur oft langt fram eftir. Þeir sem til þekkja geta ekki ímyndað sér fyrirtækið án hennar. Hún hefur alla þræði í hendi sér.

Hún er einnig í hópi áhrifamestu kvenna í viðskiptalífinu og á sæti í stjórn Félags kvenna í atvinnurekstri og hefur hlotið viðurkenningar frá sama félagi fyrir störf sín. Þrátt fyrir að hún taki á sig mikla ábyrgð er beittur húmorinn aldrei langt

undan og Svava þykir orðheppin og fljót að skynja húmor augnabliksins.

Verslunarrekstur verður talinn fjölskylduvænn og viðurkennir Svava það fúslega. Eftir að henni fæddist Ásgeir Frank fyrir níu árum hefur hún aðeins dregið úr vinnu, enda finnst henni mikilvægt að eyða tíma með honum. Hún situr í stjórn Kringlunnar og hefur barist fyrir sunnudagslokunum í verslunarmístöðinni og haft það í gegn en viðurkennir þó að ekki verði snúið við þeirri þróun sem felst í lengri opnunartíma verslana.



í hópi glæsilegustu kvenna landsins. Hún er bæði falleg og glæsileg til fara og geislar jafnframt af sjálföruggi og hlátur hennar smitar út frá sér. Hún hefur viðurkennt af hafa verið algjört tiskufrik alveg frá því að hún man fyrst eftir sér. Í Versló gerði skólablaðið grín að Svövu og sagði að hún ætti 340 skópor. „Ég átti aldrei nema 320,“ sagði hún í viðtali við Birtu fyrr á þessu ári.

Það er óumdeilt að áhrif Svövu á tiskumenningu og tiskustraura hár á landi eru mikil sem sést augljóslega á velgengni NTC. Hún

Íslenska þjóðin í álögum kvótans

UMRÆÐAN
KVÓTAKERFIÐ



BALDVIN NIELSEN
MÍÐSTJÓRNAR MAÐUR FRJÁLSYNDRA

Mörg sjávarútvegsfyrirtæki hér á landi eru að sligast undan háu gengi krónunnar. Þegar leið fannst til að framleiða peninga án þess að sækja út á miðin snerist margt í andhverfu sína og milljarðarnir urðu til án þess að innistæða væri fyrir hendi með braski á sértækum úthlutunum nýtingarétti til útgerða til veiða úr auðlind þjóðarinnar. Skelfilegt er að undirstaða velferðar heillar þjóðar treystir sér ekki til að stunda sjálfbærar veiðir án ávinnings kvótabraskisins. Í grein eftir undirritaðan með sömu fyrirsögn og hér að ofan, sem birtist í Fréttablaðinu 19. maí sl., er fullyrt m.a. að þetta ætti ekki við um landvinnsluna því hún fengi ekki úthlutaðan kvóta til að búa til fjármagn úr. Sjávarútvegsgrainarnar fá því minna fyrir framleiðslu sína og lánsfjárbörfin verður sífellt meiri sem þýðir enn hærri vaxta-

kostnað sem er þó nógur fyrir. Vextir hér á landi eru miklu hærri en erlendis og því versnar samkeppnisstaðan stöðugt okkur í óhag. Þar að auki þarf íslenskur útlutningur að búa við verðtryggingu sem gerir allar rekstraráætlanir ómarkvissari. Það er ekki skrytið að fyrirtæki í þeim löndum sem við viljum gjarnan bera okkur saman við geti borgað allt að því helmingi hærri laun á tímum fyrir verkamann í dagvinnu. Þýða ekki betri laun hærri tekjur fyrir ríkið til að ráðstafa í góð málefni?

Rækjuvinnslur og landvinnslur á bolfski leggja upp laupana hver á fætur annarri. Þetta sanna nýjustu dæmin í þessum geira t.d. á Húsavík, Súðavík, Stykkishólmi og Akureyri svo mjög að ekki verður við unað. Og að halda því fram að betur hafi tekist til í Reykjanesbæ, Sandgerði, Bíldudal, Ísafirði, Stöðvarfirði, Þorlákshöfn, Vestmannaeyjum, vikurnar þar á undan, væri hrein hræsni eða firra. Fólkið stendur eftir agndofa og leitar eftir bjart-sýnisgírnum og margir taka á það ráð að flytja til höfuðborgarsvæðisins og nágrennis þess því þar er mikil uppbygging á íbúðarhúsnæði og þjónustu. Í örvæntingu sinni, leitandi að betri lífsaf-

komu, horfir það í forundran til stjórnarlíða sem tala um góðæri, vinsælt orð á Davíðs-tímabilinu og hefur lærisveinn hans, Geir Haarde, viljað eins og flokksmenn hans í Sjálfstæðisflokknum að vaxtabætur yrðu aflagðar sem tryggði að tugir þúsunda heimila færu í gjaldþrot.

Verðtryggingin er nú farin að sanna gildi sitt fyrir bankana eins og íbúðakaupendur sáu á nýjasta greiðuleðli íbúðalána en þar má sjá að verðbætur hafa hækkað um tugi og jafnvel hundruð þúsunda króna á milli mánaða vegna verðbólgunnar. Ráðamenn og bankar benda á eignabóluna sér til varnar, hækkan íbúðarhúsnæðis undanfarir en minnst ekki á alla milljarðana sem framleiddir voru í gegnum kvótabraskið inn í hagkerfið án þess að innstæða væri fyrir því. Þess vegna er mikil undirbyggandi verðbólga sem almennungur á nú að greiða fyrir. Ný könnun Gallups á fylgi Sjálfstæðisflokksins sýnir að margir láta blekkjast. Hann mælist með 44% fylgi en svarshlutfallið var þó aðeins 62% sem gerir þetta ekki að marktækri könnun en sýnir að fleiri hafi varann á þegar Sjálfstæðisflokkurinn er annars vegar.

Jólin eru komin í Rúmfatalagerinn



„LUDVIG“ LEDURSÓFASETT 3 + 2

Leðursófasett með fallegu, brúnu bycast leðri. St. 2ja sæta 150 x 88 x 81 sm.
St. 3ja sæta 197 x 85 x 84 sm.

ALLT SETTID 3 + 2
89.900,-



„BRANDON“ LEDURHORNSÓFI MED TUNGU

Glæsilegur, brúnn leðurhornsófi úr bycast leðri. Þykkt og sterkt leður ásamt leðurpúðum. Síflhreinn hornsófi sem sómir sér vel í hvaða stofu sem er! St. 210 x 237 sm

HORNSÓFI
139.900,-



SPARIÐ
2.000,-

ajungilak
BEDDING

VERD ÁÐUR 4.990,-
2.990,-

„AJUNGILAK THERMOFIBER“ SÆNG

Góð thermosæng sem má þvo. Þessi mjúka og þægilega sæng kemur í flottri tösku sem þægilegt er að taka með sér hvert sem er. Þyngd 2x650 g.



JÓLAKAFFISTELL

12 hlutir í pakka

990,-



DAGATALS-KERTI

Dagatalskerti fyrir jólin á frábæru verði!

499,-



JÓLASVEINAHJÓN

Úr keramik. Styttur sem kinka kolli.

399,-



TAU JÓLASVEINAR

Fást í 3 stærðum. 19 sm **149,-**
32 sm **249,-** 52 sm **499,-**

3 STK.
790,-



399,-

SKRAUTPÚÐAR

Vönduð og endingargóð vara. 45%polyester/
55%bómull. 4 mismunandi útgáfur. St. 40 x 40 sm.



149,-

SPRITTKERTAGLAS

Fallegt sprittkertaglas með jólasveinamynd.



199,-

SNJÓBOLTAKERTI

Fallegt og jólalegt kerti.



249,-

GYLLT KÚLUKERTI

Gullfallegt, gyllt kúlukerti.



KÖKUBOX

3 gerðir, 3 stk. í setti. Tilvalið fyrir smákökurnar.

3 STK.
990,-

GLÆSILEGUR JÓLASVEINN

Hæð ca: 40 sm.



1.290,-



199,-

GLIMMERKERTABLÓM

Gríðarlega fallegt blómakerti með glimmer.



399,-

SPRITTKERTASTJAKI

Engill eða jólasveinn úr járn fyrir sprittkerti.

-góð kaup

**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



Síðasta orðið

Skrykkjótt samleið Fréttablaðsins og Davíðs Oddssonar er á tímamótum. Hann hefur haldið sína síðustu ræðu sem formaður Sjálfstæðisflokksins. Þá notaði hann tækifærið til að fara enn og aftur með furðulegar fullyrðingar sem við skoðun standast ekki.

Allt frá að Fréttablaðið hóf göngu sína, í apríl 2001, hefur blaðið mætt óvild Davíðs Oddssonar. Okkur sem höfum starfað á Fréttablaðinu hefur þetta verið ljóst í langan tíma. Svo langt hefur Davíð Oddsson gengið að hann hefur boðað alla aðra fjölmiðla en Fréttablaðið til blaðamannafundar. En það var þá og nokkuð er liðið síðan. Heið hans gegn blaðinu hefur aukist stórlega og svo virðist sem hann hafi það sem sitt helsta verk að rægja Fréttablaðið og það fólk sem þar starfar. Sá sem þetta skrifar hefur lengur en nokkur annar borið ábyrgð á fréttum Fréttablaðsins og þekkir því sennilega betur til verklags fréttaskrifa Fréttablaðsins en aðrir.

Það hefur oft verið þreytandi og nánast ólíðandi að hlusta á þáverandi forsætisráðherra, og síðar utanríkisráðherra, fara með rangindi og meidandi ummæli um fólk. Gjammið í Birni Bjarnasyni og öðrum minni spámönnum meidir ekki sem heitið getur, pirrar vissulega stundum en meidir ekki.

Í alltof langan tíma og alltof lengi hefur það viðgengist að Davíð Oddsson hefur hindrunarlítið getað afskræmt sannleikann í flestum fjölmiðlum landsins. Halda mátti á stundum að hann teldi að hann gæti komið í veg fyrir tilvist Fréttablaðsins með því að svara aldrei skilaboðum og vera blaðamönnum erfiður. Sá sem þetta skrifar hefur oft sinnsett það verkefni fyrir blaðamenn að hlaupa á eftir Davíð og fá hans skoðanir og hans mat í Fréttablaðið. Þegar það hefur tekist hefur það oft birst á forsíðu blaðsins. Ekki endilega vegna þess að þar talaði Davíð Oddsson, frekar vegna þess að þar talaði forsætisráðherra. Þá sat Fréttablaðið alltaf skörinni hærra en ráðherrann.

Það eru nokkur atvik á síðustu árum sem hafa gert Davíð Oddsson verri í framgöngu en önnur.

Bolludagsmálið

Fréttablaðið birt frétt 1. mars 2003 þess efnis að Hreinn Loftson, stjórnarformaður Baugs, hefði komið af fundi með Davíð Oddssyni, í janúar árið áður, þess fullviss að fyrirtækið ætti yfir höfði sér rannsókn hins opinbera. Hreinn varaði stjórnendur Baugs við og stjórnarmenn lýstu áhyggjum vegna andúðar ráðherrans. Fréttablaðið sagði eðlilega frá því að stjórn eins stærsta fyrirtækis landsins óttadist andúð ráðherrans og að búast mætti við rannsókn. Öllum fjölmiðlum bar skylda að segja frá þessari frétt, ekki bara Fréttablaðinu. Til að varpa ljósi á málið er gott að heimfæra það á annað. Efstjórnendur ónafngreinds fyrirtækis kiptust við vegna ótta við forsætisráðherra, sem seinna

kom í ljós að hafði nokkuð til síns máls um opinbera rannsókn, bar öllum fjölmiðlum, sem af fréttu, að segja frá. Það sjá allir, svo notaður sé frasi nefnds ráðherra.

Það sem kom á eftir einsog mútumálið var allt annar kapituli, marklaus og ósannaður. Reyndar sagði Hreinn um þetta að hann skildi ekki hvað byggði að baki rangri frásögn Davíðs.

Davíð Oddsson sagðist þá ekki hafa heyrt minnst á Jón Gerald Sullenberger en sagðist síðar hafa „...heyrð um það að slíkar vörur, menn flyttu þetta inn sjálfir, menn skömmtuðu sér heilidsöluverðið. Jafnvel létu fyrirtækin í eigin nafni eða sem þeir ættu í annarra manna nafni, selja þetta heim, tækju af því háa vexti og svo framvegis. Og reyndar vissi maður að slíkt mál hefðu verið til afgreiðslu hjá skattinum og þess háttar...“ Þetta er bein tilvitnun í Davíð Oddsson þar sem hann talaði í Kastljósi Sjónvarpsins. Hann var spurður um Jón Gerald Sullenberger og sagði: „...vandamálið var það að Sullenberger hafði ég aldrei heyrt nefndan...“

Vegna fréttar Fréttablaðsins um að stjórnarformaður eins stærsta fyrirtækis landsins boðaði, eftir fund með þáverandi forsætisráðherra og trúnaðarvini sínum til fjölda ára, að Baugur myndi sæta rannsóknunum, brást Davíð öskureiður við og fékk til þess aðstoð víða. Sumir gengu langt í að verja hann og bakka upp. Svo langt gengu fótgönguliðar hans að þeir héldu því fram í ræðu og riti að Fréttablaðið hefði með fréttunum reynt valdarán. Hvorki meira né minna.

Fjölmiðlalög

Áfram hélt Davíð að hatast við Fréttablaðið og eigendur þess. Hann sagði í útvarpsviðtali í janúar í fyrra að hann fylgdist með hvernig sala DV gengi og að hann hefði spurð fyrir um það í sjoppum. Meira um útgefendurna, Fréttablaðið og DV:

„Það getur vel verið að Fréttablaðið með þessum hætti eigi ekki rétt á sér, það gangi ekkert upp nema með handstýrðum auglýsingum. Fréttablaðið með handstýrðum auglýsingum drap Dagblaðið. Þannig að vera að segja það að þeir aðilar sem með þessum hætti notuðu auglýsingaveldi sitt til að drepa Dagblaðið að þeir séu bjargvættar blaðanna, þá ertu að snúa öllu á haus...“ Það er tvenns konar löggjöf sem menn eru að tala um, annars vegar gagnvart fjölmiðlunum og hins vegar hringamyndun...“

Fjölmiðlafrumvarpið reis hátt og engum duldist að það var Davíð Oddsson sem gekk harðast fram, tók forræði málsins úr hendi menntamálaráðherra og lagði



DAVÍÐ ODDSSON „Það getur vel verið að Fréttablaðið með þessum hætti eigi ekki rétt á sér, það gangi ekkert upp nema með handstýrðum auglýsingum.“



STYRMIR GUNNARSSON Tók þátt í undirbúningi kæru vegna Baugsmálsins en fréttastjóri fréttaskrifum Morgunblaðsins af málinu.

fram frumvarp sem gekk svo langt að bakka varð með það. Þar vildi ráðherrann leyfisskylda útgáfu dagblaða, til þess að koma í veg fyrir útgáfu Fréttablaðsins, blaðs sem hafði ekkert gert sem réttlæti offors Davíðs.

Fréttablaðið vann margar fréttir um fjölmiðlamálið, kepptist við að fá sem flest sjónarhorn, finna fordæmi og hliðstæður, rétt eins og góður fréttamiðill á að gera. Það verður ekki sakast við Fréttablaðið hversu fáir voru hlyntir lögum Davíðs, þá var sama hvort leitað var til Íslendinga eða útlendinga. Fréttablaðið lagði sennilega meira á sig en aðrir fjölmiðlar til að fá sem flest sjónarhorn í málið. Allt sem gert var varð hins vegar til þess að Davíð Oddsson varð hvassari, ósanngjarnari og verri í málflutningi sínum, sem hann svo toppaði í lokaræðu sinni, þegar hann setti landsfund Sjálfstæðisflokksins. Mörg dæmi eru til um furðulegar fullyrðingar Davíðs. Hér er eitt sýnishorn sem sýnir

hversu fráleitir málflutningur hans er: „...auðvitað er það þannig að Baugsgrúpann eins og hún er núna er mjög gott dæmi um það sem ekki á að vera, aðilar sem eru að sölsa undir sig markað á öllum sviðum en jafnframt að tryggja stöðu sína í fjölmiðlum, af einhverjum ástæðum...“ Skoðum misnotkun fjölmiðla aðeins síðar. En fyrst að Baugsmálinu.

Baugsmálið

Baugsmálið er um margt sérstakt mál. Hér verður ekki fjallað um útreiðina sem það hefur fengið, heldur aðeins hvernig það hefur komið til kasta Fréttablaðsins. Baugsmálið hefur ekki fengið aðra meðferð en aðrar fréttir Fréttablaðsins, hlutlaus umfjöllun og hlutlaus meðferð. Fréttablaðið hefur gert eitt sem aðrir fjölmiðlar gerðu ekki. Fréttablaðið fékk afrit af bréfaskrifum um aðdraganda Baugsmálsins, það er hverjir undirbyggju málið áður en það var sent lögreglu og skattayfirvöldum. Það hefur ekkert komið fram sem segir að gögn Fréttablaðsins, sem sýslumaðurinn í Reykjavík geymir nú í krafti lögbanns, séu stolin. Það hefur akkúrat ekkert komið fram sem segir að svo sé. Samt fullyrða Davíð Oddsson og fótgönguliðarnir það án þess að hafa neitt fyrir sér í því.

Það sem Fréttablaðið hefur gert er að sinna skyldum sínum, segja þær fréttir sem það fær svo staðfest að ekki verða hraktar. Þó að fréttir af því að ritstjóri Morgunblaðsins, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins og helsti trúnaðarvinur og ráðgjafi Davíðs Oddssonar hafi setið á leynifundum og undirbúið opinbert mál gegn Baugi komi illa við herskáa menn sem láta einskis ófrestað til að draga heilindi Fréttablaðsins í efa lét blaðið það ekki trufla sig. Fréttablaðið sagði stórfreitt, frétt af launráðum fárra manna sem seinna urðu að málarekstri lögreglu sem virðist vera að fá hreint ótrúlegan endi. Nóg um það.

Morgunblaðið

„Eftir fáein ár verður þessi ljótasti blettur í sögu íslenskrar fjölmiðlunar kominn í sitt skot í sögunni,“ sagði Davíð Oddsson á landsfundinum. Ég veit að hann var ekki að meina framgöngu Morgunblaðsins. Mig langar samt að heimfæra orð Davíðs til hans eigin mál gagns. Það lásu allir sem vildu og nenntu, í sjálfu Morgunblaðinu, að Baugsmálið lýtur ekki sömu vinnureglum þar og flestar aðrar fréttir. Málinu er fréttastjóri af ritstjóra og það er ekki á borðum almennra blaðamanna. Ritstjóri Morgunblaðsins, Styrmir Gunnarsson, hefur staðfest aðkomu sína að aðdraganda Baugsmálsins og er þar með ger-

andi í málinu. Samt heldur hann fréttastjóri frátt af Baugsmálinu hjá sér. Ritstjóri sem sat á fundum, ritstjóri sem skrifaði bréf eftir bréf til að vinna að framgangi kæra gegn Baugi, kys að fara sjálfur með fréttastjóri frátt af þessu sama máli. Ekki veit ég hvað Davíð þykir um þannig vinnubrögð, en mér þykja þau ljótur blettur í sögu íslenskra fjölmiðla. Þekki ekki nógu vel til að segja að þetta sé ljótasti bletturinn, en hann hlýtur að vera nærri því.

Ritstjóri Morgunblaðsins hefur skrifað greinar um Baugsmálið og sett þar fram eitthvað sem hann telur að ekki eigi erindi í fréttir, en eigi erindi í greinar. Svo lágt hefur Fréttablaðið aldrei lagst. Hvorki á þessum vettvangi né í fréttum mun Fréttablaðið segja frá fleiri leynifundum meðan aðeins eru tvær staðfestingar fyrir þeim. Fleiri vantar, ekki síst þar sem um alvarlegt mál er að ræða.

Fréttablaðið

Það er fullyrft hér að eigendur Fréttablaðsins, sem eru reyndar mjög margir, hafa aldrei gert minnstu tilraun til að hafa áhrif á mig. Nánast frá fyrsta degi hefur sá sem þetta skrifar verið fréttastjóri og fréttaritstjóri Fréttablaðsins og veit því sennilega manna best hvað er rétt og hvað rangt í þessum fullyrðingum Davíðs Oddssonar. Jón Ásgeir Jóhannesson þekki ég ekki, hef tvisvar talað við hann og í hvorugt sinn um Fréttablaðið. Jóhannes Jónsson þekki ég betur. Við höfum talað um Fréttablaðið, en aldrei efnistösk. Gunnar Smári Egilsson er ekki bara forstjóri útgáfufyrirtækisins, hann er líka fyrrverandi ritstjóri Fréttablaðsins og að auki bróðir minn. Eftir að hann hætti á ritstjórninni, hætti hann á ritstjórninni. Ég hef eftir það leit að ráða hjá honum einu sinni eða tvisvar, en aldrei um Baugsmálið. Það einfaldlega gengi ekki þar sem hann er í viðskiptum með þeim sem mest koma við sögu í málinu.

Hvers vegna Davíð hefur valið að gera Fréttablaðið að óvini sínum er flestum hulið í dag, en skýrist eflaust síðar.

Í svo langan tíma hefur Davíð Oddsson komist upp með fánlegar og innihaldslausar fullyrðingar. Ég er þess sannfærður að allir blaðamenn Fréttablaðsins geta svarið og lofað að Baugsmálið, fjölmiðlamálið og bolludagsmálið hafa lotið sömu reglum og sömu vinnuáferðum og allar aðrar fréttir. Bábilja Davíðs Oddssonar á kveðjurstund hans í stjórn málum kipti burt síðasta steini í varnargarði þolinmæðinnar. Hann skrifaði sjálfur lokaorðin og hefur vonandi sagt sitt síðasta orð í lygum og rógburði.

Sigurjón Magnús Egilsson fréttaritstjóri.

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 4.588 +0,73% Fjöldi viðskipta: 213

Velta: 22.152 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Flaga +6,14%
Össur +4,55%
FL Group +1,40%

MESTA LÆKKUN

↓ SÍF -1,55%
Icelandic Group -1,52%
Atorka Group -0,87%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 41,90 +0,00% ... Bakkavör 42,70 +0,50% ... FL Group 14,50 +1,40% ... Flaga 3,46 +6,10% ... HB Grandi 9,30 -0,50% ... Íslandsbanki 14,90 +1,00% ... Jarðboranir 22,10 +0,50% ... KB banki 599,00 +0,70% ... Kögun 54,50 +0,00% ... Landsbankinn 21,60 +0,90% ... Marel 64,00 +0,30% ... SÍF 4,45 -1,60% ... Straumur 12,95 +0,40% ... Össur 92,00 +4,60%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Þórólfi Árnasyni sagt að hætta strax

Straumur – Burðarás og Landsbankinn selja hlutabréf í Icelandic Group.

„Mér var birt bréf af lögmanni um klukkan hálf sex og gert að ljúka störfum án tafar,“ segir Þórólfur Árnason, fráfaraandi forstjóri Icelandic Group. Hann lauk því sínum síðasta vinnudegi hjá Icelandic Group í fyrradag eftir að hafa verið forstjóri félagsins í fjóra og hálfan mánuð. Kom þetta honum á óvart en hann vildi ekki tjá sig frekar um málið að svo stöddu.

Uppsögn Þórólfs kemur í kjölfar þess að Straumur – Burðarás, Landsbankinn og fleiri selja yfir helming hlutafjár í Icelandic. Kaupendurnir eru fjárfestingarfélag í eigu Sunds og Tryggingamiðstöðvarinnar ásamt aðilum tengdum Eimskipi. Viðskiptagengið er 9,8 og verðmæti hluta-

bréfa í viðskiptunum því tæpir tólf milljarðar króna. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er innleystur hagnaður Straums – Burðarás um tveir milljarðar í þessum viðskiptum.

Ekki náðist í stjórnarformann Icelandic Group í gær.

STÆRSTU HLUTHAFAR ICELANDIC GROUP*

Sund og TM (ISP)	20%
Sund ehf.	12,3%
Eimskipafélagið	10%
Magnús Þorsteinsson	8%
Ellert Vígfússon	6,8%
BOM**	5%
Landsbanki hf.	4,8%
Straumur – Burðarás hf.	2,5 %

*Listinn byggir á upplýsingum frá Kauphöllinni en ekki fékkst uppfærður hluthafalisti frá Icelandic Group í gær.
**BOM er í eigu Baldurs Guðnasonar forstjóra Eimskips og Steingríms Péturssonar fjármálastjóra Eimskips.

» FASTUR
birta
» PUNKTUR



MORGUNBLAÐSHÚSIÐ VIÐ KRINGLÓTTUNA Forsvarsmenn Árvakurs neita því að viðskipti hafi átt sér stað með hlutafélaginu.

Engin viðskipti með hlutafé í Árvakri hf.

„Ég hef aðeins um frétt Viðskiptablaðsins það að segja að hún er röng,“ segir Hallgrímur B. Geirsson, framkvæmdastjóri Árvakurs hf., útgáfufélags Morgunblaðsins. Viðskiptablaðið greindi frá því í gær að gengið hefði verið frá sölu á 30-35 prósent hlut í Árvakri. Í frétt Viðskiptablaðsins var einnig fullyrt að um væri að ræða tvo fjárfesta og væri annar þeirra Straumur-Burðarás. „Það hafa engir samningar verið gerðir,“ segir Hallgrímur.

Kristinn Björnsson, varaformaður stjórnar Árvakurs og stjórnarmaður í Straumi-Burðarási, tekur í sama streng og Hallgrímur og segir að engir samningar hafi verið gerðir. „Meira vil ég ekki segja um þetta mál,“ segir Kristinn.

Samþykktir Árvakurs gera ráð fyrir því að hluthafar félagsins geti neytt forkaupsréttar gangi hlutir í félaginu kaupum og sölum. Síðast neyttu hluthafar félagsins forkaupsréttar í byrjun maí þegar rúmlega 15 prósent hlutafjár voru seld. - hb

Fimmsta mesta veltan

Hlutabréfavelta í Kauphöll Íslands nam um 22,2 milljörðum króna í gær og er þetta fimmta veltumesti dagurinn frá upphafi. Sem fyrr er 30. september metdagur í veltu, þegar lokið var við uppskiptingu Burðarás milli Landsbankans og Straums, en þá skiptu um hendur hlutabréf að upphæð 113 milljarðar króna.

Stærstur hluti viðskipta gær dagsins var með bréf í Icelandic Group fyrir 14,4 milljarða og í Actavis fyrir 6,3 milljarða. Úrvalsvísitalan hækkaði alla fimm viðskiptadaga þessarar viku. - epa

VELTUMESTU DAGAR MED HLUTABRÉF

(Allar upphæðir í milljörðum króna)

1. 30. september	2005	113
2. 6. september	2005	68
3. 30. september	2004	33,8
4. 19. september	2003	24,8
5. 14. október	2005	22,2

LEIÐABÓK
Strætó bs.

Gildir frá 15. október 2005

Gildir frá 15. október 2005

Ný Leiðabók hjá Strætó tekur gildi í dag!

Til að koma til móts við þarfir notenda hafa verið gerðar breytingar á tímatöflum eftirtalinnar leiða: S1, S2, 11, 13, 14, 21, 22, 24 og 25.

Auk þess hefur þjónustutími leiða 12 og 16 verið lengdur til miðnættis.

Allt um þessar breytingar er að finna í nýrri leiðabók sem nálgast má á solustodum.eda.a.stratoto.is.

Farðu alla leið með Strætó.

MATA HARI (1876-1917)
LÉST PENNAN DAG.



„Dans er ljóð þar sem hver hreyfing er orð.“

Mata Hari var dansari og njósnari. Hún var dæmd til dauða í Frakklandi fyrir að stunda njósnir fyrir Þjóðverja.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ANDLÁT

Kristján Einarsson, Grænegötu 12, Akureyri, andaðist á gjörgæsludeild Landspítala við Hringbraut laugardaginn 8. október.

AFMÆLI



Herdís Þorvaldsdóttir leikkona er 82 ára.



Bergljót Arnalds, leikkona og rithöfundur, er 37 ára.

LEGSTEINAR
S. HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

JARDARFARIR

- 13.30 **Erlendur Guðbjörn Árnason**, Knarrarnesi, verður jarðsönginn frá Borgarnes-kirkju.
- 14.00 **Bragi Ólafsson Thoroddsson**, Aðalstræti 78, Patreksfirði, verður jarðsönginn frá Patreksfirðarkirkju.
- 14.00 **Halldór Jónsson** frá Mannskahóli verður jarðsönginn frá Hofsóskirkju.
- 14.00 **Helgi Breiðfjörð Helgason**, fyrrverandi lyfjaafgreiðslumaður, verður jarðsönginn frá Blönduóskirkju.
- 14.00 **Karvel Ögmundsson**, fyrrverandi útgerðarmaður, verður jarðsönginn frá Ingjaldshóskirkju, Hellissandi.
- 14.00 **Steinunn Bjarnadóttir**, áður til heimilis á Tungötu 19, Seyðisfirði, verður jarðsöngin frá Seyðisfirðarkirkju.
- 14.00 **Unnar Jónsson**, Bröttugötu 4, Vestmannaeyjum, verður jarðsönginn frá Landakirkju.
- 14.00 **Valgerður Sveinsdóttir**, Eyrarbakka, verður jarðsöngin frá Eyrarbakka-kirkju.

PETTA GERÐIST > 15. OKTÓBER 1946

Hermann Göring fremur sjálfsmorð

Á þessum degi árið 1946 framdi Hermann Göring, yfirmaður þýska flughersins og stofnandi Gest-apó, leyndöglegu þýska ríkisins, sjálfsmorð.

Göring kynntist Adolf Hitler árið 1922 og gekk þá strax til liðs við Nasistaflokkinn. Eftir misheppnaða valdaránstíraun Hitlers ári síðar særðist Göring alvarlega og flúði til Austurríkis en varð eftir það háður verkjalyfjum. 1930 útnefndi Hitler hann pólitískan ráðgjafa sinn. Fljótlega eftir að Hitler komst til valda spilaði Göring stórt hlutverk í að koma upp útrýmingarbyggingum fyrir pólitíska andstæðinga Hitlers.

Þann 8. maí árið 1945 var Göring handtekinn af bandarískum



HERMANN GÖRING

hermönnum. Í fangabúðum nálægt landamærum Lúxemborgar varð hinn akfeiti Göring að fara í afeitrun og megrun. Í október 1945 var hann ákærður fyrir stríðsglæpáðómstólnum í Nürnberg sem hæstsetti nasistinn.

1. október árið 1946 var hann fundinn sekur af öllum ákæruatriðum og dæmdur til dauða með hengingu. Hinn 15. október, aðeins nokkrum klukkutímum áður en fullnægja átti dómnum, framdi Hermann Göring sjálfsmorð með því að gleypa blásýr-utöflu.

MERKISATBURDIR

- 1945 Pierre Laval, leiðtogi Vichy-stjórnarinnar í Frakklandi, er tekinn af lífi fyrir landráð.
- 1964 Nikita Krústjoff, leiðtogi Sovétríkjanna, segir af sér.
- 1955 Nóbelsverðlaunahafinn William Faulkner les úr óbirtri skáldsögu sinni á samkomu í Háskóla Íslands.
- 1975 Fiskveiðilögsagan er færð út í 200 sjómílur. Deilum við Bretlauk með samningum sumarið 1976.
- 1979 Ríkisstjórn Benediktsson Gröndal tekur við völdum og situr í Tæpa fjóra mánuði.
- 1990 Mikael Gorbatsjoff hlýtur friðarverðlaun Nóbels.
- 1998 Um sex þúsund Íslendingar halda dagbók á Degi dagbókarinnar.

JÓHANNES KJARVAL: 120 ÁR FRÁ FÆÐINGU MEISTARANS

Hann kallaði mig alltaf Smith

Jóhannes S. Kjarval listmálari var án efa ástsælasti málari Íslendinga á tuttugustu öld. Hann fæddist í Borgarfirði eystri 15. október 1885 og nam við Listaakademíuna í Kaupmannahöfn árið 1914 til 1919. Kjarval fór oftast ótroðnar slóðir í listsköpun sinni. Segja má að hann hafi lagt grundvöllinn að og mótað íslenska nútíma-myndlist með óhefðbundinni túlkun sinni, einkum á íslensku landslagi.

Eiríkur Smith listmálari kynntist Kjarval sem ungur listmálari. Eiríkur hafði einnig lagt stund á nám í Kaupmannahöfn og svo skemmtilega vildi til að þeir Kjarval höfðu haft sama kennarann, Rostrup Bojesen. „Þegar hann var kennarinn minn var hann orðinn mjög gamall maður en þeir höfðu verið ungir menn í akademíunni í Kaupmannahöfn á sínum tíma,“ segir Eiríkur en töluverður aldursmunur var á þeim Kjarval, um fjórir áratugir. „Okkur varð mjög vel til vana og þó hann væri mjög sérkennilegur maður kom hann óskaplega vel fram við mig,“ segir Eiríkur, sem telur að Kjarval hafi verið fljótur að átta sig á

því að eitthvað gagn væri að Eiríki.

Eiríkur minnst fyrstu sýningarinnar sem hann hélt í gamla listamannaskálanum. „Þegar salurinn var orðinn fullur af fólki á opnuninni birtist Kjarval í dyrunum og hrópar yfir salinn, „Hvar er Smith?“ en hann kallaði mig alltaf Smith. Þetta var heilmikil auglýsing fyrir mig því það litu allir upp og ekki þótti afleitt að Kjarval skyldi koma á sýningu hjá ungum listmálara,“ segir Eiríkur, sem á fleiri góðar minningar um Kjarval. „Ég man eftir annarri sýningu sem ég hélt í litlu galleríi í Alþýðuhúsinu. Ég fór til að athuga hvernig gengi og þá beið mín þar bréf frá Kjarvali og það var smekktull af peningum. Það voru verðlaun fyrir góða sýningu,“ segir Eiríkur, sem var dolfallinn yfir þessari greiðasemi. „Hann átti þetta til og þegar ég hafði samband við hann var ekki nokkur leið að fá hann ofan af þessu.“

Kjarval þótti að mörgu leyti stórfurðulegur en Eiríkur telur það þó að einhverju leyti hafa verið sérvisku í honum. „Það var allt



ÁTTÆÐUR Mikil veisla var haldin á áttæðisafmæli Kjarvals og mætti þar margt fyrimenna. Hér er Kjarval ásamt Vilhjálmi Þ. Gíslasyni útvarpsstjóra.

í lagi að ræða við hann ef við vorum tveir saman en ef þriðji maðurinn kom í spilið fór hann að spá og spekulera eitthvað út í vitleysu,“ segir Eiríkur og man eftir skemmtilegu atviki þar sem þeir tveir fóru á sýningu hjá ákveðnum listamanni. „Við gengum saman um salinn og ræddum í rólegheitum. Þá fannst mér hann vera farinn að verða dálítið sérkennilegur í því sem hann var að spekulera í. Þegar ég leit við var þar þjóðkunnur maður sem hékk alltaf við frakkalafið á honum en Kjarval hafði látið hann elta sig heilan hring um salinn,“ segir Eiríkur kím-

inn og bendir á að þarna hafi Kjarval verið að stríða mannum með furðulegum hugleiðingum sínum.

Sem dæmi um fádæma vinsældir Kjarvals er sýning sem hann hélt í Listamannaskálanum við Kirkjustræti hinn 13. febrúar 1945. Mikill mannfjöldi beið eftir því að skáladyr-unum yrði lokið upp og skipti það engum togum að málverkin seldust flest á tuttugu mínútum.

Kjarval þótti fram til síðasta dags meðal fram-sæknustu og djörfustu málara landsins en hann lést 13. apríl árið 1972, 87 ára að aldri.



GAMALL VINUR Eiríkur Smith listmálari kynntist Kjarvali ungur að árum. „Okkur varð mjög vel til vana og þó hann væri mjög sérkennilegur maður kom hann óskaplega vel fram við mig,“ segir Eiríkur meðal annars.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýðug vegna fráfalls ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, sonar, tengdasonar og bróður,

Gísli Viðars Harðarsonar slökkviliðs- og sjúkraflutningamanns, Óðinsvöllum 4, Keflavík.

Guð blessi ykkur öll.

Vilborg Reynisdóttir
Páll Ágúst Gíslason
Reynir Örn Gíslason
Kristín Ósk Gísladóttir
Margrét Jakobsdóttir
Ragnheiður Ragnarsdóttir
Kristín Hermannsdóttir
og systkini



Páll Jónsson
Hörður Jóhannsson
Reynir Eiríksson



Ástkær kona mín, móðir okkar, dóttir og systir,

Sigrún Gunnarsdóttir
Austurgötu 26, Keflavík,

lést á Landspítala Háskólasjúkrahúsi við Hringbraut miðvikudaginn 12. okt. Jarðarförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 21. okt. kl. 14.00.

Þórarinn Þórarinnsson
Gunnar Ragnar Sveinbjörnsson
Bjarni Jón Sveinbjörnsson
Þórarinn Örn Þórarinnsson
Þorgils Arnar Þórarinnsson
Gunnar Ragnar Sveinbjörnsson
Ágústa Sigríður Gunnarsdóttir
Valdís Þóra Gunnarsdóttir
Sara Lind Gunnarsdóttir
Þóra Björk Halldórsdóttir
Ólöf Ösp Halldórsdóttir
Andri Fannar Tómasson

Guðlaug Finnisdóttir
Þóra Halldórsdóttir
Halldór Á. Þórarinnsson
Páll Þórir Jónsson
Jón Gauti Jónsson



Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra er auðsýndu okkur samúð og vinarþug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, bróður, mágs, stjúpa, afa og langafa,

Erlendar Lárussonar

fyrirverandi forstöðumanns Vátryggingar-
eftirlitsins, Krosshörmum 11, Reykjavík.




Anna Sigurðardóttir
Lárus Erlendsson
Stefán Erlendsson
Pálmi Erlendsson
Pálmi Lárusson
Ellert Birgir Erlendsson
Hákon Varmar Önnuson
Úlfhildur Dagsdóttir
barnabörn og barnabarnabarn

Sýta Rúna Haraldsdóttir
Vilborg Helgadóttir
Kristín Jónsdóttir
Elsa Vilmundardóttir

FÆDDUST ÞENNAN DAG



1844 Friedrich Nietzsche heim-spekingur.



1858 John L. Sullivan boxari.



1900 Mervyn LeRoy leikstjóri.



1921 Mario Puzo rithöfundur.



GYÐJAN DURGA Líkneski af gyðjinni Durga er dýft í Brahma-putra-ána í Gauhati á Indlandi. Þetta er hluti af hátíð þar sem þess er minnst þegar gyðjan Durga banaði púka.



Opnum í dag...

GUCCI
DOLCE & GABBANA
FENDI

...ásamt fleiri merkjum í skóm, tös-kum og fylgihlutum.

noma

bankastræti 9, 101 reykjavík

sími 511 11 35

Þegar þjóðin tók höndum saman

Í lok árs 1989 gerðu vinnuveitendur, atvinnurekendur, ríkið og bændur með sér samning sem kallaður hefur verið Þjóðarsáttin. Þetta voru alhliða kjarasamningar sem snerust um að draga úr verðbólgu og auka kaupmátt. Mikið traust þurfti til að undirrita slíka samninga, en fáir trúðu því í raun að verðbólgan myndi hætta að mælast í tveggja stafa tölum.

Allir vilja nú Þjóðarsáttina miklu 1990 átt hafa, en þá komu verkafélögin, atvinnurekendur og ríkisstjórnin, auk bændna að tilraun til að stöðva hringrás kauphækkunar, gengisfellingar og verðbólgu, en hún hafði þá einkennt íslenskt þjóðfélag um langt árabíl.

Verðbólgan í febrúar 1990 var tæplega 24 prósent, en í nóvember sama ár, eftir að áhrif kjarasamninganna frá því febrúar og verðlagseftirlitið fór að hafa áhrif, hafði tekist að koma verðbólgunni niður í rúm 9 prósent. Fór hún svo lækkandi eftir það. Með því gátu fyrirtæki farið að skipuleggja rekstur sinn með öðrum hætti og úr varð mikil endurskipulagning og hagræðing í rekstri fyrirtækja. Í kjölfarið jókst því

bólguna á bak aftur, nema með samstilltu átaki.

Aðdragandinn að þessum samningum hafði verið nokkur langur. Í kjarasamningum 1986 var gerð tilraun til að fara í þessa átt, en Ásmundur Stefánsson segir tvær ástæður fyrir því að hún tókst ekki þá. Annars vegar hafi ansi mikið verið sett yfir á ríkið til að halda verðlagi niðri, sem hafi í raun verið of mikill þungi fyrir fjárlög ríkisins. Hins vegar hafi ekki verið samstaða yfir línuna þegar ASÍ kom út úr samningunum 1986 og aðrir samningar sem komu í framhaldi af almennu samningunum röskuðu þeim viðmiðum sem sátt náðist um í almenna samningnum.

PRÓUN VERÐBÓLGU
í kjölfar þjóðarsáttarsamninga frá júní 1988 til desember 1991.



atvinnuleysi verulega á Íslandi. Árið 1990 voru að meðaltali 2.268 atvinnulausir, en árið 1992 voru þeir orðnir 4.017. Atvinnuleysið jókst til ársins 1995, þegar aftur fór að draga úr atvinnuleysi. Ásmundur Stefánsson sem árið 1990 var forseti ASÍ segir að eftir á að hyggja hafi þessi nýja staða sem upp var komin ótvírætt stuðlað að atvinnuleysinu sem fylgdi. En atvinnuástandið hefði trúlega orðið verra ef ekki hefði verið gripið til aðgerða. „Fyrirtækin hefðu ekki þolað þessar áframhaldandi veltur.“

Samstillt átak

Þeir sem komu að þessum samningum eru sammála um að það hefði aldrei tekist að brjóta verð-

Samningarnir 1988 hafi því verið með mjög háum tölum, en í kjölfarið fylgdu gengislækkunar, til að atvinnurekendur ættu fyrir launum. Þeir samningar voru síðasta veltan áður en aðilar vinnumarkaðarins settust að samningaborði og gjörbreyttu forsendum hagvaxtar hér á landi.

Kaupmáttur í stað kauphækkana

Í stað þess að launþegar sæktust eftir háum launahækkunum, og vonuðust svo til að verðbólgan myndi ekki éta hækkunina alla, var farið að líta frekar á hækkun kaupmáttar. Einar Oddur Kristjánsson, sem var formaður Vinnuveitendasambands Íslands á þeim tíma, segir nú að megin ástæða þess að samningarnir urðu að veruleika hafi verið viðhorfsbreyting hjá forsvarsmönnum verkamanna, sem hafi séð hve illa



SÁTTIR VIÐ SAMNINGA Ásmundur Stefánsson forseti ASÍ, Haukur Halldórsson formaður bændasamtakanna og Einar Oddur Kristjánsson, formaður VSI fagna hér undirskrift samninga 2. febrúar 1990.

verðbólgan fór með umbygðendur þeirra, sérstaklega það fólk sem lægstu launin hafði og lífeyrisþega. Þeir sem hafi borið kostnaðinn af þessum samningum hafi verið sauðfjárbændur, en bæði kom það til að verð á landbúnaðarvörum var fryst til áramóta og útflutningssjóður landbúnaðarafurða var lagður niður, en þaðan hafði dágóður hluti tekna sauðfjárbændna komið.

Samningar Alþýðusambands og vinnuveitenda 1988 giltu einungis til eins árs. Það var því þegar líða tók á 1989, þegar samningaviðræður voru hafnar að nýju, að hugmyndir um einhvers konar samning, sem allir aðilar kæmu að, urðu áþreifanlegar, en ekki einungis hugmyndir einstakra manna.

Samningaviðræðum frestað

Í desember 1989 var samningaviðræðum frestað, til að hægt væri að ræða við aðildarfélög ASÍ, sem þá var komið í samstarf við BSRB, og VSI til að kynna þær hugmyndir sem voru uppi á borðinu og afla þeim stuðning.

Ljóst var að ekki voru öll aðildarfélög ASÍ samþykkt þessari leið sem þjóðarsáttarsamningarnir buðu upp á, enda fólst í þeim allt annar hugsunarháttur en áður hafði verið.

Gert var ráð fyrir mun minni verðbólgu en bæði hagfræðingar og almenningur trúðu að gæti orðið. Einnig voru samskipti forsvarsmanns ASÍ, Ásmundur Stefánssonar, og forsvarsmanns Verkamannasambandsins, Guðmundar J. Guðmundssonar nokkuð treg á þessu tímabili. Guðmundur var lykilmáður í að samningarnir gætu orðið að veruleika, þar sem hann var í forsvari fyrir helstu láglaunastéttir landsins. Án þátttöku í samningunum, hefðu þeir ekki orðið.

Þáttur Guðmundar

Þeir sem áttu aðild að þessum samningum eru sammála um mikilvægi Guðmundar í þessu ferli. Hins vegar eru þeir ekki sammála um hlut hans í samningunum sjálfum. Á það hefur verið bent að Gunnar I. Birgisson hafi verið fenginn til að sannfæra Guðmund um ágæti þeirrar leiðar sem þjóðarsáttin fól í sér. Guðmundur var fjölskylduvinnur Gunnars og Gunnar tefldi skák fyrir Dagsbrún. Sjálfur segist Gunnar hafa tekið í nefið með Guðmundi í ófá skiptin á þessum tíma.

Í fimmtugsafmæli Más Guðmundssonar, sem á þessum tíma var ráðgjafi Ólafs Ragnars Grímssonar fjármálaráðherra, sagði Svanfríður Jónasdóttir sem þá var

aðstoðarmaður Ólafs, frá því að þær tölur sem stuðst var við í þjóðarsáttinni, hafi þar á undan um alllangt skeið verið til í tölvu Más, sem hafði sérhæft sig í því hvernig slökkva ætti verðbólguþálið. Þær tölur hafi komist á samningaborð með vinnuveitendum í gegnum Guðmund, en trúnaður hafi ríkt á milli Guðmundar og Ólafs Ragnars. Þessar tvær frásagnir þurfa ekki endilega að útiloka hvor aðra, en vísa til þess hve mikilvægur stuðningur Guðmundar var talinn af öllum aðilum.

Samningar ASÍ og VSI

Eftir langa samningalotu voru samningar undirritaðir aðfaranótt föstudagsins 2. febrúar 1990. Samið var um 9,5 prósent launahækkun yfir átján mánaða tímabil. Þá var samið um sérstakar uppbætur á lægstu launin og var viðmiðið undir 60 þúsund krónum. Þeir sem voru í fullu starfi fengu 10 þúsund króna orlofsuppbót þá sumarið. Eftir tveggja ára starf áttu launþegar rétt á sex mánaða fæðingarorlofi.

Skipuð var launanevnd til að fylgjast með þróun kaupmáttar og hefði verðlag hækkað umfram viðmiðunarmörk í maí og september 1990, en í maí 1991 átti launanevndin að ákveða viðbrögð.

Aðkoma ríkisins

Til að greiða fyrir kjarasamningum hét Steingrímur Hermannsson, þáverandi forsætisráðherra, að verja 750 milljónum umfram fjárlög til að halda verði landbúnaðarafurða óbreyttu til 1. desember 1990.

Fritekjumark tekjutryggingarþega gagnvart greiðslum úr lífeyrissjóðum hækkaði og ríkið hét greiðsluábyrgð ríkissjóðs gagnvart lífeyrissjóðum við gjaldþrot fyrirtækja næstu 18 mánuðina. Draga átti úr fyrirhuguðum sköttum eða opinberum gjöldum sem næmi 0,3 prósent lækkun á framfærsluvísitölu. Þá óskaði rík-

isstjórnin eftir auknum kaupum lífeyrissjóða á spariskírteinum ríkissjóðs, umfram kaup á bréfum Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Hlutur banka og sparisjóða

Ríkið lofaði að lækkun vaxta yrði tryggð til frambúðar til samræmis við hjaðnandi verðbólgu. Allir bandar og sparisjóðir komu inn í viðræðurnar og lofuðu sjö prósent lækkun á vöxtum almennra skuldabréfa. Aðrir vextir myndu lækka til samræmis.

Bankarnir voru allflestir ríkisbankar á þessum tíma, utan Íslandsbanki og sparisjóðir. Lækkun vaxta gat því verið ákvörðuð með valdboði. Þegar kom að þessum þætti samningsins þurfti þó að sannfæra bankastjórnendur um að byggja vaxtaákvörðun sína ekki á þáverandi verðbólgu, því mikið lá undir því að bankarnir biðu ekki eftir verðbólguhjúðun, heldur lækkuðu vexti strax.

Eftirfylgnin

Til að fylgja þessum samningum eftir var komið á fót virku verðlagseftirliti og

hafði Verkamannasambandið til að mynda mann í vinnu sem fylgdist með því hvort verð færi hækkandi.

Fyrirtæki á markaði voru ekki sett undir verðlagsákvæði, þrátt fyrir að sumt verðlag byggðist enn á ákvörðunum verðlagsnefndar, eins og gjaldskrá leigubíferða. Þess í stað var mikið eftirlit með verðlagshækkunum bæði hjá launþegasamtökum og í fjölmiðlum.

Ef talið var að til dæmis innflytjandi væri með óeðlilegt verðlag, þá fóru aðilar frá ASÍ og töluðu við hann. Ásmundur Stefánsson segir að flestir hafi tekið því vel og þessum heimsóknum hafi ekki verið tekið sem óeðlilegum afskiptum. „Það náðist andi með og tilfinning samábyrgðar, til að hlutirnir gengu eftir.“

Það var því í mikilli þjóðarsátt sem brugðist var við vaxandi verðbólgu í merkustu kjarasamningum síðari tíma.

svanborg@frettabladis.is



SAMFERÐA Á FUND Bætt samskipti vinnuveitenda og launþega má kannski sjá á þessari mynd, þar sem Ásmundur Stefánsson, forseti ASÍ og Þórarinn V. Þórarinnsson, framkvæmdastjóri VSI voru samferða á samningafund.

Eitraða ákvæðið


Eftir sex vikna verkfall BHMR, vorið 1989, tók ríkisstjórnin, án samráðs við samninganefnd ríkisins sem stóð í viðræðum við BHMR, að ganga til samninga.

Allt frá upphafi samningaviðræðanna kröfðust samningamenn BHMR, með Pál Halldórsson í forsvari, að háskólamentaðir ríkisstjórsmenn fengju sjálfkrafa launahækkun ef samið yrði um slíkt við aðra aðila á vinnumarkaði. Þetta ákvæði, sem kallað var „eittraða ákvæðið“ átti að vera aukreitis við kröfu BHMR um

leiðréttingu launa með um 10 prósent launahækkun.

Mikil óánægja var með þennan samning innan BSRB og ASÍ, þar sem þjóðarsáttarsamningarnir byggðu á þeirri forsendu að allir fengju sömu launahækkun. Í sáttinni fólst því að ógilda þurfti samninginn við BHMR, eins og gert var með bráðabirgðalögum í ágúst 1990.

Sú ákvörðun að ógilda samninginn við BHMR, sem fjármálaráðherra hafði lofað mjög eftir undirritun olli mestu ógunni vegna þjóðarsáttarinnar.



FJÖLDI ATVINNULAUSRA Meðaltal á árunum 1990-2000.

Jensen - bara vellíðan

Rýmum fyrir nýjungum.

Eldri gerðir á **25%** afslætti á meðan birgðir endast



Opið:

Mán. - fös. 10.00 - 18.00 • Laugard. 11.00 - 16.00 • Sunnud. 13.00 - 16.00



TM - HÚSGÖGN

Síðumúla 30 - Sími 568 6822
- *ævintýri líkust*



ALVARA LÍFSINS Kolbeinn og Kristín undirbúa næsta tíma með því að horfa á gömul áramótasögu og spaugstofuþætti.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skyggnst í spéspegil fortíðarinnar

Grín er ekki bara spaug og það veit Kolbeinn Óttarsson Proppé sagnfræðingur sem rýnir í 20. öldina gegnum grínið. Bergsteinn Sigurðsson átti grafalvarlegt samtal við Kolbein.

„Ég held að grínið geti sagt okkur heilmargt um samfélagið,“ segir Kolbeinn Óttarsson Proppé sagnfræðingur. Hann og Kristín Einarsdóttir þjóðfræðingur kenna um þessar mundir námskeið við Endurmenntun Háskóla Íslands sem nefnist Samviskubít þjóðarinnar: Sagnfræði tuttugustu aldar séð í Speglinum. Þar er skoðað hvernig atburðum síðustu aldar voru gerð skil í helstu ádeilu- og grínmiðlum þjóðarinnar. Spegilinn má kalla spaugstofu síns tíma þar sem dregið var dár að atburðum líðandi stundar.

„Hugmyndin er komin frá Kristínu,“ segir Kolbeinn. „Hún hafði gert útvarpsþætti sem fjölluðu um Spegilinn, sem kom út nærri samfleytt á árunum 1926 til 1970. Eitt sinn ræddi hún við

mig um Alþingishátíðina og Lýðveldishátíðina sem Spegilinn fjallaði um á sinn hátt og í kjölfarið kviknaði hugmyndin að námskeiðinu.

Beittari samfélagsrýni

Áður en hann kynntist Kristínu hafði Kolbeinn velt gríni lítið fyrir sér nema til að hlæja að. Um leið og hann fór að kynna sér málið sá hann hins vegar að þetta var kjörinn vettvangur til skyggnaðs í þjóðarsálinu. „Ég hafði hingað til skoðað 20. öldina í gegnum opinbera miðla, ævisögur og því um líkt og þar er söguskoðunin jafnan opinber og hleypir manni ekki svo létt bak við. En þegar maður fer að rýna í hverju menn hlógu að hverju sinni, hvað þótti ekki fyndið og

hvað fór yfir strikið sér maður glitta í baksviðið.“

Í spauginu felst oft en ekki beittari og óvægnari samfélagsgagnrýni sem Kolbeinn telur að fæstir kæmst upp með undir öðrum formerkjum. „Það er til dæmis merkilegt að skoða hvernig Spegilinn fjallar um inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið árið 1949. Þótt þjóðin væri klofin í herðar niður komst hann upp með að gera stólpagrín að þessu öllu saman.“

Kolbein rekur ekki minni til þess að blaðið hafi þótt ganga of langt, fyrr en á 9. áratugnum þegar Úlfar Þormóðsson hóf útgáfu Spegilsins á ný. Þá var Úlfar dæmdur fyrir guðlast vegna mynda sem þóttu taka út yfir allan þjófabálk. „Guðlast er ein af þessum heilögu kúm sem ekki virðist mega stugga við, til dæmis var Spaugstofan líka kærð til ríkissaksóknara fyrir guðlast.“

En hin hefðbundnu viðmið þess sem má gera grín hafa vissulega breyst með tímanum. Kolbeinn bendir til dæmis á að fyrir embættistíð Ólafs Ragnars Grímssonar var það lítið illu auga að gera gys að embætti forseta Íslands. „En eftir að hann náði kjöri hefur verið opið skotleyfi á embættið.“

Gróteska bylgjan

Rétt eins og í öðrum listum skapast þörf til að ögra hinu viðtekna í gríni með reglulegu millibili. Lengi vel einkendist íslenskur húmor nær eingöngu af skemmtisögum af nafngreindum mönnum, oft en ekki prestum og pólitíkusum, en Kolbeinn telur að á 10. áratugnum hafi orðið vatnaskil. Þau rekur hann til sjónvarpsþáttanna Limbó, sem Davíð Þór Jónsson og Steinn Ármann Magnússon gerðu. „Þeir mörkuðu upphaf að nýrri bylgju í íslensku gríni sem einkennist af meiri grótesku en þjóðin átti að venjast í sjónvarpi.“

Margir supu vissulega hveljur yfir þáttunum, enda voru þeir teknir af dagskrá áður en langt um leið. „Það tók töluverðan tíma þar til svona grín festi sig í sessi hérna, en ef Limbó væru sýndir í dag efast ég um að það færi fyrir brjóstið á nokkrum.“

Kolbeini finnst merkilegt að

ÚR BÓKINNI FORÐIST OKKUR Enginn gengur lengra í að ögra hinum viðteknum mörkum en Hugleikur Dagsson að mati Kolbeins.



SPAUGSTOFAN Spegillinn okkar tíma þar sem gert er gys að atburðum líðandi stundar.

gróteskur húmor hafi ekki átt upp á pallborðið hjá Íslendingum fyrr en í seinni tíð. „Því ef maður les Íslendingasögurnar og fornsögurnar sést greinilega að þær eru stútfullar af slíkri kímni. Það má jafnvel renna stóðum undir þá fullyrðingu að gróteskan sé upphaflegt grín Íslendinga og þróunin sé komin í hring,“ segir Kolbeinn og hlær.

Samfélagslegur ventill

Grín verður aldrei til í tómarúmi, segir í lærðum kenningum, heldur á það rætur að rekja til þess andrúmslofts sem ríkir í samfélaginu hverju sinni. Kolbeini finnst það ekki fráleit hugmynd. „Breskur húmor er oft en ekki mjög grófur og þar er ekkert heilagt. Á þeim tíma sem umræðan um fóstureyðingar var í algleymingi varð til dæmis ógeðfellt grín um dauð smábörn vinsælt.“

Hið sama má segja um teiknimyndasögur Hugleiks Dagssonar, að mati Kolbeins sem telur að hann gangi lengst hér á landi í að ögra viðteknum mörkum. „Teiknimyndasögurnar hans taka oft á málum sem eru mikið í umræðunni; barnaníðingum og sífjaspellum. Fyrir áratug hefði allt orðið brjáláð en núna held ég að þær virki frekar sem einhvers konar samfélagslegur ventill sem hjálpar fólki að blása út.“

Önnur þróun í gríni á Íslandi er vaxandi tilhneiging til að draga annað fólk inn í það. „Það gengur

mikið út á hrekki og sumir ganga mjög langt, til dæmis Strákarnir sem jafnvel ræna fólki. Svo eru útvarpsþættir sem senda út neyðarlegar stundir fólks og við hin hlustum á og hlæjum. Þetta er þróun sem er í takt við annað í samfélaginu, til dæmis raunveruleikaþætti.“

Kolbeinn er þó ekki sérlega uggandi yfir að þessi þróun fari út fyrir öll mörk. „Eru ekki allar breytingar eins og teygja? Einhver strekkir hana of langt og hún skýst til baka en að lokum næst ákveðið jafnvægi. Og það er einmitt þess vegna sem grín er góður miðill til að rannsaka samfélagið.“



SPEGILINN Helgisleppjan var víðs fjarri í Speglinum þegar Ísland varð sjálfstætt ríki.



Afar vönduð

skovby 20% afsl.

borðstofusett

af sérpöntunum og
uppstillingum **7.-19. okt.**

SÍÐUSTU DAGAR!



Design: Per Hånsbæk · Nýtt frá Skovby stækkanlegt borð f.20 manns



100x200 cm
39.4x78.7"



100x356 cm
39.4x140"



100x512 cm
39.4x201.6"



Mikið úrval - Komdu núna og gerðu frábær kaup!

skovby
Borðstofuhúsgögn

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Opið Virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16 / Sunnud. kl.13-16

NOKIA DAGAR

HJÁ OG VODAFONE 8. - 23. OKTÓBER

NOKIA 3220

12.900 kr.

LASER SKEL FYLGIR



MYNDAVÉL



TRI BAND



VEKJARI



MYNDSKILABOD



DAGBOK



SKIPT UM ÚTLIT



NOKIA 5140i

16.900 kr.



SPILAR MYNDSKLEIÐ



RAKA- OG
HÖGGÞETTUR



TRI BAND



MYNDAVÉL MEÐ LJÓSI



MYNDSKILABOD



FM ÚTVARP

BORGARFERÐ TIL EVRÓPU



þeir sem kaupa Nokia símtæki á tímabilinu skrá nafn sitt í pott og eiga möguleika á að vinna ferð fyrir tvo til Evrópu.

og



Heyrumst!

Komdu í Og Vodafone verslun, smelltu þér á www.ogvodafone.is eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.



HRAFNHILDUR HAGALÍN GUÐMUNDSDÓTTIR Á HVERFISGÖTUNNI Hefur oftast búið á efri hæðum húsa með stórfenglegt útsýni yfir borgir og sjó.

Göturarnar í lífi Hrafnhildar Hagalín Guðmundsdóttur, leikskálds og gítarleikara

Á náttfötunum utan við brennandi hús í París

Í fyrstu götu Hrafnhildar Hagalín Guðmundsdóttur, leikskálds og klassíks gítarleikara, fór það hennar út á náttslöppnum til að elta uppi búðarþjóf. Nokkrum árum seinna hrundi hús Hrafnhildar á Spáni og í París brann ofan af henni þar sem hún stóð í náttfötunum einum saman. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir fékk leiðsögn um göturnar í lífi Hrafnhildar.

Framnesvegur 29 í Reykjavík

Ég var svalabarn, alin upp á fjórðu hæð á Framnesveginum, með mömmu, pabba, systur minni og ömmu. Þaðan var frábært útsýni úr íbúðinni yfir sjóinn. Á neðstu hæðinni var kjörbúð og mikið líf í kringum búðina. Ég hékk úti í glugga langtímum saman og horfði á fólk fara inn og út úr búðinni. Einu sinni var brotist þar inn um miðja nótt. Mamma hrökk upp og skipaði pabba að fara niður en hann gaf sér ekki tíma til að klæða sig einu sinni. Það var fjallað um þetta í öllum blöðum daginn eftir: „Maður í rauðum silkislopp eltir þjóf.“ Ég skammaðist mín voðalega þegar ég sá að þetta var pabbi. Þetta voru góð ár, en svo dó amma og systir mín flutti burt.

Þarna bjó ég til sautján ára aldurs. Vinir mínir voru alltaf að flytja en við fluttum aldrei. Mér fannst það hálf leiðinlegt. En loksins kom að því að foreldrar mínir tóku sig upp, byggðu hús við Fjörugranda og þangað fórum við þegar ég var nýbyrjuð í menntaskóla. Einhverra hluta vegna kunnum við aldrei við okkur í nýja, fína húsinu þótt það væri flott og með sérhönnuðum innréttingunum og allt. Mamma komst að því að hún væri ekkert fyrir garða og þá hellulagði hún garðinn. En allt kom fyrir ekki.

Calle Santo Domingo í Alcoy á Spáni

Eftir að hafa klárað Tónlistarskólann fór ég til borgarinnar Alcoy í fjöllumun nálægt Alicante á Spáni til framhaldsnáms í klassískum gítarleik. Þar bjó ég fyrst í nokkra mánuði í lítilli, dimmri kytru í götu sem ég man ekki hvað heitir en var full af sígaunum. Ég skildi ekki spænsku og man bara eftir kakkalökkum sem flugu fyrir utan dyrnar á húsinu. Einn og einn dúkkaði svo upp inni og maður komst fljótlega að raun um að þetta eru ódrepaði kvikindi.

Eftir áramótin það árið, en þetta var veturinn 1986 til 87, flutti ég í aðra íbúð, hátt upp, á

fjórðu hæð á Calle Santo Domingo. Í þeirri götu var gítarkennarinn með tímana sína svo það var mikið um að vera í götunni, alltaf Japanar að labba til og frá með gítarkassana sína, og allra þjóða kvikindi að koma til kennarans í tíma. Ég var með litlar svalir sem sneru út á götuna og gat fylgst

Framnesvegur
Calle Santo Domingo
Austurströnd
Rue de l'Arbalette
Rue St. Severin
Laugavegur
Hverfisgata

með öllu. Ég tók við þessari íbúð af göðum vini mínum, japönskum gítarleikara sem var að fara heim til Japans. Þarna skrifaði ég helmingsinn af fyrsta leikritinu mínu og þarna voru haldnar miklar alþjóðlegar veislur. Ég frétti svo að húsið hefði hrundi stuttu eftir að ég flutti úr íbúðinni. Skall hurð nærri hælum þar.

Austurströnd á Seltjarnarnesi

Eftir að ég kom heim frá Spáni bjuggum við mamma í stórri íbúð á efstu hæð Austurstrandar á Seltjarnarnesi. Þar var líka ótrúlegt útsýni. Þaðan flutti ég svo til Parísar veturinn 1989.

Rue de l'Arbalette í París í Frakklandi

Ég lærði frönsku og leikhúsfraði við Sorbonne-háskólann í París í þrjú ár. Lengst af bjó ég í lítilli íbúð í Latínuhverfinu. Hún var hálf dimm og sorgleg, en ég lét mig nú samt hafa það. Hverfið var skemmtilegt; stór matarmarkaður í næstu götu og mikið um að vera. Ég gafst svo upp á íbúðinni á Rue de l'Arbalette þegar einhver náungi gekk örna sinna fyrir fram-ann nokkrar dyr í húsinu, meðal annars fyrir fram minar dyr. Þá ákvað ég að nú væri kominn tími til breyta til.

Rue St. Severin í París í Frakklandi

Þá tók ég við íbúð sem vinkona mín, Arndís Hrönn Egilsdóttir, hafði áður leigt. Það voru frekar sköndin skipti því við ákváðum í sameiningu að ég tæki við hennar leigusamningi og myndi þykjast vera hún ef eigandinn hringdi, en íbúðin var í eigu forríks átræðs vínræktargreifa sem hét Monsieur de Cognac. Þetta gekk mjög vel á meðan ég talaði bara við hann í síma en svo versnaði í því þegar hann vildi allt í einu hitta mig. Ég gat ekki snúið mig út úr því en greifinn var orðinn talsvert sjónþapur, sem betur fer. Ég lék Arndísi nokkuð vel og reyndi allt til að vera jafn kynþokkafull og hún, en Mr. de Cognac hafði orð á að ég hefði nú breyst dálítið. Ég var í eitt ár í íbúðinni á Rue St. Severin, lengst af með Pétri Jónassyni eiginmanni mínum sem þá var kominn til sögunnar. Á neðstu hæðinni var grískur veitingastaður og hljómaði lagið „Grikkinn Zorba“ þar öll kvöld ásamt hávaða frá því þegar verið var að brjóta leirtau samkvæmt grískum sið. Gatan er mjög þröng og beint fyrir framan gluggann er gotnesk kirkja en ófreskjurnar sem skreyttu kirkjuna náðu næstum inn um gluggana okkar. Eina nóttina kviknaði í gríska veitingastaðnum og við komumst við illan leik á náttfötunum út, stóðum og horfðum á gríska veitingastaðinn brenna ásamt flækingi sem bjó þarna í götunni og hundinum hans.

Laugavegur 42 í Reykjavík

Við Pétur keyptum okkar fyrstu íbúð á Laugavegi 42 en þar var áður arkitektastofa sem við breyttum í íbúð. Þetta var falleg íbúð og við bjuggum þar í fjögur ár; eignuðumst góða nágranna og vini.

Hverfisgata 52

Nú bý ég á Hverfisgötu, aftur á efstu hæð og aftur í stórra íbúð með glæsilegu útsýni yfir Sundin og nýja Skuggahverfið. Þetta virðist elta mig...

Lang stærsta nammiland landsins

Tæplega 200 tegundir*

*Mesta úrval í Kringlu, Smáralind og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum.

Munið eftir að bursta tennurnar reglulega!



50%
afsláttur
alla laugardaga



50%
afsláttur við
kassa

Ben & Jerry's ís
- alvöru amerískur ís á góðu verði



50%
afsláttur við
kassa

Kjörís íspinnar
- margar tegundir

Gildir 15. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



Í hvað fer íslenska álið?

Ál er málmur framtíðar og framleiðslan eykst ár frá ári, ekki síst á Íslandi þar sem orka og umgjörð lands er föl fyrir álframleiðendur heims. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir velti fyrir sér hvað af álinu sem Íslendingar framleiða kemur aftur heim og í hendur íslenskra neytenda.

Ál er þriðja algengasta frumefni jarðskorpunnar, næst á eftir súrefni og kísli, og af öllum málum á jörðinni er mest til af áli, þrátt fyrir það finnst hvergi hreint í náttúrunni. Ál er nefnilega alltaf í sambandi við önnur jarðefni og aðeins hægt að vinna ál til hagnýtingar úr bergtegundinni báxíti sem finnst aðallega á breiðubelti við miðbaug jarðar. Úr báxíti er svo súrál unnið en það er efnasamband súrfeffnis og áls og líkist fínnum hvítum sandi. Súrál er svo meginhráefni í álframleiðslu, en með rafstraumi er hægt að kljúfa það í frumefni sín.

Ál finnst í jarðvegi, flestum bergtegundum og öllum leirtegundum. Því eru íslensk fjöll, þar með talinn Keilir, að hluta til úr áli. Ál finnst einnig í matvælum, mannslíkamanum, gróðri, vatni og meira að segja rykögnum andrúmsloftsins.

Íslendingar framleiða æ meira ál fyrir heimsmarkað, en alls reka nú þrjú álframleiðendur álverksmiðjur á Íslandi; Alcan í Straumsvík, Norðurál í Grundarfirði og Fjarðaál sem byggir nú í Reyðarfirði. Fæstir sjá framleiðsluna eigin augum nema þeir sem vinna í álinu, en margt af því áli sem Íslendingar flytja utan kemur aftur heim með einum eða öðrum hætti.

Þannig fer álið okkar meðal annars í háspennu- og millispennulínur til rafmagnsflutninga, rafmagnsstrengi fyrir jörð og sjó, stóra rafala og aflspennur, bílaframleiðslu; bretti, álfelgur, vélarhlífur, bremsuáhluti og stýrisstangir. Meðal bílaframleiðenda sem nota íslenska álið eru Audi, Benz, BMW, Cadillac, Chevrolet, Chrysler, Ferrari, Ford, Harley Davidson, Honda, Mazda, Opel, Volvo og Rolls Royce.

Íslenska álframleiðslan kemur einnig til baka utan á íslensk hús í formi Alucubond-álklæðninga, ýmsar pakkningar í lyfjaiðnaði, matvælapökkun; niðursuðudósir og krukkuok, álpappír til heimilisnota, tappa og álpappírskraga utan á bjórflöskur, prentplötur í prentiðnaði, skrautlista á bíla, álþynnur innan á drykkjarpakkningar fyrir Tetra-Pak (Elo-Pak) og súkkulaðipakkningar, eins og Cadbury's.

Heimildir: Alcan á Íslandi og Fjarðaál.



„Maður fékk sting í hjartað“

Læknanemar, félagsráðgjafi og mannfræðingur segja frá reynslu sinni af verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar á Indlandi.

Frásögn og myndir í safnaðarheimili Háteigskirkju sunnudaginn 16. október kl. 16-18.

Kaffi og kleinur.

 Hjálparstarf Kirkjunnar

www.help.is



Vissir þú að...

...flestir nota ál oft á dag, án þess að taka eftir því. Það er meðal annars notað í geisladiska, spegla, sprittkerti, reiðhjól, potta og pönnur.

...í Evrópu eru árlega seldar yfir 40 milljarðar eininga af drykkjum í áldósum.

...að á Íslandi er yfir 85 prósent af notuðum áldósum skilað til Endurvinnslunnar. Dósirnar eru svo sendar til Englands þar sem álið er endurunnið.

...að hægt er að endurvinna ál aftur og aftur án þess að það tapi eiginleikum sínum.



Sólarupprás Hádegi Sólarlag
 Reykjavík 8.18 13.13 18.08
 Akureyri 8.07 12.58 17.48
 Heimild: Almanak Háskólans

allt

bílar o.fl.

REYNSLUAKSTUR
 Nýr Hyundai Getz
 bls. 2



ferðir o.fl.

LONDON
 Ewan McGregor á sviði
 bls. 11



FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL

Góðan dag!

Í dag er laugardagurinn 15.10,
 288. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Ég þori ekki að lemja stóra bróður þegar hann stríðir mér, ég sparka bara í skuggann hans í staðinn.



SMÁUGLÝSINGAR

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

SMÁUGLÝSINGAR
 SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ
 SMÁUGLÝSINGAR
 Á vísir.is



Kjartan Þór Þorbjörnsson, Loftur Ágústsson, Freyr Jónsson og Sigurður Magnússon stoltir með dekkinn nýju.

Íslensk jeppadekk komin á markað

Fyrir fimm árum fæddist sú hugmynd hér á landi að hanna vetrardekk fyrir breytta jeppa. Nú er dekkið, AT 405, komið á markað.

Þeir Loftur Ágústsson og Freyr Jónsson eiga það sameiginlegt að vera forfallnir jeppa-áhugamenn. Á ferðum sínum um landið kemur ekkert annað til greina en að vera á breyttum jeppum, og dekkinn eiga að sjálf-sögðu að vera 38 tommur. Á þessum ferðum fannst þeim oft sem úrvalið af dekkjum væri ekki nægilega gott, engin dekk dygðu nægilega vel að vetrarlagi í íslenski ófærð. Fleiri jeppamenn voru sammála þeim félögum.

Svo fór að þeir tóku málin í sínar hendur og hófust handa við að hanna 38 tommu vetrardekk. Þetta var fyrir fimm árum síðan og nú eru dekkinn komin á markað, seld hjá Arctic Trucks þar sem þeir félagarnir vinna. „Þetta hefur verið ótrúlegt ævintýri, mikið

gengið á. Við vorum oft næstum hættrir við allt saman en héldum áfram,“ segir Loftur. Hann er markaðsstjóri Arctic Trucks en Freyr er þar tæknimaður. Freyr bar hitann og þungann af hönnun dekkisins en Loftur hvatti hann áfram og hélt utan um verkefnið. Auk þeirra komu þeir Emil Grímsson og Skúli K. Skúlason að framleiðslu dekkisins. „Við lærðum af reynslunni og prófuðum okkur áfram,“ segir Loftur, sem meðal annars hefur farið í nokkrar ferðir til Kína en þar eru dekkinn framleidd.

Dekkin, sem bera heitið AT 405, hafa verið í prófun hér á landi undanfarnir þrjú ár. Að mörgu var að huga. „Við erum mjög ánægðir með afrestur vinnu okkar,“ segir Loftur, sem reiknar með að eigendur breyttra jeppa á Íslandi verði líka ánægðir með dekkið, enda eina 38 tommu vetrardekkið sem framleitt er í heiminum, þauprófað við íslenskar aðstæður.

Dekkin verða til að byrja með á sérstöku kynningarverði, 35.900 stykkið, en munu kosta 39.900 kr.

LIGGUR Í LOFTINU

[FERÐIR OG BÍLAR]

Flugsætum út í heim fjölga því nú hafa bæði Heimsferðir og Iceland Express nú bætt við borgum sem við Íslendingar getum heimsótt. Nú verður hægt að fá flugsæti beint til borga eins Prag, Alicante, Friedrichshaven og Forlí á Ítalíu. Þetta er kærkomin viðbót við þær borgir sem hingað til hefur verið flogið beint til.

Volvo S80 verður brátt fáanlegur í sérstakri Executive-útgáfu hjá Brimborg. Billinn mun verða hlaðinn aukabúnaði og verður hann seldur á sérstöku tilboðsverði. Aðeins örfá eintök af þessari S80 Executive-útgáfu munu koma til landsins.



Budget bílaleiga hefur sett upp einfalt kerfi fyrir viðskiptavinum sína. Nú velur fólk einfaldlega hvort það vill fá fólksbíl eða jeppa og hvort það vil borga kílómetragjald eða fá ótakmarkaðan akstur.

Í dag er tilvalið að kynna gömlu haustverkunum á Norðurlandi. Í Laufási við Eyjaförð verða sýnd ýmis gömul handtök haustverka og fjölbreyttur matur verður á boðstólum. Dagskráin hefst með barnasamveru í Laufáskirkju klukkan 13.30 og mun dagskráin standa til 17.00. Tilvalið að kíkja með alla fjölskylduna.

Frjáls íbúðalán

4,15%

100%
 veðsetningarlutfall
 vextir

Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti

Lánin eru verðtryggð og bera fasta 4,15% vexti sem eru endurskoðaðir á fimm ára fresti. Hægt er að greiða upp án uppgreiðslugjalds þegar vextir koma til endurskoðunar. Engin hámarksupphæð og er lánstími allt að 40 árum. Krafa er gerð um fyrsta veðrétt íbúðarinnar. Lánshlutfall er allt að 80% við endurfjármögnun fasteigna (engin hámarksupphæð) og 100% við kaup fasteignar (hámarksupphæð 25 milljónir króna). Hægt er að nota lánin til íbúðarverka, til að stokka upp fjármálin eða í eitthvað allt annað.

Dæmi um mánaðarlega greiðslubyrði af 1.000.000 kr.*

Lánstími	5 ár	25 ár	40 ár
4,15% vextir	18.485	5.361	4.273

*Lán með jafngreiðsluáferð án verðbóta



Hólmgeir Hólmgeirsson
 rekstrarfræðingur er lánafulltrúi
 á viðskiptasviði

Ragnheiður Þengilsdóttir
 viðskiptafræðingur er lánafulltrúi á viðskiptasviði.

Ráðgjafar okkar veita allar nánari upplýsingar. Þú getur litið inn í Lág múla 6, hringt í síma 540 5000 eða sent tölvupóst á frjalsi@frjalsi.is



allt bílar o.fl.

Olía

á bílum þenst út þegar hún er heit en dregst saman þegar hún er köld. Því er best að mæla olíuna þegar vélin er heit svo ekki líti út fyrir að olíu vanti þegar nóg er af henni.



VÖRUBÍLAVARAHLUTIR
SCANIA, VOLVO OG MAN

G.T. ÓSKARSSON EHF

VESTURVÖR 23, 200 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6000

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRÍÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.

Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi

Sími: 567 7360 · www.bfo.is



ALLT Á EINUM STAÐ

- VETRARDEKK
- HEILSÁRSDEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- BÓN OG ÞVOTTUR
- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BREMSUKLOSSAR
- ÞÚSTÞJÓNUSTA

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN

SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

RÉTTINGAR ehf.
Bilaverkstæði Gisla Hermannssonar
Vagnhöfða 12 - 110 Reykjavík
Sími: 587-2330 - Faksi: 587-9444 - bghrettingar@vni.is
www.bgh-rettingar.is

Tjónaskoðun
Við réttum og
málum fyrir þig



VINNUM EFTIR
CABAS-KERFINU



DAEWOO LYFTARAR

NPK

FLEYGAR - KRABBAR -
KLIPPUR O.FL.



BORBÚNAÐUR



BLÖÐ OG FRÆSITENNUR

NOTAÐIR LYFTARAR Á LAGER - VIÐGERÐARÞJÓNUSTA
VARAHLUTIR Í FLESTAR GERÐIR LYFTARA
FJADRIR OG LOFTPÚÐAR Í VÖRUBÍLA,
SENDIBÍLA OG JEPPA

PARTUR - SPYRNAN - LYFTARAR
ELDHÖFÐA 10 - 110 REYKJAVÍK - SÍMAR 585 2500 OG 567 8757

REYNSLUAKSTUR



Útlit bílsins er orðið sportlegra en áður og sömuleiðis þykir hann bera evrópskari svip en eldri útgáfan.

Léttur og leikandi smábíll

„As good as it Getz“ var yfirskrift kynningar og reynsluaksturs á andlitslyftum

Hyundai Getz sem fram fór í Barcelona í síðustu viku. Bíllinn er væntanlegur til landsins í kringum ármót.

Smábílar njóta vaxandi vinsælda um heim allan. Í stórborgum kjósa menn smábíla vegna þess hversu þunglamalegt er að ferðast um á stærri ökutækjum. Hér á landi njóta smábílar vinsælda margra hópa, líklega ekki síst vegna þess að þeir eru neyslugrannir á eldsneyti. Þeir eru því hentugur kostur, til dæmis í heimilishaldi þar sem reknir eru tveir bílar eins og allalengt er. Smábílar hafa þróast mjög skemmtilega síðustu ár. Þeir eru yfirleitt rúmgóðir að innan vegna þess að hjólhaf þeirra er haft mikið, sem einnig gerir þá stöðugri á vegi en ella.

Hyundai Getz var fyrst kynntur árið 2002. Hann hefur síðan selst í 550 þúsund eintökum og er um þessar mundir söluhæsti bíll framleiðandans.

Hyundai og B&L bauð blaðmönnum að reynsluaka nýjum Hyundai Getz í Barcelona í liðinni viku. Reynsluakið var beinskiptum 1500 dísilbíl með 110 hestafla vél og sjálfskiptum 1600 bensínbíl með 106 hestafla vél en Getzinn verður einnig fáanlegur með 1,1 og 1,4 lítra vélum og 88 hestafla dísilvél.

Báðir bílarnir sem reynsluakið var voru búnir ESP-stöðugleikastýringu sem nú er í fyrsta sinn í boði í Hyundai Getz. Af öðrum öryggisbúnaði má nefna aftengjalegan loftpúða farþegamegin og öfluga hliðarvörn og höfuðpúða sem færast fram við átak og dregur þannig úr hættu á háls- og bakmeiðslum.

Nýi Getzinn er óneitanlega smart að innan. Þar má velja mismunandi líti á áklæði og stýri og burstað stál á miðjusvæðinu kringum útvarpið gefur bílnum bæði vandað og nútímalegt útlit.

Geymsluhólf í bílnum eru mörg og margvísleg, sem skiptir miklu máli í smábíl, Sérstaklega þar þar að nefna ágæta hanka og vasa aftan á framsætum og á hliðinni. Skottið er ágætlega rúmgott og með því að

fella niður aftursætin er flutningsgeta bílsins orðin stórgóð.

Hyundai Getz er nokkuð snaggaralegur smábíll, búinn þeim höfuðkosti sem þrýðir marga smábíla í dag, að vera lítil að utan en stór að innan. Hann er bæði lipur og þýður og lá vel á hraðbraut jafnvel þótt hraðinn væri kominn í þriggja stafa tölu. Að mati undirritaðarar tók beinskipti dísilbílinn þó hinum verulega fram hvað varðar snerpu og kraft. Sömuleiðis er eftirtektarvert hversu hljóðlát dísilvélin er.

steinunn@frettabladid.is



Baksvipurinn er stílhreinn og stuðarinn mun nettari en áður.



Hönnuninni á bílnum er ætlað að höfða til ungs fólks. Hér má sjá hvernig blátt stýri, hnúður á girstöng og áklæði gefa bílnum hressilegt yfirbragð að innan. Rauður litur verður einnig fáanlegur, auk hins hefðbundna grúa.



Afturljósin eru skemmtilega staðsett á hornunum.



Hyundai Getz-bílar í röðum, klárir í reynsluaksturinn.

Vistvænir bílar á götum borgarinnar

Síðustu ár hefur orðið mikil umhverfisverndarvakning og það er margt sem fólk getur gert til þess að láta sitt ekki eftir liggja í þeim efnum. Bandalag íslenskra bílaáðama stendur fyrir bílasýningu í Perlunni um næstu helgi þar sem vistvænir bílar verða kynntir.

„Sýningin hefst föstudaginn 21. október og stendur yfir helgina. Í ár ætlum við að kynna vistvæna bíla. Þetta er engin furðubílasýning heldur er hugmyndin að kynna raunverulega valkosti,“ segir Sigurður Már Jónsson, blaðamaður á Viðskiptablaðinu og einn af skipuleggendum sýningarinnar.

„Vistvænir bílar eru ekki lengur fjarlægur framtíðardraumur heldur getur fólk farið inn á bílaumböðin og keypt sér slíka bíla. Það eru komnir margir bílar á markaðinn sem mæna minna og nota minna eldsneyti. Þar á meðal eru twin-bílar sem eru með tveimur gerðum af vélum. Við ætlum að sýna jeppa af þeirri gerð sem eyðir innan við átta lítrum á hundraði. Svo eru dísilbílar sem eyða í kringum fjórum lítrum á hundraði. Þetta eru dálítið aðrar tölur en við eigum að venjast.“

Meðal þeirra bíla sem verða á sýningunni eru Peugeot 1007,



Sigurður Már Jónsson blaðamaður er einn af skipuleggendum bílasýningarinnar í Perlunni.

Toyota Prius, Lexus RX400h, Opel Vectra 2,2 dísil og Suzuki Swift 1,3 dísil.

„Það má sjá einhverja af þess-

um bílum á götunni. Það þekkja náttúrulega allir twin-bílana, eins og Prius og Lexus, sem margir eru komnir á,“ segir Sigurður.



Hvað ætli þessi kosti?

Hvers virði er bílinn?

Á heimasíðu Bilgreinasambandsins má finna reiknivél sem hjálpar bifreiðaeigendum í söluhug að reikna út viðmiðunarverð á bílinn sinn. Reiknivélin er ákaflega einföld í notkun. Fyrst er valin bíltegundin. Síðan er sleginn inn akstur í kílómetrum og skráningardagur. Reiknivélin er skotfljót að koma með verði. Hafa skal þó í huga að reiknivélin gefur eingöngu viðmiðunarverð og geta einstaka bifreiðar verið metnar hærra eða lægra eftir ástandi eða aukabúnaði.

Tími þinn er dýrmætur

Við skiptum um dekk fyrir þig. Komdu strax.



► Engar tímabantanir

Max1 Bilavaktin sérhæfir sig í hraðþjónustu við allar gerðir bíla. Við bjóðum hraðþjónustu sem er sniðin að þörfum hins tímabundna bíleiganda. Við erum eldsnökkir á Max-einum. Þú kemur þegar þér hentar og á meðan á þjónustu stendur færð þú þér rjúkandi kaffibolla og kíkir í blöð og tímarit. Bílinn þinn er í hröðum og öruggum höndum hjá okkur.



Hjólbarðapjónusta

Leiðist þér að biða á dekkjaverkstæðum? Láttu okkur skella dekkjunum undir bílinn. Við bjóðum þér vandaða hjólbarða á hagstæðu verði á flestar gerðir fólksbíla og jeppa frá m.a. Nokian og Pirelli.



Smurpöntun

Er komið að smurningu? Við skiptum um olíu og síur eins og hendi sé veifað.



Rafgeymapjónusta

Þarftu að skipta um rafgeymi? Við gerum það fyrir þig í hvelli og losum þig við þann gamla.



Bremsupjónusta

Eru bremsuklossarnir búnir? Endurnýjum bremsuklossa og bremsudiska í flestum bílum.



Demparapjónusta

Eru dempararnir lélegir? Endurnýjum dempara og gorma í flestum gerðum bíla.



Önnur þjónusta

Við skiptum líka um þurrkublöð, þerur og setjum rúðuvökva á bílinn. Fagmannleg vinnubrögð á örskotsstundu.

REYKJAVÍK - MAX1 BÍLAVAKTIN:

Bíldshöfða 8. Símar 515 7097 og 515 7098. Opnunartími virka daga frá kl. 8-18

Breiðhöfða 1. Símar 515 7095 og 515 7096. Opnunartími virka daga frá kl. 8-18. Laugardaga 9-13 nema í júní, júlí og ágúst.

AKUREYRI - MAX1 BÍLAVAKTIN: Tryggvabraut 5. Sími 462 2700. Opnunartími virka daga frá kl. 8-18

Forðastu óþægindi. Komdu með bílinn til okkar. Skoðaðu: www.max1.is

MAX1
BÍLAVAKTIN



Slökktu á vetrinum með fjarstýringu. Hitaðu bílinn áður en þú setur hann í gang!

Webasto
bílahitarar

aldrei
að skafa

- Aldrei kalt í bílum
- Alltaf hreinar rúður
- Meira öryggi
- Umhverfisvænt
- Auðvelt og þægilegt

Bíldshöfða 16 | Sími 567 2330

Bílasmiðurinn hf

RAFSTÝRÐAR YFIRBREIÐSLUR FYRIR VÖRUBÍLA, VAGNA OG GÁMA

G.T. ÓSKARSSON EHF

VESTURVÖR 23, 200 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6000

VÉLASTILLING S.F.

AUÐBREKKU 16 - 200 KÓPAVOGI
SÍMI 554 3140 - FAX 564 4460

Vélastillingar - Hjólastillingar
Tímareimar - Almennar viðgerðir

Framkvæmum véla og hjólastillingar
með fullkomnum stillitækjum

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
KÓPAVOGS



TOYOTA viðgerðaraðili **Almennar bílaviðgerðir**

Skemmuveg 16 (Blá gata) • 200 Kópavogur • Sími 587 1350

olis

SMURSTÖÐIN
Vogar

20 ára reynsla - Fljót og örugg þjónusta

Knarrarvogi 2 • 104 Reykjavík • sími 553 2205

Við bjóðum heildarlausnir
í snjókeðjum

Viðgerðir
Breytingar
Þjónusta



Súðavogi 6 104 Reykjavík Sími 577 6400

RÉTTINGAVERKSTÆÐI HJARTAR

Hágæða verkstæði með nútíma tækjabúnaði.

- Réttum og málum allar tegundir bíla.
- Þjónustum öll tryggingafélögin.
- Útvegum bílaleigubíla.
- Tjónaskoðun.

**TOYOTA
ÞJÓNUSTA**

Viðurkennt
CABAS
verkstæði



Smíðjuvegi 56 (rauð gata) • 200 Kópavogi
Sími 587 9020 • Fax 587 9021 • rettingar@rettingar.is



Er ekki allt í himnalagi hér? gæti Hafþór verið að hugsa.

Algengast að sett sé út á ljósin í bílaskoðunum

Það getur verið bras að koma bílnum gegnum skoðun og betra að undirbúa þá aðgerð en að koma heim með grænan miða. Fréttablaðið kannaði hverju bifreiðaeigendur flöskuðu helst á.

Aðalskoðun er eitt þeirra fyrir-tækja sem sjá um bifreiðaskoðun í landinu. Þar var Hafþór Þor-láksson myndaður við störf en Árni Stefánsson varð fyrir svör-um. „Ljósin eru í fyrstu þremur sætum þegar við lítum á tíð-ustu athugasemdirnar. Þar af eru stöðuljósin oftast í ólagi, númersljós kemur þar á eftir og hemlaljós í þriðja sæti. Svo eru það hemlar, spindlar og stýrisendar. Þetta er það sem mest er dæmt á en séu bara stöðuljósin eða númersljós í ólagi kostar það ábendingu en yfirleitt ekki endurskoðun nema eitthvað fleira fylgi með en ójafn-ir hemlakraftar, slitnir spindlar og stýrisendar leiða yfirleitt til endurskoðunar.

Það er einfalt fyrir fólk að kíkja á ljósabúnaðinn áður en það kemur með bílinn í skoðun og auðvelt að skipta um perur eða fá aðstoð til þess á bensínstöðvum og smurstöðvum. Vegna þess að við notum ökuljós alla daga áttar fólk sig ekki alltaf á því þótt per-urnar í stöðuljósunum séu farnar að framan.

Eftir þessa upptalningu koma öxulhosur og þúst næst. Þústkerf-



Bremsutækkið er eitt af því sem er þýðingarmikið við skoðun bílsins.

ð er dæmt nokkuð stíft. Það þarf að vera alveg þétt til að bíll fái fulla skoðun.

Endurskoðun þýðir þrjátíu daga frest og þegar komið er með bílinn innan þess tíma þarf að vera búð að gera við öll atriði sem athugasemdir voru gerðar við. Það er ágætt að benda á að fari fólk fram yfir þann frest koma bílarnir í endurtekna aðalskoðun og allur bíllinn er skoðaður aftur. Auk þess sem gjaldið hækkar getur það þýtt að fleira finnst athugasemdir ef mikið hefur verið keyrt í millitíðinni. En jafnvel þó skoðunarmaður sjái eitthvað athugasemdir þegar komið er með bíl í endurskoðun innan þrjátíu daga má hann bara benda á það en strangt til tekið ekki dæma það. Þetta allt er vert fyrir bleigendur að hafa í huga. Atriði númer eitt er þó það að bifreiðaskoðun er gerð til að tryggja öryggi bíleigenda og annarra vegfarenda.“

gun@frettabladid.is



Undirvagninn er eitt af því sem verður að skoða.



Ljósin eru eitt af mikilvægustu öryggis-tækjunum en jafnframt það sem oftast er í ólagi.

Nýtt }

Discovery 3

LAND ROVER DISCOVERY 3 Í NÝRRI WINDSOR-ÚTGÁFU.

B&L kynnir um þessar mundir nýja Windsor-útgáfu af Land Rover Discovery 3. Mikill staðalbúnaður er í bílnum. 2,7 l V6 189 ha dísilvél, sjö sæti, málmlakk, Cold Climate búnaður, sjálfskipting og skriðastillir er meðal ríkulegs búnaðar. Windsor-útgáfan er einnig með Terrain Response™ aldrifskerfi og hefur mikla torfæruháefni. Windsor-útgáfan fylgir hinum þremur búnaðarstigum Discovery 3 sem eru S, SE og HSE og fyrir vikið er allur sá búnaður sem kemur til viðbótar með Windsor í boði á mun hagstæðara verði en ella.



Land Rover Discovery 3.

Bilaðar rafmagnsrúður

Margir bölvá mikilli bilunar-tíðni rafmagnsrúða í bílum. Raunin er hins vegar sú að gömlu handknúnu rúðurnar klicka ekkert síður en rafmagnsrúður.

Bilanatiðnin á rafmagnsrúðum er mjög lág og hefur minnkað undanfarnin ár með betri tækni. Það eru því helst rafmagnsrúður í eldri bílum sem gefa sig. Algeng-ustu vandamálin er þegar rúðurnar fara af braut eða að mótörinn bílar. Til að koma í veg fyrir ýmis leiðindi sem tengjast rafmagns-rúðum er aðallega tvennt sem hægt er að gera. Forðast þarf að nota þær meðan bíllinn er kaldur, svo ekki sé talað um þegar mikið



Rafmagnsrúður bíla ekkert frekar en handsnúnar rúður.

frost er. Þá eiga þær til að renna af braut. Einnig er mjög gott að bera feiti eða sílíkon á rúðufals-ið, þar sem rúðan sest í gúmmíið. Það auðveldar rúðunni að renna sinn veg.



Mótorhjól með loftpúða.

Loftpúðar á mótorhjól

ÖRYGGISPÚÐAR LIKA Á MÓTORHJÓL.

Honda-fyrirtækið er að þróa öryggispúðakerfi fyrir mótorhjól. Öryggisbúnaðurinn verður í nýjum Honda Goldwing-mótorhjólum sem eru væntanleg á bandarískan markað vorid 2006. Með búnaðinum er vonast til að slysum og dauðsföllum í umferðinni fækki. Honda notar tilraunabróður við rannsóknir sínar og rannsakar árekstra í tölvuhermi. Upplýsingar mælinga eru gagnlegar við þróun slíks öryggisbúnað og segja til um hegðun mótorhjóla í árekstrum.

sýning }



B&L sýnir á Höfn

BÍLAR FRÁ HYUNDAI, RENAULT OG LANDROVER.

Umboðsaðili B&L á Höfn í Hornafirði verður með sýningu á nýjustu bílunum frá B&L í dag. Áhersla verður lögð á bíla frá Renault, Hyundai og Landrover. Nýjasti sportjeppinn frá Hyundai, Tucson, verður til sýnis ásamt Santa Fe sem kom í nýrri útgáfu fyrr á árinu. Frá Renault verða sýndir Megane II, Sport Tourer og loks verður sýndur nýi Discovery 3 jeppinn frá Landrover sem hefur hlotið meira en 30 verðlaun frá því hann kom fyrst á markað.



Volkswagen Jetta tekur við af Bora sem þó hét áður Jetta.

Eitt nafn um allan heim

Volkswagen Jetta

Volkswagen kynnir nú nýja kynslóð Jetta í Evrópu. Um leið og fimmta kynslóðin er sett á markað hefur verið ákveðið að nota sama nafnið á öllum markaðssvæðum heims. Bora mun því á ný bera nafnið Jetta í Evrópu allri. Rýmið hefur verið aukið til þess að nýi bíllinn henti sem allra best fyrir langkeyrslur. Jetta hefur verið lengdur um 18 cm miðað við Bora og er nú alls 455 cm. Farangursrýmið tekur nú heila 527 lítra sem er 72 lítra viðbót. Þessir kostir hafa slegið í gegn. Jetta hefur til dæmis árum saman verið í efsta sæti á sölulistum yfir evrópska bíla í Bandaríkjunum.

allt
heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

Gult á götum úti

Gulir bílar orðnir vinsælli.

Nú virðist gulur litur vera að sækja í sig veðrið í litavali á bifreiðum. Einhver benti blaðamanni Alltsins á þessa staðreynd um daginn, að alls staðar væri gult á götum úti. Eftir þessa athugasemd varð blaðamaðurinn heltekinn af gulum bílum og sá ekki annað en gula bíla, úti um allt, á bílastæðum, götuljósum og á rúntinum. Þið hafið kannski ekki tekið eftir þessu sjálf, kærur lesendur, en nú þegar ykkur hefur verið bent á þetta eigið þið væntanlega ekki eftir að sjá annað en gula bíla í

kringum ykkur. Þá er líka ekki úr vegi að stofna nýjan bílaleik til dundurs í umferðinni með heitinu Teldu gulu bílana. Sá sem flesta gula telur fær sítrónu í verðlaun.



Einn af mörgum gulum á götum úti.

Traust dráttarbeisli
Ásetning á staðnum.

VIKURVAGNAR EHF.

Vikurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is



Þáttókuseðlar liggja frammi í sýningarsal okkar að Vagnhöfða 23.

Þú gætir unnið afnot af nýjum Chevrolet Kalos í heilt ár!

Kalos SE 5 dyra með afmælispakka verð kr. 1.269.000.



Glæsilegur afmælispakki
Alessio áfölgur með sumardekkjum og vetrardekk á stálfelgum að verðmæti allt að kr. 120.000
fylgir öllum nýjum Chevrolet

AFMÆLISLEIKUR BÍLABÚÐAR BENNA

Taktu þátt í afmælisleik Bílabúðar Benna.

Þú gætir unnið afnot af glænýjum Chevrolet Kalos í heilt ár.

Komdu, skoðuðu og reynsluaktu.

Opið virka daga 09 - 18 og laugardaga 12 - 16.

Bíllinn er lánaður til eins árs. Honum fylgir ábyrgðar- og kaskótrygging frá TM, en vinningshafi greiðir bifreiðagjöld og bensín.



Gamli og nýi tíminn mætast. Sjáðu líka elsta Chevrolet bíllinn á Íslandi í sýningarsal okkar.



Gabriel höggdeyfar, ASCO kúplingssett, Tridon spindilkúlur, stýrisendar, gormar. Drifliðir, drifliðshlífar, ballansstangir. Tímareimar, ökuljós, stefnuljós o.fl. Sætaáklæði, sætahlífar á stóla – vatnsheldar fyrir veiðimenn, hestamenn o.fl. Kerruljós, kerrubretti og nefhjól.

Svarahlutir

Sími 567 6744 • Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík

Smurstöðin KLÖPP
Þjónustumiðstöð við Vegmúla



Almenn smurþjónusta
Hjólbarðþjónusta
Sjálfskiptingþjónusta
Rafgeymþjónusta
Ísetning bremsuklossa
Dempara – ísetningar o.fl.

Vegmúli 4 • Sími 553 0440

CABAS
verkstæði

NÝ

Viðurkennt
CABAS-verkstæði

S.P.R.A.U.T.U.N

BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • FRAMRÚÐISETNINGAR

Njarðarbraut 15 • Reykjanesbær • S: 421 2999 • Fax: 421 2090
Netfang: nysprautun@nysprautun.is

www.nysprautun.is

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

SMS
Bilasprautun og réttingar

- Réttum og málum allar tegundir bíla
- Við vinnum fyrir öll váttryggingartfélögin
- Fljót og góð þjónusta
- Útvegum bílaleigubíla
- Yfir 20 ára reynsla



CABAS tjónamat

Smíðshöfði 12
110 Reykjavík
bilasprautunama@simnet.is

Sími 567 1101
Gsm 868 8317
Fax 567 1182

**VÉLAVERKSTÆÐIÐ
KISTUFELL**
VARAHLUTAVERSLUN
kistufell@kistufell.com
Tangarhöfða 13 Sími 577 1313

Vélaverkstæðið Kistufell býður upp á stimpla og slífar í flestar gerðir véla frá hinum þekktu framleiðanda **Mahle**.

Mahle er orginal í t.d. Benz, BMW, Porsche, MAN og fleiri.



MAHLE

www.kistufell.com



Ekki amalegt að keyra þennan Benz SLK 300 með blæjuna niðri á sólskinsdegi.

Svindlaði á afmælisgjöfinni sinni

Kristján Þorsteinsson, einn eigenda Humarhússins, keypti sér glænýjan Mercedes Benz SLK 300 blæjubíl árgærd 2005 eftir að hafa sparað í nokkur ár og keyrt á lítill Mözdu, árgærd 1991.

Kristján segir að hann hafi ákveðið að kaupa sér flottan bíl þegar

hann yrði fertugur, sem verður þó ekki fyrr enn í febrúar. „Ég svindlaði aðeins því Mazdan var komin í það ástand að ef ég sá hraðahindrun fékk ég kvíðakast.“

Kristján segist ekki vera mikill bílaáhugamaður, hann hafi einungis áhuga á flottum bílum, og viðurkennir að hann viti ekki mikið um tæknilega hlið bílsins. „Það skiptir hvort sem er engu máli. Hann rennur flott um strætun og það er nóg fyrir mig. Það

er samt plús hvað hann er fljótur í hundraðið,“ segir Kristján og glottir.

Kristján gerir ráð fyrir því að taka bílinn af númerum í vetur og geyma hann í bílskúr, hann lítur fyrst og fremst á bílinn sem sumarbil. „Þessi bíll er ekki gerður fyrir íslenska vetrarveðráttu. Það er heldur ekki langt fyrir mig að labba í vinnuna, aðeins um hundrað metrar,“ segir Kristján að lokum.

Kraftmikill og stöðugur

Nýr Porsche Boxster er kominn á markað og hann er kraftmeiri en fyrirrennarinn.

Porsche er komið með nýjan Boxster á markað sem er kraftmeiri en fyrirrennarinn og betur búinn. Útlitið er kraftmeira og sjá má línur sem hafa verið fengnar að láni frá Carrera GT eins og frágang á afturljósunum.

Aksturseiginleikarnir eru frábærir eins og í eldri bílum, sem byggist á því að vélin liggur í miðjunni og þyngdarpunkturinn liggur neðarlega í miðjum bílnum. Bíllinn er breiðari að aftan, sem gerir hann stöðugri, og PSM (Porsche stability management)

stöðugleikakerfið, sem orðið er staðalbúnaður, gerir það að verkum að bíllinn er eins og límdur við götuna.

Boxster er einnig hægt að fá í S-útfærslu sem er með öflugri vél og sex gíra skiptingu. Báða bílana er líka hægt að fá sjálfskiptu með sex þrepa triptronic-skiptingu.



Ný Boxsterinn er breiðari að aftan, sem gerir hann stöðugri á veginum.



407 Coupé er ekki bara sérlega fallegur heldur er hann rúmgóður og bjartur.

Stærri og bjartari en fyrirrennari sinn

Peugeot 407 Coupé

Ljónsmerkið Peugeot afhjúpar nýjan Peugeot 407 Coupé á bílasýningunni í Frankfurt. Þetta rennilega ljón á að leysa Peugeot 406 af hólmi en hann var hannaður af ítölsku hönnunarstofunni Pininfarina.

Í þetta sinn sáu Frakkarnir alfarið sjálfir um hönnunina og eru hæstánægðir með útkomuna. Hér er á ferðinni lostafull en jafnframt sportleg hönnun með flatar útlínur, straumlínulagaðan framenda og framljós sem ganga langt inn á hliðarbrettin. Útlitið er síðan fullkomnað með afgerandi loftrist að framan

sem er að verða einkenni Peugeot.

Í samanburði við fyrirrenna sína hefur rými Peugeot 407 Coupé vaxið töluvert að innan. Olnbogaráýmið var til að mynda stækkað um 14 sentimetra. Rýmið er einnig sérstaklega bjart, sem er ekki síst 2,8 fermetra gluggaflötum að þakka. Farangursrýmið tekur 400 lítra og því hægt að koma töluverðu fyrir þar.

Til að undirstrika sportlegt útlitið liggur Peugeot 407 Coupé 2,5 sentimetrum neðar en aðrir bílar í 407 línunni.

Peugeot 407 Coupé kemur á markað í Evrópu í desember.

nýtt }



Rúmgóður en nettur

SPLUNKUNYR MERCEDES-BENZ KOMINN Á GÖTURNAR

Askja frumsýndi á dögnum nýtt afkvæmi í Mercedes-Benz fjölskyldunni. B-Class er algjörlega nýr bíll frá Mercedes-Benz og höfðar til fólks sem vill rúmgóðan en samt nettan fjölskyldubíl með skemmtilega aksturseiginleika. Hann er sportlegur en samt hugsaður fyrir alla fjölskylduna og farangurinn. Gólfíð í B-Class er svokallað samlokugólf, sem gerir það að verkum að ökumaður situr hærra en ella. Holrými fyrir aftan vélna gerir að verkum að við ákeyslu gengur vélin ekki inn í farþegarymið heldur undir það og er því minni hætta á meiðslum. Mercedes-Benz B-Class kostar frá 2.690.000 og best bæði með bensín- og dísilvél.



Stílfært útlit og nýir eiginleikar

NÝ ÚTGÁFA HONDA ACCORD KYNNT TIL SÖGUNNAR.

Honda kynnti nýja útgáfu af D-flokks bíl sínum Honda Accord á sýningunni í Frankfurt nýlega. Fyrir utan stílfært útlit að innan sem og utan nýtur Accord-línan, fyrst Honda-bíla, ADAS (Advanced Driving Assist Systems) sem er aðstoðkerfi fyrir ökumanninn. Þetta framúrsteffulega kerfi eykur öryggið við akstur samhliða því að gera aksturstillfinguna einstaklega afslappandi. Skriðstillir með fjarlægðarskynjara (Adaptive Cruise Control) er meðal staðalbúnaðar í hinum nýja Honda Accord.

Hyundai stækkar við sig í Evrópu

Ný Hyundai-verksmiðja mun rísa í Evrópu.

Hyundai hefur staðfest að fyrir-tækið hyggist reisa nýja verk-smiðju í Evrópu. Verksmiðjunni verður að öllu óbreyttu valinn staður í Tékklandi og gert ráð fyrir að hún taki til starfa um mitt árið 2008.

Kostnaður er áætlaður um einn milljarð evra og mun framleiðslu-getan verða um 300 þúsund bílar á ári. Evrópa er næststærsta mark-aðssvæði Hyundai á eftir Bandaríkjunum. Evrópusala Hyundai á þessu ári stefnir í 420 þúsund bíla og gera áætlanir ráð fyrir að sú sala aukist í 520 þúsund bíla á árinu 2006 og 580 þúsund á árinu 2007.



Hyundai Sonata

Mercedes Benz Hygenius

Nýjungar í vetnisbílafram-leiðslu



Mercedes F 600 Hygenius, vetnisbill sem er í þróun.

Á bílasýningu sem haldin verður í Tókýó á næstunni mun Mercedes Benz kynna nýjan hugmynda- og tilraunabíl með efnarafal. Tækni-búnaður nýja bílsins er að mestu leyti frá kanadíska fyrirtækinu Ballard og mun bíllinn verða afl-meiri og nýta vetnisorkuna betur en vetnisbílar hafa áður getað.

Nýi bíllinn frá Mercedes kallast F 600 Hygenius. Í honum er tvöfaldur botn og þar er efnarafallinn og mjög öflugur og hraðvirkar líþíum-jónarafhlöður. Orkunýtnin er sögð vera slík að hún jafngildi 2,9 lítrum af dísilólíu á hverja 100 kílómetra. Rafhlöðurnar geta gefið frá sér afl

sem jafngildir 82 hestöflum og vinnslu upp á 250 Newtonmetra. Efnarafallinn hefur viðbótar afl upp á 33 hestöfl og hámarksvinnslan er þá 350 Newtonmetrar.

Í frétt frá Mercedes Benz segir að enn eigi eftir að þróa þennan tækni-búnað svo hann verði öruggari, fyrirferðarminni og ódýrari.

Hugsaðu vel um bílinn þinn

BÍLLINN ÞINN ENDIST BETUR EF VEL ER HUGSAÐ UM HANN. HÉR ERU NOKKUR MIKILVÆG ATRIÐI SEM GOTT ER AÐ HAFNA Í HUGA ÞEGAR VIÐHALD Á BÍLNUM ER ANNARS VEGAR.



1. Ekki trassa viðhald á bílnum. Bíll sem vel er hugsað um endist betur og er einnig auðveldari í endursölu.



2. Notaðu réttu oliuna. Hægt er að minnka eldsneytisnotkun um 1-2 prósent ef notuð er sú olía sem framleiðandinn mælir með og hentar bílnum þínum.



3. Notaðu bílskúrinn. Ef þú átt bílskúr fullan af dóti er um að gera að tæma hann og fara að nota hann fyrir bílinn. Bíllinn fer betur ef hann er inni á nóttunni. Hann ryðgar síður og auðvitað er mun notalegra að þurfa ekki að skafa bílinn á köldum vetrarmorgnum heldur geta stigið beint inn í hlýjan bíl.

4. Láttu stilla vélina á verkstæði ef þarf og athuga kertin reglulega.

5. Athugaðu loftþrýsting á dekkjunum reglulega því of há eða of lágur loftþrýstingur í dekkjum getur minnkað aksturs-öruggi. Ef of lítið loft er í dekkjum eykst eldsneytiseyðslan sömuleiðis og dekkin eyðast fyrr.




6. Skiptu reglulega um loftslu. Vélinn vinnur ekki eins vel og bíllinn eyðir meira bensíni ef ekið er um með skítuga loftslu.




Vertu tímanlega - það borgar sig

Það er allt tilbúið hjá okkur




Gúmmívinnustofan

587 5588
Réttarhálsi 2, 110 Reykjavík



Hjólbarðahöllin

530 5700
Fellsmúla 24, 108 Reykjavík



Hjólbarðaverkstæði Vesturbæjar

552 3470
Ægisíða 102, 107 Reykjavík



Hyundai skorar í öryggisprófum

Sonata og Tucson hafa báðir hlotið hæstu einkunn í NHTSA-öryggisprófunum.

Nýjustu bílarnir frá Hyundai, fjögurra dyra fólksbíllinn Sonata og sportjeppinn Tucson, hafa báðir hlotið hæstu einkunnina í NHTSA-öryggisprófuninni, systurstofnun evrópsku Euro NCAP-prófunarinnar. Báðir bílarnir hlutu fimm stjörnur og jafnframt hæsta skor-ið, hvor í sínum flokki. Bandaríska prófunin mælir áre-kstra bæði að framan og frá hlið ásamt

því að gera veltupróf, sem mælir líkurnar á því að viðkomandi bíll velti við tiltekna aðstæður.

Drónarskýring er þó afar langsótt, ef ekki ómöguleg, þar sem breytingarnar eru mjög órar; að jafnaði hækkar meðalgreindarvísitala um þrjú stig á hverjum áratugum sem er mikil aukning ef haft er í huga að 95% fólks mælast með greind á milli 70 og 130 stiga. Líffræðileg þróun er allt of hæg til að geta skýrt svo öra hækkun. Þegar skýra á Flynn-hrifin horfir fólk þess vegna aðallega til áhrifa umhverfis. Þeir umhverfisþættir sem oftast hafa verið nefndir eru lengri skólaganga, öðruvísi uppeldi, flóknara samfélag og betri næring.

Lengri skólaganga

Það er vel þekkt að þeir sem ganga í skóla mælast með hærri greind en fólk sem ekki fær menntun. Því er hugsanlegt að herra menntunarstig sé ástæða Flynn-hrifanna. Þrjú þættir stríða þó gegn þessari skýringu. Fyrir það fyrsta er jafnmikil aukning í greind barna og fullorðinna, þrátt fyrir að grunnskóla-menntun hafi verið almenn frá upphafi greindarmælinga. Í öðru lagi virðist aukningin vera hjá fólki af öllum menntunarstigum og í þriðja lagi er aukningin í eðlisgreind fremur en reynslugreind eins og áður var sagt. Ef lengri skólaganga væri aðalástæða Flynn-hrifanna ætti reynslugreindin að breytast mest, þar sem hún verður fyrir mestum áhrifum af fyrri þekkingu.

Öðruvísi uppeldi

Á þeim 100 árum sem liðin eru síðan franskir sálfræðingurinn Alfred Binet (1857-1911) og félagi hans Herbert Simon (1873-1961) gáfu út fyrsta nothæfa greindarprófið hafa uppeldisaðferðir foreldra breyst til muna. Nú til dags er lögd mikil áhersla á að örva börn og ýta þannig undir andlegan þroska þeirra. Þrátt fyrir það virðist markviss örvun á unga aldri hafa takmörkuð áhrif á greind, að minnsta kosti til langframa. Því er ólíklegt að þetta sé fullnægjandi skýring á Flynn-hrifunum.

Flóknara samfélag

Barnauppeldi er ekki það eina sem hefur breyst á undanförunum áratugum heldur hefur allt samfélagið tekið miklum stakkaskiptum. Þau verkefni sem fólk þarf að takast á við dags daglega verða sífellt flóknari; störf verða sérhæfðari og tækniinni fleygir fram. Á meðan amma og afi eiga í mestu vandræðum með að senda tölvupóst er æska landsins upptekin við að hanna heimasíður, spila tölvuleiki og jafnvel forrita sína eigin leiki. Það getur vel verið að samfélag þar sem sífellt þarf að takast á við nýja hluti ýti undir eðlisgreind, en eðlisgreind virðist einmitt vera forsenda þess að leysa nýstárleg og flókin verkefni.

Betri næring

Lengri skólaganga, annað uppeldi og flóknara samfélag eru allt dæmi um félagslega umhverfisþætti, en áhrif umhverfis á greind geta allt eins verið líffræðileg, án þess þó að erfðir komi við sögu. Dæmi um þetta er betri næring. Vitað er að vannæring hamlar vitsmunarþroska og að vannæring var mun algengari hér áður fyrir. Mataræði fólks nú til dags er aftur á móti mun betra og næringarríkara. Margir þeir sem hefðu fyrir nokkrum áratugum verið vannærandir fá nú nægt fæði og eru ef til vill greindari af þeim sökum. Í samræmi við þessa tilgátu eru Flynn-hrifin sterkust hjá fólki á lægstu stigum greindar. Með öðrum orðum hækkar mæld greind mest hjá þeim sem hefðu mælst lægstir áður fyrir en greindasta fólkið nú á dögum er ekkert miklu gáfaðra en gáfnaljósir fyrir á tímum.

Eru Flynn-áhrifin ekki raunveruleg?

Sumir fræðimenn telja að Flynn-hrifin endurspeglgi enga raunverulega aukningu í greind fólks heldur séu þetta aukaáhrif þess að fólk sé mun vanara nú en áður að taka ýmiss konar próf. Mælinganiðurstöður um greind séu því að breytast en greindin ekki að sama skapi. Þetta er vissulega nokkuð sem nauðsynlegt er að útiloka áður en frekari skýringa er leitað. Það sem mælir gegn þessu er helst að Flynn-hrifin eru sterkust í þeim greindarprófum sem reyna minnst á fyrri reynslu fólks. Flynn-hrifin eru því ef til vill raunveruleg þótt ekki sé einhugur um af hverju þau stafi og skýringar kunni að vera fleiri en ein svo sem algengt er í vísindum og fræðum.

Heimildaskrá er að finna á Vísindavefnum.

Heiða María Sigurðardóttir, B.A. í sálfræði og starfsmaður Vísindavefsins

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



ÍSLENSK SNILLD

Stelpurnar í leikstjórn Óskars Jónassonar í kvöld kl. 19:40



Fylgiklausa: Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glimt hefur verið við að undanförunu eru: Er bannað samkvæmt lögum að elta stöðumælavörð og setja peninga í útrunna stöðumæla sem verða á vegi hans, af hverju er sagt að menn sofi yfir sig en ekki að þeir sofi of lengi, er það rétt í Da Vinci lyklinum að á kirkjuþingi hafi verið kosið um hvort Jesús væri dauðlegur maður eða heilagur, var hin týnda Atlantis raunverulega til, og hvað eru til mörg eldfjöll? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is.



AUÐBJÖRG BJÖRNSDÓTTIR Auðbjörg talaði við fjölda ræningja vegna rannsóknar sem hún gerði um rán á Íslandi. Það kom henni á óvart að íslenskir ræningjar virðast kurteisari en gengur og gerist og fórnarlömbin hér á landi tregari en annars staðar til að láta undan kröfum ræningans.

Háttprúðir ræningjar í Reykjavík

„Maður er bara á því stigi í lífinu að maður bara „just don't give a fuck“ um allt,“ var á meðal þess sem Auðbjörg Björnsdóttir hafði eftir ræningja sem hún talaði við er hún gerði úttekkt á ránum á Íslandi. Afraksturinn birtist meistaraverkefni hennar í félagsfræði við Háskóla Íslands. Hún sagði Jóni Sigurði Eyjólfssyni frá rannsókninni.

„Ég hef alltaf haft áhuga á olnbogabörnum þjóðfélagsins,“ segir Auðbjörg, „og þegar ég kláraði BA-námið í mannfræði árið 2003 lá beinast við að ég kláraði lífræðina sem ég hafði



BANKARÁN Auðbjörg segir að bankarán séu ekki ný af nálinni hér á landi. Árið 2003 voru framin sjö slík en þar til þá hafði lítið verið um þau í allnokkur ár.

byrjað á samhliða mannfræðinni. Sem betur fer komst ég þó að því að ég hefði orðið lélegur lífræðingur og þegar ég áttáði mig á því að ég gat byrjað í meistaranámi í félagsfræði strax um haustið 2003 lá þetta alveg ljóst fyrir. Þegar kom að lokaverkefninu ætlaði ég fyrst aðeins að gera megindlega rannsókn á ránum en þegar ljóst var

að mér var opin aðgangur að undirheimunum í gegnum vin minn sem fór aðeins villur vegar í lífinu og gat verið minn tengi liður við ræningjanna ákvað ég að kafa betur í efnið og reyna að varpa ljósi á þann veruleika sem ræningjarnir búa við.“

Auðbjörg segir að þegar hún hafi sagt vinum sínum frá viðfangsefni sínu hafi gætt nokkurs misskilnings um það hvað rán er. „Sumir sögðu við mig: „Já, elskan mín, allir hafa nú rænt einhverju á ævinni, seinast í gær var ég að leggja á ráðin með smá rán.“ En þarna er átt við þjófnad en ekki rán. Þegar þú rærir ógnar þú öðrum með ofbeldi, og það hafa nú ekki margir lagt í það.“

Kurteisir ræningjar

„Ræningjar eru ekki einsleitir hópur sem enginn sér,“ útskýrir Auðbjörg. „Þetta eru venjulegir einstaklingar sem fara og kaupa í matinn, fara í kirkju á jölum og gera sömu hluti og allir aðrir. En hins vegar eiga þeir margt sameiginlegt, til dæmis voru flestir þeirra í neyslu eða einhverri öreglu.“

Auðbjörg segir þó eitt hafa komið sér á óvart varðandi íslenska ræningja. „Ég hef lesið talsvert um sams konar rannsóknir sem gerðar hafa verið erlendis og það kom mér dálítið á óvart að íslenskir ræningjar virðast vera bara nokkuð kurteisir, eins undarlega og það nú hljómar. Til dæmis kom einn af mínum viðmælendum vopnaður inn í búð, kynnti sig og

baud góðan daginn og sagði að sér þætti það leitt að valda fólkinu óþægindum en nú skyldu þau gjöra svo vel að opna peningahirslur því hann væri að ræna búðina. Svo kvaddi hann með virktum, þaðst enn og aftur afsökunar og hvarf á brott með ransfenginn.“

Sumir biðjast svo velvirðingar eftir á og talaði Auðbjörg við tvo sem það gerðu. Annar þeirra hafði ekki náðst og var því kærður af fórnarlambinu sem hann kom til að tjá iðrun sína.

Læra til verka á Litla-Hrauni

Auðbjörg segir það hafa verið ótrúlega reynslu að fara inn á Litla-Hraun og tala við ræningjana þar. „Þetta er svo drungalegt þegar maður fer þarna inn; hlið opnast og maður er bara kominn í þennan lokaða heim og svo fannst mér skrytið að hugsa til þess að þegar viðtölum var lokið stóð ég upp og fór út en þeir sitja eftir inni, kannski fyrir eitthvað brot sem tók þrjár mínútur. Það var svolítið magnað.“

En það kom mér sérlega á óvart að þeir sem sátu inni höfðu allir hugsað út í það að ræna aftur. Sumir sögðu að þeir hefðu hugsað mikið út í það sem hefði farið úrskreiðis og sögðust kunna betur til verka eftir að hafa dvalið á Litla-Hrauni þar sem þeir hafa rætt málin við reynda menn. Þá varð mér hugsað til þessarar hugmyndar um Litla-Hraun sem glæpaskóla.“

Enn er verið að ræna gamlar konur

Hún segir fjölmiðlaumræðuna ekki endurspeglar veruleikann þegar kemur að ránum. „Umræðan hefur verið dálítið á því stigi að ránum hafi fjölgað svo gífurlega á síðustu árum en það er ekki svo; þeim hefur í raun fækkað frá því 1999 en hitt er annað mál að harkan hefur aukist. Þess vegna kom mér á óvart að í mörgum tilfellum neituðu fórnarlömbin í fyrstu að láta peninga eða annað af hendi en erlendis

viðgengst það frekar að fólk láti ræningjunum fenginn eftir strax í stað þess að hætta lífi og limum. Enda eru ræningjar oft uppdóp- aðir og því til alls líklegir svo það er oftast skynsamlegast að vera ekki með móþróa.“

Hún segir fjölmiðla hafa misjafnan áhuga á ránum. „Við heyrum alltaf af því ef bankar eru rændir eða verslanir. Gamlar konur eru ennþá rændar en við bara heyrum síður af því.“

Ógnun frá handrúkkurum var aldrei nefnd sem ástæða fyrir ráni af ræningjunum sem Auðbjörg talaði við en tveir notuðu þá skýringu fyrir dómi þar sem hún þótti henta vel í málsvörn. Hins vegar nefndi einn þá ástæðu að hann ætlaði að fjármagna nám sitt í pípuhlögnum með ránum og annar ætlaði að kaupa bíl.

„Heyrðu, skellum okkur bara að ræna!“

Margt fékk Auðbjörg að heyra og reyna sem kom nokkuð flatt upp á hana meðan á rannsókninni stóð. „Ég tók viðtal við einn þeirra í bíl og hann keyrði. Svo kemur það bara í ljós meðan við erum að spjalla að hann er ekki með bílpróf og er eftirlýstur í þökkabót. Þetta var einmitt náunginn sem sagðist bara vera á því stigi í lífinu að hann bara „just don't give a fuck“ svo mér var hætt að lítast á blikuna.“

Auðbjörg hefur svo orðrétt eftir einum sem vildi útskýra fyrir henni af hverju hann fór að ræna: „Ég lá bara uppi í sófa að horfa á sjónvarpið og var með haglabyssu sem ég hafði fengið úr einhverju eða einhverju félagi minn hafði fengið úr einhverju ráni og allt í einu ákveð ég bara: „Heyrðu, skellum okkur bara að ræna!“

Af lýsingunum að dæma virðast þetta vera miklir töfvarar en hvað segir Auðbjörg um það? „Jú, þeir eru það. Í það minnsta finnst þeim það. En svo eru sumir komnir á það stig í lífinu að þeim finnst ekkert töff við þetta lengur.“





Hefjumst handa!

Með reynslu í farteskinu og samstilltu átaki við stjórnvöl borgarinnar getum við lyft grettistaki. Fyrsta skrefið tökum við með stuðningi við Vilhjálmi P. í prófkjörinu.

1 Stóraukin lóðaúthlutun – lægra verð

Stóraukin úthlutun lóða og lóðaverð lækkað. Geldinganesið verði deiliskipulagt á árinu 2006 og á árinu 2007 byrjað að úthluta lóðum til einstaklinga og byggingarfyrirtækja á kostnaðarverði. Framboð lóða undir sérþýli verði aukið. Lóðauppboð verði afnumin.

2 Fasteignagjöld lækki um 25%

Fasteignagjöld á íbúðarhúsnæði lækkuð um 10% frá 1. janúar 2007 og síðan um 5% árlega á næsta kjörtímabili, eða samtals um 25%.

3 Kraft í skipulagið

Samhliða uppbyggingu í Úlfarsfelli, sem hefst á næsta ári, verði strax hafist handa um deiliskipulag á Geldinganesi. Í framhaldinu verði lóðum úthlutað og gefin fyrirheit þar um 3500 íbúðir. Byggðin í Úlfarsfelli verði endurskipulögð með það að markmiði að hafa þar fámennari byggð og meira sérþýli. Hafinn verði undirbúningur að íbúða- og atvinnubýggð með stækkun Örfiriseyjar að Akurey. Tenging við Engey og þaðan yfir á uppfyllingu í framhaldi Kringlumýrarbrautar verði skoðuð ítarlega.

Næsti eða samhliða áfangi íbúðarbyggðar verði uppbygging í Vatnsmýrinni, sem þegar er hægt að hefjast handa við. Vilhjálmur hefur lýst því yfir að á næsta kjörtímabili ætli hann að beita sér fyrir því að tekin verði ákvörðun um hvenær og hvert innanlandsflugði verði flutt úr Vatnsmýrinni og því fundinn annar staður í Reykjavík eða í næsta nágrenni.

4 Aukinn stuðningur við íþrótt- og æskulýðsstarf

Átak verði gert í að styrkja fjárhagsgrundvöll íþrótt- og æskulýðsfélaga í Reykjavík. Aukinn fjárhagsstuðningur verði veittur til lækkunar þátttökugjalda grunnskólanema í íþróttastarfi.

5 Bætt þjónusta við börn og foreldra

Sjálfstæði grunnskólans verði aukið og ýtt undir fjölbreytni í rekstrarformum og valfrelsi foreldra um skóla. Tíminn á frístundaheimilum verði nýttur betur þannig að börnum og unglingum verði gert kleift að njóta þjónustu íþróttasamtaka, félagasamtaka og listaskóla.

Leikskólagjöld verði lækkuð í áföngum. Foreldrum verði tryggð samfelld dagvistarþjónusta frá því að fæðingarorlofi lýkur. Biðlistum eftir leikskólalássum verði eytt og þjónusta leikskóla yfir sumartímann ákveðin af leikskólastjórnendum í samráði við foreldra. Starfsemi dagforeldra verði efl.

6 Gæsluvelir starfræktir allt árið

Starfsemi gæsluvalla verði sett á fót á nýjan leik og þeir starfræktir allt árið með nýju sniði. Starfskonum gæsluvalla, sem sagt var upp á árinu 2005 þegar starfsemi gæsluvalla var lögð niður, verði boðinn forgangur að störfum þar.

7 Öflugri og öruggari umferðaræðar

Þegar verði hafist handa um gerð mislægra gatnamóta Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar og Suðurlandsvegjar og Vesturlandsvegjar og gerð Sundabrautar alla leið að Vesturlandsvegi. Jafnframt verði lögð áhersla á gerð Hlíðarfótar frá Hringbraut að Reykjanesbraut til að minnka umferðaralag á Hringbraut, Miklubraut og Bústaðavegi.

8 Átak í íbúðahverfum

Farið verði í samræmt hreinsunarátak í hverfum borgarinnar og leitast við að útrýma veggjakroti nema á stöðum, sem borgin og aðrir húseigendur leggja sérstaklega til. Viðhald opinna leiksvæða og göngu- og hjólreiðastíga verði stóraukið. Hverfalöggæsla verði efl. í góðri samvinnu við dómsmálaráðuneytið.

9 Umhyggja og öryggisnet

Stórátak verði gert í byggingu vist- og hjúkrunarheimila og framboð félagslegra leiguíbúða verði aukið. Félagsþjónusta eldri borgara verði efl. og þátttökugjöld í því starfi lækkuð.

10 Aukinn stuðningur við listir og menningu

Lögð verði aukin áhersla á stuðning við listamenn og stuðlað að öflugri menningarlífi í Reykjavík.

11 Miklatún og Laugardalur

Þessi svæði verði skipulögð sem fjölskylduvæn útivistarsvæði, með kaffihúsum, leiktækjum og aðstöðu til sýninga- og hljótleikahalds. Starfsemi fjölskyldugarðsins í Laugardal verði efl.

12 Nýtt líf í Viðey

Viðey verði gerð að útivistarparadís og ferðakostnaður út í eyjuna verði sá sami og ferðakostnaður með strætó.

Vilhjálmur P. Vilhjálmsson
– reynsla til forystu!

Stuðningsmenn

sætið

Mannskemmandi syndasúpa

Veruleikasjónvarpsþættir upphafja flestir dauðasyndirnar sjö, á meðan höfuðdyggðirnar sjö vantar alveg. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir leitaði til Péturs Péturssonar, prófessors við guðfræðideild Háskóla Íslands, og fékk hans guðfræðilega viðhorf til raunveruleikabátta sem snúast um ástir og tilfinningar.

„Mér þykja sjónvarpsþættir sem þessar í hæsta máta óviðeigandi, enda verið að stjórna tilfinningum fólks og vaða inn á það sem er privat, á meðan fólk skemmtir sér við að sjá annað fólk óvarið og sært,“ segir Pétur Pétursson, prófessor við guðfræðideild Háskóla Íslands, um íslensku raunveruleikasjónvarpsþættina Bachelor á Skjá einum, og Ástarfleyið sem brátt verða sýndir á sjónvarpsstöðinni Sirkus.

„Í þáttunum koma dauðasyndirnar sjö allar saman; ekki síst hégómi og leti, þar sem fólk nennir ekki að vinna sig upp á eigin forsendum en vill slá í gegn á einhverri gervimennsku. Svo eru þeir sem horfa og nenna ekki að búa sér til sitt eigið menningarlíf,“ segir Pétur og nefnir einnig dauðasyndirnar græðgi og losta. „Losti er dauðasynd þegar hún snýst um kvalalosta á kostnað annarra og mér hefur fundist kvalalosti einkenna þessa þætti. Þegar ástfanginni manneskju er hafnað finnst mér þeir sem horfa, og þeir sem græða, vera haldnir kvalalosta. Virðingarleysið er algjört. Ástin er upphafin um leið og hún er dregin niður í svaðið og sýndar sárar hliðar í því augnamiði að gera úr því peninga,“ segir Pétur og heldur áfram:

Sviðsljósið brennir

„Græðgi er alltumvaðandi í samfélaginu í dag og þetta er ókræsileg aðför til að græða á varnarleysi fólks í gegnum auglýsingamennsku. Ég held að fólk sé meira einmana í dag og leiti ákaft leiða til að komast inn í glansheim fjölmiðla og tískuheims. Út á þá þrá er spilað í þáttunum,“ segir Pétur sem vill fráleitt dæma þátttakendur einu syndarana.

„Það er ekki eingöngu hægt að setja hégómastimpil á fólk sem skrúvar sig, heldur einnig þá sem glápa á þetta og ekki síst fjölmiðla sem búa þetta til,“ segir Pétur með staðfestu.

„Það er öruggt að þeir sem



PÉTUR PÉTURSSON, PRÓFESSOR VIÐ GUÐFRÆÐIDEILD Segir kærleikann vanta í veruleikasjónvarp og að þar ráði græðgi, leti, hégómi, ágirnd og losti meðal annars ríkjum.

taka þátt í þessu biða skaða af. Þeir sem elta hégómamann; hafa sóst eftir frama í tískuheimi og samkeppnum koma nánast allir eftir nokkur ár hálfskaddaðir út úr þeirri reynslu. Sviðsljósið brennir þetta fólk því það kostar að bjóða upp á sig á þennan hátt. Þarna er fólk að ná sér í athygli, upphæfð og peninga sem ekki er innistæða fyrir. Af því leiðir að sjálfsmýndin ruglast, því þegar fólk sækist eftir gervimennsku mun það hefna sín og koma aftan að því seinna meir. Og það er ekki bara guðfræðin sem sýnir fram á þetta heldur einnig persónuleikasálfræðin,“ segir Pétur sem sjálfur er félagsfræðingur sem kennir trúarlífs-sálfræði við Háskóla Íslands.

„Höfuðdyggðirnar sjö: viska, hófstilling, hugrekki, réttlæti, trú, von og kærleikur, endurspegla einmitt það sem vantar í þættina. Okkur skortir þetta hugrekki til að lifa sjálf, en lifum þess í stað í gegnum aðra, og aðrir í gegnum okkur. Það skrifast á tilgangsléysi okkar í lífinu því það er búið að draga niður í svaðið það sem skiptir máli en upphafja það sem ekki skiptir máli, sem er höfuð-

syndin. Svo ánetjast menn þessu án þess að vera syndugir sjálfir, en fjölmiðla og skemmtanaíðn- aðurinn viðhalda þessu synduga ástandi okkar sjúka samfélags,“ segir Pétur og kallar eftir andlegri vakningu í samfélagi Ísland- inga.

Syndsamlegur leikur

„Í lífið þarf trú, von og kærleika, en það skortir algjörlega í þessa þætti. Í þeim er engin trú á mannum heldur hefur trúin gafað upp í þeirri trú fjölmiðla að þeir geti búið til ímynd með gerviaðferðum. Í þeim býr heldur engin von, heldur er það augnablikið sem gildir. En stóra synd þáttanna er skortur á kærleika. Það er ekki kærleiksrik athöfn að fá ungt fólk út í svona lagað, heldur er það þveröfugt því þarna skortir bæði kærleika og mannvirðingu, en græðgin ræður ríkjum,“ segir Pétur og varar ungt fólk við að taka þátt í veruleikabáttum sem þessum.

„Því þetta er mannskemmandi. Þarna er verið að leika sér að mannskjunni á syndsamlegan hátt.“

Varhugaverður raunveruleiki

Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur hefur um árabil unnið með ungu fólki og var ein þeirra sem tjáði sig í athyglisverðri umfjöllun um áhrif Paintball-leiksins á sínum tíma, en leikurinn þótti fara of nálægt stríðsleikjum raunveruleikans og auka á ofbeldishneigð. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir ræddi við Kolbrúnu um raunveruleikaefni nútímans.

„Paintball var með fyrstu raunveruleikaefnum sem síðan hefur bæði fjölgað og tekið á sig nýjar myndir. Nú eru komnar tilfinningar í beinni, samanber brúðkaupsþættina, fæðingar og raunveruleikabætti sem fjalla um ást og tilfinningar, og þar sem þátttakendur hafa einlæga þörf til að bera sínar innstu tilfinningar og hjartans mál á torg; nokkuð sem fólk vildi áður vernda og hafa út af fyrir sig. Þannig hefur siðferðis- kennd þjóðarinnar breyst, rammarnir gliðnað og gömlu gildin um heilagt einkalíf fólks orðin víkjandi,“ segir Kolbrún en bætir við að varasamt sé að alháfa um þátttakendur raunveruleikabátta, sem skipta hundruðum þegar kemur að umsóknum í þættina. „Mig grunar að sumir þeirra sem taka þátt séu með útblásið egó og dálítið öfgakenndar hugmyndir um sjálfa sig. Einnig einstaklingar sem ekki hafa fengið næga athygli og eru í tilfinningalegu óöryggi, en sameiginlegt eiga þátttakendur að vilja hleypa hverjum sem er að sínu innsta sálarlífi,“ segir Kolbrún og minnst áhrifa frá Bandaríkjunum.

Ástin fæst ekki pöntuð

„Þar var upphaf raunveruleikasjónvarps fólgið í sparnaði til að þurfa ekki að borga hálaunuðum leikurum að koma fram, en þess í stað mætir hópur manna sem er æstur í frægð og frama og tilbúinn að borga með sér, ef með þarf. Þetta er því markaðsatriði og fólk virðist ekki ihuga hvað gerist þegar þáttaröðin er á enda og allt saman glemmist áhorfendum, hvort sem það var brúðkaup, fæðing eða annað, því svona sjónvarpsefni verður ávanabindandi,“ segir Kolbrún um herra þol fyrir krassandi sjónvarpsefni.

„Sjónvarpsefni verður æ svæsna- ara til að uppfylla skemmtanafikn fólks í dag. Þetta sýna meðal annars myndir af aftökum á netinu, en hópur fólks leitar þannig síður uppi til að sjá eitthvað nógu mikið alvöru. Þá er til fólk sem nýtur þess að sjá aðra gera sig að fifli og kemst í feitt þegar tilfinningar eru til sölu. En allt er þetta samspil sem virkar vegna þess að allir í samspilinu eru jafn ákafir í þetta og fá eitthvað fyrir sinn snú.“

Í þáttum eins og Bachelor þarf ástin að kvikna innan tímamarka sem þáttagerðin stendur yfir. „Ástin spyr ekki hvað klukkan sé né hvað tímanum líður. Ást er eitt af því fáa í lífinu sem ekki fæst pantað. Þetta er því ein stór blekking og engar alvöru tilfinningar sem kvikna. Eflaust finnur piparsveinninn konu sem höfðar til hans útlitslega og hefur svipuð áhuga-

mál og gildismat, en í lífinu hittir maður fullt af aðlaðandi fólki sem virðist hafa allt sem maður óskar sér, en þó lætur tilfinningin ást standa á sér,“ segir Kolbrún og telur þætti af þessari tegund þróast á þann hátt að þröngur hópur horfi, meðan aðrir velji sér annars konar afþreyingu, og sennilega muni eitthvað nýtt toppa þessa tegund raunveruleikasjónvarps.

Skortur á sjálfsvirðingu

„Þörfin til að slá í gegn og vekja athygli er gegnumgangandi hjá ungu fólki í dag. Nóg er að líta á bloggjið til að sjá fólk skrifa afar nákvæmar dagbækur um allt frá a til ö, en áður voru dagbækur faldar undir koddum og skrifaðar í leynd. Ungmennirnir virðast halda að aðrir hafi ótakmarkaðan áhuga á lífi þeirra, en ég set spurningamerki við innri vellíðan. Hvort fólk hefði þessa miklu þörf til að fletja sig út fyrir alþjóð ef það væri í innri sátt við sjálft sig og umhverfið. Sjálfri finnst mér þetta merki um óróleika, eirðarleysi og pirring,“ segir Kolbrún ákveðið.

„Ég held að þátttaka geti komið í bakið á fólki síðar meir. Hef talað við marga sem hafa velt þátttöku fyrir sér og beðið þá að horfa fram í tímann; Hvort þeir yrðu sáttir við þátttökuna síðar meir og hvort þeir myndu endurtaka leikinn? Hvort þeir myndu segja frá þessu? Þá eru fleiri en færri sem segjast myndu skammast sín fyrir þetta síðar meir,“ segir Kolbrún og hvetur aðstandendur til að ræða þessi mál við sín ungmenni.

„Ég spyr hvort þau fái almennt viðbrögð frá sínum nánustu? Það væri spennandi að gera úttekt á svo stórum hópum umsækjenda; Hvers konar fólk er þetta? Frá hvernig heimilum kemur það? Hvar eru þau stödd í sínu? Það fyrsta sem kemur upp í hugann er sjálfsvirðingin. Hefur hún verið alin upp í þessu fólki, því sjálfsvirðing þarf að koma strax með móðurmjólkinni. Ef einstaklingur er tilbúinn að grenja, stunda kelerí og vera hafnað fyrir framan alþjóð þá spyr maður hvort sjálfsvirðingin standi í núllinu. Þetta ber vott um tilfinningalegan skaða; að úr því að svona er hægt að koma fram við mig, þá hlýtt ég að



VALDIMAR FLYGENRING Kapteinn á ástarfleyinu.



KOLBRÚN BALDURSDÓTTIR SÁLFRÆÐINGUR Segir þátttöku í raunveruleikasjónvarps- þáttum sem fjalla um tilfinningar einstaklingsins vera ávisun á seinni tíma vanlíðan, en þátttakendur eiga það sameiginlegt að vilja opna sitt einkalíf fyrir hverjum þeim sem vill horfa.



vera einskis virði," segir Kolbrún og ályktar að brotin sjálfmynd spili þarna líka stóra rullu.

„En til er fólk sem er til í að láta hafna sér og særa fyrirfram- an aðra; slétt sama um afleiðingarnar. Hugsa sem svo að fleiri séu í sömu spor- um og lífið sé ákveðin áhætta; að það geti staðið upp og labbað út sé það er gert að fífla eða van- virt á sjónvarps- skjánum. En þannig er það ekki í raun. Áhrifin eru skaðleg og erfitt fyrir þá sem ekki standa eftir sem sigurvegarar að ná sér og mæta áreiti frá umhverfinu. Þá situr eftir beisk höfnunartilfinningin, kannski ein í viðbót. Því er þetta varhuga- verður leikur og þótt maður geti ekki stoppað sjálfráða manneskju, ættu aðstandendur að gera þeim grein fyrir að þátttaka í svona þátt- um getur haft erfiðar afleiðingar," segir Kolbrún og telur upp einn hóp umfram aðra sem sé viðkvæmur fyrir þátttöku sem þessari.

„Það eru þeir sem eiga undir högg að sækja og lenda í því að vera undir í hóp í skóla. Krakkar sem hafa lent í einelti, hafa skadast tilfinningalega og upplifað geysilega höfnun. Tilfinningaskaðinn er svo gífurlegur að þeir eru nánast tilbúnir að gera hvað sem er til að verða meðteknir og alla ævi að upplifa hræðsluna við höfnun. Hver veit nema einhverjir þeirra einstaklinga séu meðal þátttakenda?“ spyr Kolbrún að lokum, en til að svara því þyrfti nákvæma úttekt á fyrirbærinu raunveruleikasjón- varpi og ágengni íslenskra ung- menna að öðlast frægð og frama í gennum nánasta einkalíf sitt.

AP - almenningsmynd / H2-börnun

РУССИЕСК ★ МЕИИИИГАЯНХАТІЇ

15.-23. október

Velkomin á Rússneska menningarhátíð
í Kópavogi dagana 15.- 23. október



★ Tími Romanov-ættarinnar í Gerðarsafni

★ Bókmennta- og kvikmyndahátíð í Bókasafni Kópavogs

★ Íkonasýning í Gerðarsafni

★ Vladimír Chernov og Terem-kvartettinn í Salnum

★ Málþing - Rússland og ég - í Salnum

★ Fjölskylduhátíð í Smáralind

www.kopavogur.is

www.gerdarsafn.is

www.salurinn.is

www.bokasafnkopavogs.is



Rafkaup

Ármúla 24 • S: 585 2800



Opið laugardaga: 11:00 - 16:00

EF ÞÚ ERT EKKI MYRKFÆLIN,
ÞÁ MUNTU VERÐA ÞAÐ!

"ÉG SEF ENN MEÐ LJÓGIN KVEIKT"
INTERNET MOVIE DATABASE

"BRÚTAL, BLÓÐUG,
ÓGNVEKJANDI OG SLÁANDI...
SVO MAGNÞRUNGIN AÐ
ÞÚ SITUR EFTIR Í LOSTI!"

★★★★★
EMPIRE MAGAZINE, UK

"sjaldan líðið eins óþægilega í bíó...
heldur manni föstum frá byrjun...
hávær, subbuleg, óhugnaleg og alls
ekki fyrir viðkvæma og ég er að fíla það"

★★★★★
ÓÖH, DV

"einhver svæsnasti megavibbi sögunnar á ferð...
hörku spennandi barátta upp á líf og
dauða þar sem öll tiltæk meðöl eru notuð..."

★★★★★
SV, MBL

"Flottasta hrollvekja ársins"

★★★★★
Kóngurinn & Fíflíð, XFM

A FILM BY NEIL MARSHALL

THE
DESCENT

ALLS EKKI FYRIR VIÐKVÆMA!

LAUGARÁS
BÍÓ

X
97-7

„Grunaður um hálsbrot“

Práinn Bertelsson hefur fallist á að birta í Fréttablaðinu reisubókarbrot frá ferð sinni um lífsins veg og segja frá því sem á daga hans hefur drifið og fyrir augu borið í vikunni sem var. Hér birtast fyrstu færslur Práins.

Kæra Dagbók

Práinn Bertelsson skrifar



■ MÁNUDAGUR 10. OKTÓBER

Skítkalt, en heiðskírt.

Labbaði upp á Fréttablað (40 mín. hvora leið). Í staðinn fyrir að blogga á netinu eins og nútíma- maður ætla ég að skrifa dagbók í Fréttablaðið. Um fréttir, ekkifréttir, líf mitt og annarra, athafnir og vangaveltur - og hvorki ráðgast um innihaldið við eigendur Baugs



né ritstjóra Moggans. Hversu spennandi dagbók værukærs kyrretumans reynist kemur svo bara í ljós.

Ekkert sérstakt í fréttum. Engar spennandi fyrirsagnir. Annars var besta fyrirsögnin sem ég sá í síðustu viku: „Grunaður um hálsbrot!“ Við nánari athugun hafði maður slasast í bílslysi og grunur lék á því að hann hefði hálsbrotnað.

Í dag byrja ég á sundnámskeiði. Kann að vísu að fleyta mér. En ég stunda það af skyldurækni í heilsuþótarskyni. Mig langar til að læra að hafa gaman af sundi. Fyrirmynd mín er Johnny Weissmuller, hinn eini og sanni Tarzan, sem á mínum æskuárum hafði fitnað soldið og var farinn að synda í öllum fótunum undir nafninu „Jungle Jim“.

Jú, annars, eina athyglisverða fyrirsögn fann ég í dag: „Barítón-söngvari reyndi að nauðga konu á sveitaballi“. Það er þá trúlega dæla að tenórar séu miður gefnir en aðrir söngvarar.

Síðdegis koma risafréttir: Baugs- málinu að mestu vísað frá af Hæstarétti, nema einhverjum tittlingaskít og bílabraski. Eftir standa athugasemdalaust 4 ákæru- liðir af 40. Ætli ríkislögreglustjóri sé barítón?



■ ÞRIÐJUDAGUR 11. OKT.

Lögfræðileg súmóglíma

Ég er búinn að fá upp í kok af þessari lögfræðilegu súmóglímu þungavigtarmanna út af Baugs- málinu. Þetta er bara hnoð hjá fólki sem þjáist af andlegri offitu. Það sem vekur athygli við þetta mál er að innviðum og innmúruð- um og ónefndum mönnum hefur mistekist að fjarlægja fingraför sín af því. En dómur þjóðarinnar er þessi: Virðið leikreglur lýðræðisins. Látið grundvallarstofnanir þjóðfélagsins afskiptalausar. Og haldið svo áfram að stunda súmó- glímuna ykkar af hjartans lyst.

Annars eru hvítflibbaglæpir sjaldnast fréttuáhrif. Og þó, vel á minnst: Hvenær verður fyrsti innmúraði þungavigtarkrimminn í Olíumálinu múraður inni í orðs- ins fyllstu merkingu?

Sundnámskeiðið á hug minn allan. Seltjarnarneslaugin er fín. Bún- ingsaðstaðan er einföld og góð. Nú á að stækka Bláa lónið. Þegar maður ætlar að slappa þar af byr- jar maður á því að fara í greind- arpróf í því hvernig maður á að opna skápa áður en maður getur farið úr fótunum, og þegar maður er búinn að slappa af og klæða sig kemst maður ekki hjá því að fara út blautur í fæturna. Skyldu arkítektar geta hannað skárri bún- ingsaðstöðu í næstu atrennu fyrir einn og hálfan milljarð? Stundum kemur eitthvað í frétt- um sem gagntekur mann og manni finnst að mannkynið, eða að minnsta kosti þjóðin hafi tekið hænuft í átt að þroska. Thelma Ásdísardóttir og systur hennar töluðu í Kastljósi af einlægni um þá hræðilegu misnotkun sem þær hafa orðið fyrir. Þær sanna fyrir mér að „sannleikurinn mun gera yður frjálsa“. Niður með þöggun, afskiptaleysi, hrænsni og lygi.

Sannleikurinn er stundum beiskur á bragðið, en hann virkar. Gerir okkur betri. Þessar systur eru hetjur og fyrirmyndir!

■ MIÐVIKUDAGUR 12. OKT.

Heilbrigð sál í syndum líkama

Til að hressa líkamann er ég á sundnámskeiði má., þr. og fi. (- daga auðvitað). En það er ekki nóg að hugsa um farartækið, heldur þarf líka að sinna farþeganum, huganum, sálinni. Þess vegna skellti ég mér á þýskunámskeið hjá Goethe Zentrum. Mig langar til að vita hvort ég sé orðinn kalkaður eða hvort ég geti rifjað upp þýskuna sem ég lærði í skóla. Þýska er tignarlegt tungu- mál. Kennarinn okkar heitir Silke Waelti. Og er frábær.

Nemendur þarna eru indæl- is fólk og ég hef ekki orðið fyrir einelti enn þá. Skemmtilegt að finna hvernig ein heilasellan af rumskar af áratuga dvala og tekur að romsa upp úr sér þýskri málfræði.

■ FIMMTUDAGUR, 13. OKT.

Áfengi og kynlíf

„Fjórdungur Norðmanna sér eftir því að hafa notið kynlífs undir áhrif- um áfengis.“ Þetta kemur fram í nýlegri könnun, sem heilbrigðis- og félagsmálayfir- völd í Noregi stóðu fyrir. Það er norska dagblaðið Verdens Gang sem greinir frá niðurstöðum könnunarinnar. Þetta les ég á Netinu.

Ég hef oft hugsað um hvernig makaval er stundað í nútíman- um og furða mig

á því að ekki skuli enn þá fleiri hjónabönd enda með skilnaði. Ekki mundi nokkur manneskja fara blindfull á bílasölu að velja sér farartæki. En um rekkjunauta og hugsanlega lífsförunauta gegn- ir greinilega öðru máli. Það er umhugsunarefni hvort forfaðir



minn og formóðir mín í Noregi hafi verið edrú þegar þau hófu það genaboðhlaup sem ég er núna þátttakandi í fyrir þeirra tilstilli?

Í dag nenni ég hókstaflega engu, allra síst að hugsa. Maður ætti kannski að stækka lýsis- skammtinn með haustinu?

■ FÖSTUDAGUR, 14. OKT.

Bókmenntalegir Uppsala- Gíslar og stundaglasíð

Sænska akademían virðist hafa náð jarðsambandi aftur gegnum Harold Pinter. Enda var vitleysan orðin yfiringileg; einstöku með- limir með fullu viti hættir að mæta á fundi, en snobbhænsnin sátu eftir og reyndu að þefa uppi einhverja bókmenntalega Gísla á Uppsöl- um til að koma heiminum á óvart. Menn leita oft langt yfir skammt.

Astrid Lind- gren fékk aldrei þessi verðlaun. Snobblíkan gat ekki hugsað sér að verðlauna venjulega manneskju sem skrifaði barnabækur - og var vinsæl í ofanálag.

Í gær rann út síðasta sandkorn- ið í pólitísku stundaglassi Davíðs Oddssonar. Það á eftir að koma í ljós hvort maður saknar þess að hafa ekki nöldríð sitt. Reyndar held ég að ekki líði á löngu þar til ég man það helst frá október 2005 að í þeim mánuði lærði ég loksins skriðsund. En eitt hef ég þó lært af stjórnmálaumræðunni á landsfundi Flokksins: Erfiðir tímar og harð- indi eru Fjandanum að kenna, en góðari er Flokknum að þakka. Einkum Davíð Oddssyni.

Ég ætla helst ekki að gera nokkurn skapaðan hlut um helg- ina. Mitt eftirlætis tómskundagaman er fullkomið iðju- leysi.



TAKK FYRIR



NÝR

LEGACY

Vegna mikillar eftirspurnar á nýjum Legacy hefur myndast bið eftir bílum til afgreiðslu. Sú bið er senn á enda og hvetjum við alla til að kynna sér bílinn. Það sannast hér enn og aftur að Subaru á sér mjög tryggan aðdáendahóp.

– Þökkum nýjum Subaru eigendum **frábærar** viðtökur!

STAÐREYNDIR:

- Ný 2,0 lítra vél - 165 hö.
- Tölvustýrð loftkæling
- Sítingt aldrif (AWD)
- Kastarar í stuðara
- 17" álfelgur
- Hraðastillir

SJÁLFSKIPTUR SEDAN

VERÐ 2.440.000 kr.

SJÁLFSKIPTUR WAGON

VERÐ 2.590.000 kr.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a
800 Selfossi
482-3100

Eyralandi 1
530 Hvammstanga
451-2230

Sæmundargötu 3
550 Sauðárkróki
453-5141

Holtsgötu 52
260 Njarðvík
421-8808

Dalbraut 2b
300 Akranesi
431-1376

Víkurbraut 4
780 Höfn í Hornafirði
478-1990

Búðareyri 33
730 Reyðarfjörður
474-1453

Sindragötu 3
400 Ísafjörður
456-4540

Óseyri 5
603 Akureyri
461-2960



Heyrst hefur...

... að Víkingar hafi fagnað gríðarlega þegar ljóst var að Logi Ólafsson yrði ekki áfram með landsliðið. Þeir hafa beðið með að ráða þjálfara og vonast til að Logi yrði á laus og þeim varð að ósk sinni. Nú er spurning hvort samningar takast.

sport

sport@frettabladid.is

MARGRÉT KARA STURLUDÓTTIR: AF FRÆGUSTU KÖRFUBOLTAÆTT NJARÐVÍKUR EN LEIKUR MEÐ KEFLAVÍK:

Pabbi og frændur mínir styðja mig

Þegar Njarðvík ákvað að senda ekki kvinnalið til keppni í meistaraflökki kvenna í körfubolta fyrir þetta tímabil, ákvaðu þær Margrét Kara Sturludóttir og Ingibjörg Vilbergsdóttir að ganga til liðs við erkifjendurnar í Keflavík. Margrét Kara er af frægri ætt körfuboltamanna úr Njarðvík. Hún er dóttir Sturlu Örylgssonar sem er bróðir Gunnars og Teits sem allir léku með Njarðvík. Þeir Örylgssynir léku fjölmargar frægar tímur við Keflavík á tímum sínum og því lá okkur forvitni á að vita hvort það hefði ekki verið erfitt fyrir Margréti Köru að leika með

erkifjendunum í Keflavík. „Ég bjóst aldrei við því að fara nokkurn tímann í Keflavík en þessi skipti eru mjög jákvæð fyrir mig. Ég á eftir að læra helling því hér í Keflavík er ég að spila með besta liðinu á landinu,“ sagði Kara eins og hún hefur alla tíð verið kölluð. „Pabbi og allir frændur mínir hafa stutt mig í þessu. Teitur [Örylgsson] sagði að ég væri að gera hárrétt. En auðvitað var það skritið að klæðast Keflavíkurbúningnum fyrst,“ sagði Kara sem lék fyrsta deildaleik sinn gegn IS á þriðjudag og gerði

8 stig á aðeins 12 mínútum og hitti úr öllum fjórum skotum sínum í leiknum. „Stelpurnar í Keflavík hafa tekið mér mjög vel. Stefnan hjá okkur er að vinna alla þá titla sem eru í boði.“ Sturla Örylgsson, heimsfrægur Njarðvíkingur og faðir Köru, er mjög ánægður með að dóttirin sé farin að spila með Keflavík. „Ég er rosalega stoltur af henni. Hún er farin að spila með þeim bestu og lét strax til sín taka. Auðvitað er þetta svoltið sérstakt allt saman en mér hefur alltaf þótt vænt um Keflvík,“ sagði Sturla og aldrei að vita nema hann dragi bræður sína Gunnar og Teit á fyrsta heimaleik Keflavíkur gegn KR næsta miðvikudag og öskri „ÁFRAM KEFLAVÍK“.

> Við bjóðum...

... Eyjólf Sverrisson velkominn til starfa sem landsliðsþjálfari en Fréttablaðið væntir mikils af störfum Eyjólfss rétt eins og þjóðin öll. Það er mikil vinna fram undan hjá Eyjólfni að byggja upp sterkt landslið og vonandi farnast honum vel í starfi.



> Við þökkum...

... Ásgeiri Sigurvinssyni og Loga Ólafssyni fyrir tímamann með landsliðið. Þeir náðu frábærum árangri til að byrja með en því miður náðu þeir ekki að fylgja þessum frábæra árangri eftir og Eggert Magnússon gerði rétt í því að skipta þeim út.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

12 13 14 15 16 17 18

Miðvikudagur

LEIKIR

16.15 Afturelding og ÍR mætast að Varmá í Mosfellsbæ í DHL-deild karla í handbolta.

16.15 Víkingur/Fjölnir og Selfoss eigast við í Fjölnishúsinu í DHL-deild karla í handbolta.

16.15 FH og KA mætast í Kaplakrika í DHL-deild karla í handbolta.

SJÓNVARP

04.50 Formúla 1 á RÚV.

05.30 Formúla 1 á RÚV.

09.10 Enska mörkin á Sýn.

09.40 HM 2006 á Sýn. Leikur Englands og Póllands endursýndur.

11.25 Enska boltinn á Enska boltanum. Leikur Wigan Athletic og Newcastle í beinni útsendingu.

11.20 HM 2006 á Sýn. Leikur Íra og Svisslendinga endursýndur.

11.45 Formúla 1 á RÚV.

15.00 HM 2006 á Sýn. Leikurinn milli Svía og Íslendinga endursýndur.

18.20 Íslandsmótið í atskák á RÚV.

18.45 Á vellinum með Snorra Má á Enska boltanum.

14.00 Enska boltinn á Enska boltanum. Leikur Liverpool og Blackburn Rovers í beinni útsendingu. Aðrir leikir á sama tíma eru sýndir á hlíðarrásunum.

16.15 Enska boltinn á Sýn. Leikur Middlesbrough og Portsmouth sýndur í beinni útsendingu.

14.40 A1 kappaksturinn á Sýn.

15.45 Handboltakvöld á RÚV.

16.05 Íslandsmótið í handbolta á RÚV.

16.40 X-Games á Sýn.

17.30 Bandaríska mótardöðin í golfi á Sýn.

17.50 Spænski boltinn á Sýn. Bein útsending frá leik Deportivo og Barcelona.

19.50 Spænski boltinn á Sýn. Bein útsending frá leik Atlético Madrid og Real Madrid.



KÁTIR FÉLAGAR Á GÓÐRI STUND Eyjólfur Sverrisson, nýráðinn landsliðsþjálfari, og Eggert Magnússon, formaður KSÍ, voru kampakátir í höfuðstöðvum KSÍ í gær þegar tilkynnt var um ráðningu Eyjólfss.

Eyjólfur Sverrisson ráðinn landsliðsþjálfari

Ásgeir Sigurvinsson og Logi Ólafsson munu ekki stýra íslenska landsliðinu í knattspyrnu áfram. Eyjólfur Sverrisson var í gær ráðinn í þeirra stað.

FÓTBOLTI Stjórn Knattspyrnusambands Íslands ákvað í gær að ráða Eyjólf Sverrisson sem þjálfara íslenska landsliðsins í knattspyrnu en hann tekur við af Ásgeiri Sigurvinssyni og Loga Ólafssyni en samningur þeirra rennur út 30. október.

Eggert Magnússon, formaður KSÍ, sagði Eyjólf hafa verið fyrsta kostinn í starfið en hann náði góðum árangri með U-21 landsliði Íslands.

„Við gerðum okkur miklar vonir fyrir undankeppni heimsmeistaravæðisins. Við eigum marga ágæta knattspyrnumenn og þess vegna á landsliðið að geta verið frambærilegt. Árangurinn úr undankeppni heimsmeistaravæðisins var ekki nægilega góður. Við fengum færri stig heldur en landslið þjóða sem hafa ekki verið

betri en við fram að þessu. Það skiptir miklu máli fyrir okkur að ná ásættanlegum árangri og vonandi mun ganga vel í komandi keppnum.“ Íslenska liðið vann einn leik í undankeppninni undir stjórn Ásgeirs og Loga, gerði eitt jafntefli og tapaði átta leikjum.

Eggert ítrekaði enn fremur að það væri fjárhagslega mikilvægt fyrir KSÍ að árangur landsliðsins sé góður. „Það er mikilvægt fyrir fjármál sambandsins og andlit okkar út á við að árangurinn sé ásættanlegur og þess vegna verðum að gera kröfu um betri árangur en náðist í síðustu undankeppni.“

Eyjólfur Sverrisson hefur stýrt U-21 landsliði Íslands að undanförunu og náð ágætum árangri. Nú síðast vann liðið Svía sannfærandi í Svþjóð með fjórum

mörkum gegn einu. „Ég hef það markmið að vinna alla þá leiki sem ég tek þátt í, hvort sem það er sem leikmaður eða nú þjálfari. Þetta verður spennandi og ögrandi verkefni sem ég held að verði einnig gefandi og skemmtilegt. Ég hefði ekki tekið þetta að mér nema ef ég hefði verið tilbúinn til þess að geta sinnt þessu af miklum metnaði og vonandi tekst mér að ná góðum árangri.“

Spurður um hvort Ívar Ingimarsson og Jóhannes Karl Guðjónsson kæmu nú til greina í landsliðið, en þeir hafa ekki gefið kost á sér í liðið að undanförunu, svaraði Eyjólfur: „Það munu allir sitja við sama borð hjá mér í upphafi og ég ætla mér að fylgjast með leikmönnum sem til greina koma á næstunni.“

magnush@frettabladid.is



VIÐ SJÁUMST ÁSGEIR MINN Eggert Magnússon sést hér með Ásgeiri á æfingu og er engu líkara en að hann sé að þakka fyrir samstarfið á myndinni.

Ásgeir Sigurvinsson:

Ég er ekki bitur

FÓTBOLTI „Ég var ekkert að byrja í fótbolta. Ég veit vel að starf manns er dæmt eftir árangri. Fundurinn sem ég átti með Eggerti [Magnússyni, formanni KSÍ] þar sem hann tilkynnti mér að við Logi yrðum ekki áfram var ágætur og allt var í mesta bróðerni. Það er enginn biturleiki í gangi,“ sagði Ásgeir Sigurvinsson, fyrrverandi landsliðsþjálfari Íslands í knattspyrnu, þegar hann var spurður um viðbrögð sín yfir tíðindum gærdagsins.

Ásgeir og Logi tóku við stöðu Atla Eðvaldssonar sem landsliðsþjálfarar sumarið 2003 og undir stjórn þeirra var landsliðið aðeins einum leik frá því að tryggja sér sæti á lokakeppni EM 2004. Fyrir undankeppni HM sem nú er nýlukið voru miklar væntingar gerðar til liðsins en þrátt fyrir ágætis knattspyrnu var árangurinn afleitur, aðeins fjögur stig í tíu leikjum.

„Tími minn hjá landsliðinu var mjög skemmtilegur og gefandi tími. Ég tel að sú leið sem við Logi fórum að láta liðið spila fótbolta sem byggist ekki á háloftspyrnum hafi verið rétt, því annars bætum við okkur aldrei. Lið sem getur ekki leikið einfaldan fótbolta á ekki erindi á stórmót. Á þessum stutta tíma okkar sem landsliðsþjálfarar höfum við gert miklar breytingar. Úrslitin létu á sér standa en oft spiluðum við mjög góða og skemmtilega leiki. Ég er hættur þjálfun og mun ekki koma nálægt því starfi í nánustu framtíð.“

Ásgeir lauk samtalinu með því að óska Eyjólf Sverrisyni vel farnaðar í starfi og óskaði eftir því að fjölmiðlar gæfu nýjum landsliðsþjálfara vinnufrið.

Eggert Magnússon ekki hættur að ráða þjálfara: Tekur Magnús við U-21?

FÓTBOLTI Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins mun Magnús Gylfason taka við af Eyjólf Sverrisyni sem þjálfari U-21 árs landsliðsins. Magnús gekk á fund Eggerts Magnússonar í Laugardalnum í gær og segja heimildir blaðsins að tilkynnt verði um ráðningu Magnúsar fyrr frekar en síðar.

Magnús hefur verið atvinnulaus sem þjálfari síðan KR rak hann í lok júlí síðastliðnum. Hann hefur áður þjálfað fyrir KSÍ en Magnús sá um íslenska U-16 ára landsliðið fyrir nokkrum árum. Magnús þjálfaði lið ÍBV áður en hann tók við KR. Hann hefur verið í leit að nýju starfi og var meðal



ÁFTUR TIL STARFA Magnús Gylfason er væntanlega kominn með nýja vinnu. annars orðaður við þjálfarastöðu hjá Víkingi. - hbg



Þjálfaranámskeið ÍSÍ

Almennur hluti 1a

www.isisport.is

Helgina 21. – 23. október verður **Þjálfari 1a – almennur hluti** haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Lágmarksaldur þátttakenda er 16 ár. Námskeiðið er undanfari annara námskeiða sem síðar verður boðið uppá og þannig fyrsta námskeiðið í samræmdu kerfi íþróttahreyfingarinnar.

Námskeiðið er 20 kennslustundir, að meginhluta bóklegt, og er ætlað leiðbeinendum barna í íþróttum.

Nemandi sem lýkur þessu námskeiði ásamt því að ljúka sérgreinahluta þjálfarastigs 1a hlýtur réttindi sem aðstoðarmaður eða leiðbeinandi hjá íþróttaskóla eða yngstu flokkum.

Verð á námskeiði er kr. 12.000,-. Skráningar þurfa að berast á netfangið namskeid@isisport.is eða í síma 514-4000 í síðasta lagi miðvikudaginn 19. október.

Frekari upplýsingar má finna á www.isisport.is

Þeir sem hafa lokið Grunnstigi ÍSÍ eru gjaldgengir á Almennan hluta 1b. Þjálfaramenntun íþróttahreyfingarinnar fæst metin til eininga í framhaldsskólum samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla.

Trivial Pursuit

í 20 ár á Íslandi

Nýtt
kortatímabil

TILBOÐ
4.999 kr
Verð áður 5.799,-

Nýtt
í Hagkaupum

Afmælistilboð
á Trivial Pursuit
um helgina



Gildir 15. - 16. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Eiður líklega í liði Chelsea: Bolton tekur á móti Chelsea

FÓTBOLTI Margir athyglisverðir leikir fara fram í dag í ensku úrvalsdeildinni og verður spennandi að sjá hvernig liðin í toppbaráttunni koma til leiks eftir landleikjahléið. Topplið Chelsea mætir Bolton á heimavelli sínum og verður spennandi að sjá hvort Eiður Smári Guðjohnsen fær tækifæri í leiknum, en hann var einn fárra leikmanna Chelsea sem spilaði ekki í landsleik. „Það er alltaf erfitt að spila eftir landsleiki og ekki síst á móti harðskeyttu liði eins og Bolton. Ég mun þurfa að hvíla leikmenn og svo eru líka nokkrir leikmenn ýmist mikið eða lítið meiddir,“ sagði José Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea. - mh

Valur skellti Fylki í Árbænum

Valsmenn sýndu klærnar í gærkvöldi þegar þeir heimsóttu Fylki í Árbæinn. Valur spilaði fantavörn sem lagði grunninn að sigrinum.

HANDBOLTI Tveir leikir fóru fram í DHL-deild karla í gær. Í Digra-nesi unnu heimamenn í HK góðan sigur á Þór, 32-26, en í Árbænum vann Valur mikilvægan sigur á spútnikliði Fylkis.

Fylkir byrjaði leikinn betur og leiddi út fyrri hálfleikinn en hálfleikstölur voru 13-12 fyrir heimamenn. Fylkir hélt áfram að spila vel í upphafi síðari hálfleiksins um miðjan hálfleikinn hrundi leikur liðsins til grunna, Valur gekk á lagið og yfir Fylkismenn og vann sannfærandi sigur, 19-26.

KRAFTMIKILL FRAKKI Mohammadi Loutoufi fór mikinn með Val gegn Fylki í gær og skoraði tíu mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



ÚRSLIT GÆRKVÖLDSINS

DHL-deild karla:

FYLKIR-VALUR 19-26

Mörk Fylkis: Arnar Þór Sæþórsson 7, Arnar Jón Agnarsson 4, Brynjar Þór Hreinsson 3, Ingólfur Axelsson 2, Ásbjörn Stefánsson 2, Sigurður Jakobsson 1.

Varin skot: Hlynur Northens 10.

Mörk Vals: Mohammadi Loutoufi 10, Baldvin Þorsteinsson 6, Hjalti Pálmason 3, Ingvar Árnason 3, Sigurður Eggertsson 2, Elvar Friðriksson 1, Kristján Karlsson 1.

Varin skot: Pálmar Pétursson 10, Hlynur Jóhannesson 9.

Áhorfendur: 100.

HK-ÞÓR AK. 32-26

Mörk HK: Valdimar Þórsson 13/9, Brynjar Valssteinsson 7, Vilhelm Gauti Bergveinsson 6, Jón Heiðar Gunnarsson 3, Elias Már Halldórsson 2, Gunnar Steinn Jónsson 1.

Mörk Þórs: Rúnar Sigtryggsson 9, Arnór Þór Gunnarsson 5, Heiðar Aðalsteinsson 2, Sindri Viðarsson 2, Bjarni Gunnar Bjarnason 2, Sigurður B. Sigurðsson 2, Brendan Þorvaldsson 2, Sindri Haraldsson 1, Aigars Lazdins 1.

Viggó Sigurðsson fær fallelkunn fyrir fyrsta árið

UTAN VALLAR
ÍSLENSKA
LANDSLIÐIÐ Í
HANDBOLTA



HENRY BIRGIR GUNNARSSON
ÍPRÓTTAFRÉTTAMAÐUR

Viggó Sigurðsson hefur haldið um stjórnartaumana hjá íslenska handboltalandsliðinu í rúm ár og á þeim tímamótum er vert að líta um öxl og skoða árangurinn sem Viggó hefur náð með liðið.

Viggó tók við starfinu með látum, sagði forvera sinn hafa spilað hundleiðinlegan handbolta og setti mikla pressu á sjálfan sig með því að stefna á að koma Íslandi í röð sex fremstu þjóða heims. Fyrsta stóra verkefni

Viggós var að fara með mikið breytt lið á HM í Túnis í janúar.

Þrátt fyrir nýliðunina í hópnunum sá Viggó enga ástæðu til annars en að ná góðum árangri á mótinu, „Ég mun ekki afsaka mig fyrir fram að ég sé að fara með nýtt og óreynt lið á þetta mót. Það er bara þannig að ef maður ætlar að vera landsliðsþjálfari á Íslandi þá verður maður að gera væntingar. Annars getur maður bara verið einhvers staðar annars staðar,“ sagði þjálfarinn fullur sjálfstrausts fyrir mótið.

Gengið var ekki í samræmi við yfirlýsingar þjálfarans, liðið komst ekki milliriðil og endaði í 15. sæti mótsins sem var einn lélegasti árangur landsliðsins á HM í áráraðir. Viggó hefur haldið áfram að byggja upp lið með þeim

mannskap sem hann fór með til Túnis og síðasta sumar tryggði liðið sér þáttökurétt á EM eftir auðveldan sigur í umspili gegn slöku liði Hvíta-Rússlands.

Viggó er einnig þjálfari U-21 árs landsliðsins sem miklar væntingar voru gerðar til fyrir HM sem fram fór í Ungverjalandi í lok sumars. Þessi árgangur varð Evrópumeistari í U-18 og því átti að vera innistæða fyrir árangri á HM. Rétt eins og í Túnis gekk hvorki né rak í Ungverjalandi og liðið varð að lokum að sætta sig við 9. sætið.

Viggó til hróss má nefna að undir hans stjórn lagði liðið Svíagrýluna að velli sem og heims- og Ólympíumeistara á World Cup. Einnig hefur hann endurnýjað liðið talsvert og var ekki vanþörf

á endurnýjun og fersku blóði.

Gengi á stórmótum er aftur á móti mælikvarðinn sem miðað er við þegar starf landsliðsþjálfara er metið. Þar hefur Viggó kolfallið á báðum stóru prófunum sem hann hefur tekið. Það er ekki hægt að segja að Viggó hafi tekið áföllunum vel og í raun hefur honum tekist að kenna öllum öðrum nema sjálfum sér um þetta slæma gengi. Undirritadur hefur ekki enn tekið viðtal, eða lesið viðtal, þar sem Viggó axlar einhverja ábyrgð á gengi landsliðsins.

Í Túnis kenndi hann dómurinum um í upphafi, einnig var hitastigið í íþróttahöllinni að umræðuefni og þegar liðið var úr leik í keppninni skellti hann skuldinni á ákveðna leikmenn.

Aldrei var minnst einu orði á ábyrgð þjálfarans á genginu.

Eftir HM í Ungverjalandi var svipað upp á teningnum, leikmenn voru látnir taka á sig alla sökina og til að undirstrika að þeir hefðu klúðrað mótinu sleppti hann því að velja lykilmenn U-21 árs liðsins í A-landsliðshópinn í vikunni.

Viggó segir í drottningarviðtali við Morgunblaðið í gær að hans starf snúist um að ná árangri. Hann hefur litlum árangri náð á þessu fyrsta ári með landsliðið þrátt fyrir digurbarkalegar yfirlýsingar um að Ísland eigi að vera með landslið í fremstu röð.

Viggó, nú er kominn tími til að hætta að rífa kjaft og láta verkin tala til tilbreytingar!

BMW 1 línan

www.bmw.is



Sheer Driving Pleasure

BMW 1 línan er númer eitt í margs konar skilningi. Hún er fyrsta línan af mörgum frá BMW og um leið sú smæsta. Hún er fyrsta fimmdyra bifreiðin sem kemur frá BMW og jafnframt fyrsta úrvalsbifreiðin í sínum stærðarflokki. Í þeim flokki er hún enn fremur sú fyrsta sem er afturhjóladrifin með jafna 50:50 þyngdardreifingu og þá er hún fyrsta úrvalsbifreiðin í sínum verðflokki. Þar með er sagan þó ekki öll, því 1 línan er í fararbroddi á enn fleiri sviðum.

BMW 1 línan er fyrst bifreiða til að búast iPod nano frá Apple. Vertu fyrstur/ur til að fá þér BMW 118iA nano.



iPod nano



BMW 118iA nano

118iA nano, kr. 2.990.000

2000 cc. 129 hð, metallic lakk, 16" álfelgur, BMW geislaspillari, sjálfskipting, Runflat öryggisdekk, 8 loftpúðar, DSC stöðugleikastýring, DTC spyrnustýring, ABS afhlemlar með CBC og DBC, leðurklætt sportstýri, armpúði milli sæta, aksturstólva, starthnappur, samlitur, BMW mottur, iPod tengi, iPod nano mp3 spillari frá Apple.

B & L

Grjóthálsi 1

sími 575 1200

www.bl.is



Með bílinn handa þér

SONY®

Allt þetta

í einum pakka

KLVS32A10
SONY 32" LCD SJÓNVARP

- 32" LCD sjónvarp
- 1366x768 pixel Upplausn
- Contrast 1000:1
- Birta 500 cd/m²
- Borðstandur (hægt að snúa)
- High Definition Ready

219.950 krónur



Skýrari mynd en þú átt að venjast
...og aðeins 1 fjarstýring fyrir öll tækin.



HTSS600
SONY HEIMABÍÓ

- Útvarpsmagnari 600W RMS
- S-Master Digital magnari
- Dolby Digital, DTS, Dolby Pro Logic II
- 5 hátalarar + Bassahátalari

49.950 krónur

DVP-NS360
SONY DVD SPILARI

- Spilar R-1, R-2 (sjónvarp þarf að styðja NTSC)
- Spilar CD/CDR/CDRW/VCD/SVCD/MP3/JEPG DVD-R/DVD+R/DVD-RW/DVD+RW
- Dolby Digital DTS

12.950 krónur

Heildarpakkinn!
18.329 kr.
á mánuði* í 12 mánuði
eða 219.950 krónur staðgreitt.

Listaverð 282.850 krónur

like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

Sony Center

PÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSI
VEF.TV



HORFÐU EINSOG PÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir
í stafrænum gæðum á visir.is

SÁ BESTI Í BRANSANUM ER MÆTTUR AFTUR!
FRUMSÝND 14/10/05
FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA



SENDU SMS SKEYTIÐ JA FBT Á NÚMERIÐ 1900!
PÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA Á MYNDINA FYRIR TVO! DVD MYNDIR COKE OG MARGT FLEIRA!

11. HVER VINNUR!

VINNINGAR VERÐA AFHENDIR HJÁ BT SMÁRALIND, KÓPAVOGI, 99KR SMSIÐ. MEÐ ÞVI AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

STUÐ MILLI STRÍÐA: Saklaus súkkulaðikaka

JÓHANNA SVEINSDÓTTIR ER EKKI ORÐIN ÞRÍTUG



Sat á starfsmannfundi í gærmorgun þar sem var borin fram dýrindis súkkulaðikaka. Kakan var í til efni af afmæli, ein af okkur var orðin tvítug, og þótti við hæfi að dreifa sætuefnum á slíkum merkisdegi. Meðan blaðamennirnir smjöttuðu og kjömmsuðu á kaloríunum var rætt um aldur og afmæli. Sumir þurftu að rifja upp með fingratalningu hvar þeir voru staddir á lífskeiðinu og aðrir stunduðu eða öfunduðu stutt æviskeið

súkkulaðikökugefarans. Sjálf er ég orðin 26 ára og er því nær þrítugsaldrinum, ef ég slumpa þá enda ég þar, nema ég slumpi í 25 ára sem er vinsælt hjá mér núna. Annars voru blaðamennirnir nokkuð sammála um að tvítugs afmælið væri svona síðasta frábæra afmælið í almennum skilningi. Þrítugsafmælinu fylgja oft pælingar um og panikk yfir því hvert lífið sé að stefna og hverju hefur verið áorðað hingað til. Og þó það séu aðeins sex ár frá því ég bakaði súkkulaðiköku í tilefni míns tvítugs afmælis þá finnst mér svo langur tími liðinn. Þá hafði ég orku í til að kíkja út á lífið báða daga helgarinnar og vinna, fara í sund og baka kökur.

Núna finnst mér nægja að fara bara í sund og kaupi kökuna tilbúna. Ég gekk út af starfsmannafundinum, nokkrum mínútum eldri, með köku tvítugrar konu í maganum og heilmiklar pælingar um framtíð og fyrirætlanir í huganum. Finnst sem panikkin yfir þrítugsafmælinu sé að hellast yfir mig. Allt út af einni saklausri súkkulaðiköku. Ekki það að ég sé heltekin af aldri. Ég er bara eins og hver önnur kona sem veit að lífið er dásamlegt sama á hvaða aldri ég er; eins og hver önnur kona sem veit að aldurrinn segir ekki til um ágæti hennar; eins og hver önnur kona sem veit að talan 35 ...er ekki til.

myndasögur

Pondus

Strákar! Ég ætla að segja ykkur svolítið um reykingar. Það fylgir nefnilega bónus með reykingum!

Uuuu, ég verð að fara.

Ekki aðeins færðu gular tennur, gula fingur og andardrátt eins og íþrótta-sokkur. Fyrir utan mikinn kostnað færðu gráa húð, lélega heilsu og „Fifty ways to leave your life!“

Palli! Ég segi þér þetta því mér þykir vænt um þig og ég vil ekki að neitt komi fyrir þig! Hefði móðir þín heyrnt um þetta....

Þá hefði hún drepit þig!

Ætti ég kannski að þvo bílinn í dag? Kannski ég gæti tekið aðeins til í bílskúrnum? Kannski...

Já, kannski það!

Eftir Frode Overli

Gelgjan

TATA!!

Palli! Stanislaw!

Hvað í ósköp...?

Við rökuðum af okkur hárið svo að móður þinni myndist hún ekki svona mikið ein, á meðan hún er í lyfjameðferðinni.

Þetta var hans hugmynd!

Ég veit, þetta er allt of mikið.

Alveg sammála.

Tommi? Hver er þetta?

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Pú og pa

Hitt! Skritið!

Hvað er þetta hafið aldrei séð dverg áður??

Jú, en það er hitt sem er svo skritið!

Eftir SÖB

Kjölturakkar

SPLASSS!!

Ég sagði ENGAR BOMBUR!

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Æ, hvað þetta er sætt. Ég ætli að skrifa þetta í dagbókina hans Hannesar.

Éða, ég myndi gera það ef ég gæti munað hvar ég setti hana. Og ef ég gæti fundið penna. Og ef penninn væri ekki bleklaus. Og ef ég hefði þrjátíu sekúndna næði til þess að setja saman videigandi setningu.

Andvarp! Dagbók barns númer tvö er full af fallegum hugsunum.

Eftir Kirkman/Scott

Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

1	5	8	3	7	4	2	9	6
4	9	2	6	8	5	3	7	1
7	3	6	9	1	2	8	5	4
5	7	9	1	4	3	6	2	8
6	8	1	2	5	7	4	3	9
2	4	3	8	9	6	7	1	5
9	6	4	7	3	1	5	8	2
3	1	5	4	2	8	9	6	7
8	2	7	5	6	9	1	4	3

	3	9		8		7		
5		4				6	3	1
				6	3			5
4			7		2			9
	1			5			7	
9			1		6			8
3			2	9				
8	7	6				2		4
		2		7		8	5	

Fartölvu tilboð



MEDION®

Medion C8 Turion

MD95590

- 17" Breiðjaldsskjár (1440 x 900 pixla) "non-glare"
- AMD Turion 64 ML 30 örgjörvi
- ATI Mobility RADEON Xpress 200 128MB Skjástyring
- PCI-Express gagnabrautir
- 1GB DDR minni
- 80 GB harður diskur
- DVD skrifari
- Sjónvarpskort og fjarstyring
- Þráðlaust netkort
- Bluetooth, VGA Tengi, DVI-I tengi, Firewire, Infrarautt
- 6 rása hljóðtengi, stafrænt hljóðtengi
- 6 USB 2.0 tengi
- 4 hátalarar og bassabox – frábræð hljómur
- MediaBay kortalesari – les öll helstu kortin
- Þyngd aðeins 3.5 kg

WiFi

DVD

FireWire

POWERED BY DDR MEMORY

Bluetooth

Risaskjár

Með hárra upplausn tryggir nægt vinnuþláss og sérstök "non-glare" áferð minnkar ljósglampa.

Óflug skjástyring

RADEON Xpress 200 stýringin er sérhönnuð fyrir nýjstu AMD 64 bita örgjörvana með hámarksföskost í huga. Stýður að fullu DirectXTM 9.0

Nýr 64 bita Turion örgjörvi

Nýjasti örgjörvinn frá AMD er sérhönnuður fyrir fartölur með hámarksföskost í huga en jafnframt lágmarksorkunotkun. Örgjörvinn er hannaður fyrir 32 bita og 64 bita forrit og stýrkerfi og er þrýddur þráðri tækni eins og HyperTransport™, PowerNow!™ og 3DNow!™.

4.787*

4.787*
Tölvukaupalán 48 mán.

13.999**
Vaxtalaust 12 mán.

167.988
Staðgreitt



**Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldbærf. 0,5% stimpilgjöld bætist við samningfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.
*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni V.I.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.

Ódýrasta tónlistin á Íslandi

Ný tónlist



1.799

1.799

2.499

Ódýrt DVD



899

MEDION®

42" PLASMASJÓNVARP

- Mynd í Mynd (PIP)
- Tveir sjónvarpsmóttakarar
- 10.000:1 skerpa
- birta 1000cd/m2
- Textavarp með 2100 síðna minni
- HDTV stuðningur, 720p, 1080i
- HDCP stuðningur
- Innbyggðir víðóma hátalarar
- Vönduð ál yfirbygging
- Stýður PAL/NTSC/SECAM
- DVI-I tengi sem stýður VGA og DVI búnað
- 2 EURO SCART tengi
- Composite video tengi (RCA)
- S-Video tengi (MINI DIN)
- Þyngd án stands: 38kg
- Þyngd með standi: 42kg

WIDE SCREEN

HDTV READY

Skerpa 10.000:1
Þýsk gæði!

Lífími 30.000 klst áður en dragur úr gæðum myndar. Miðað við 4 klst áhorf á dag þá er endingin 21 ár

Multipip

Virkar þannig að stöðin sem verið er að horfa á er „live“ en hinar stöðvarnar í kring uppfærast með jöfnu milli.

Miklir tengimöguleikar

2 SCART tengi, S-Video tengi og DVI tölvutengi sem gerir þér kleift að tengja sjónvarpið við tölvu og nota sem RISASTÓRAN tölvuskjá ásamt fullt af öðrum tengimöguleikum.

Vönduð hönnun

Þunnur áframmi og silfráð útlit ásamt því að standa á glerfæti gerir þetta að einkar veglegu tæki.

Mynd í mynd

EKKI MISSA AF NEINU, ÞÚ GETUR HORFT Á TVÆR SJÓNVARPSSTÖÐVAR Í EINU. ÞÚ RÆÐUR HVORT SEINNI SJÓNVARPSSTÖÐIN ER HORMYND Eða SKJÁNUM SKIPT Í TVENN.

Skerpa

10.000 á móti 1 í skerpu gefur þér skarpari mynd en þú átt að venjast! Önnur plasmasjónvörp eru með 3.000 á móti 1. Medion aðeins það besta!



42" Plasmasjónvarp

Fimm hátalarar

BASSA BOX

Heimabíókerfi

SONY HEIMABÍÓKERFI

DAV SR10

Fjölkerfa DVD spilar

sem spilar DVD diska frá öllum svæðum. Spilar einnig SVCD/DVD-R/DVD-RW/JPEG og MP-3

Útvarp

Hlustaðu á útvarpið í brjáluðum gæðum

Hátalarakerfi

5x50W RMS magnari ásamt 5 hátölurum og 80 W RMS bassaátalara

Dolby Digital/DTS Þannig getur þú notið hjónjæða kvikmynda sem eru teknar upp í Dolby Digital og DTS til fullnustu!

29.999

14.999**

Á MÁNUÐI Í 16 MÁNUÐI VAXTALAUST

239.984 STADGREITT

Klikkaðir kaupaukar!



FYLGIR

BT



OPID TIL 22:00 ALLA DAGA Í BT SKEIFUNNI



Kl. 17.00

Dómkórinn flytur Þýska sálumessu eftir Brahms á tónleikum í Langholtskirkju. Kristinn Sigmundsson og Hulda Björk Gardarsdóttir syngja með kórnum. Þetta eru fyrstu tónleikarnir í Tónlistarhátíð Dómkirkjunnar, sem stendur fram á næstu helgi.

menning

menning@frettabladid.is

Rússneskir söngvar hljóma

Rússneskir dagar hefjast í Kópavogi í dag með tónleikum í Salnum þar sem Alina Dubik messósópran syngur rússneska söngva eftir Glinka, Borodin, Rimski-Korsakoff, Rachmaninoff og Tsjaikovski. Með henni leika þeir Zbigniew Dubik á fiðlu og Jónas Ingimundarson á píanó.

Alina Dubik er fædd í Póllandi en hefur búið á Íslandi í fjölda ára. Hún hefur fyrir löngu skipað sér í fremstu röð íslenskra söngvara og söngur hennar hvarvetna vakið athygli og aðdáun.

Tónleikadagskrá Rússneskra daga í Salnum heldur áfram fram á næstu helgi. Næst verða þar tónleikar á miðvikudagskvöldið með hinum heimsþekktu barit-



ónsöngvara Vladimir Chernov og Terem-kvartettinum. Þeir tónleikar verða endurteknir á föstudagskvöldið, en á fimmtudaginn koma rússnesku snillingarnir í Terem-kvartettinum fram með sín þjóðlegu hljóðfæri en án einsöngvarans.

Í dag verður einnig opnuð á Rússneskum dögum sýning í Listasafni Kópavogs - Gerðarsafni þar sem hægt verður að skoða fjölmarga dýrgripa frá tímum Romanov-ættarinnar í Rússlandi.

Einnig verður haldin rússnesk bókmennta- og kvikmyndahátíð í bókasafni Kópavogs. Meðal annars verða sýnd meistarastykki rússneskrar kvikmyndagerðar á borð við Beitiskipið Potemkin, Farðu og sjáðu og Fórnin.

> Ekki missa af ...

... tónleikum gítardúetsins Duo Nor í Norræna húsinu annað kvöld. Þar leika þeir **Ómar Einarsson** og **Jakob Hagedorn-Olsen** gítartónlist.

... dagskrá um norska leikskáldið **Jon Fosse** í Þjóðleikhúsinu annað kvöld.

... **Thor Vilhjálmssyni** ritöfundu, sem ætla að segja frá kynnum sínum af íslenskum listamönnum í Listasafni Íslands á morgun.



TRICOLORE MUSICA Björg Þórhallsdóttir sópran, Pórhildur Björnsdóttir píanó og Hjörleifur Valsson.

Með stóra rödd

„Ég var mjög heppin að komast að hjá þessari konu því ég er með mjög stóra og dramatiska sópranrödd. Þetta er mjög sjaldgæf raddtegund,“ segir Björg Þórhallsdóttir söngkona, sem undanfarin fimm ár hefur verið í söngnámi í Bretlandi hjá, Iris Dell'Acqua, einum virtasta söngkennara í heiminum í dag.

Dr Dell'Acqua er eftirsótt meðal þekktustu söngvara heims og þjálfar meðal annars hinar heimsfrægu Cecilia Bartoli og Renée Fleming reglulega ásamt



BJÖRG ÞÓRHALLSDÓTTIR Syngur í Ými á morgun ásamt Hjörleifi Valssyni fiðluleikara og Pórhildi Björnsdóttur píanóleikara.

Philip Langridge, einum fremsta tenór Bretta, svo dæmi séu tekin.

Björg var lektor í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri og deildarstjóri á Fjórðungssjúkrahúsinu þegar hún hélt til Manchester í söngnám árið 1996. Hún stundaði fyrst nám við Konunglega tónlistarskólann í Manchester en komst síðan að hjá Dell'Acqua.

Björg er stödd á landinu og kemur fram á tónleikum í tónlistarhúsinu Ými á morgun ásamt þeim Hjörleifi Valssyni fiðluleikara og Pórhildi Björnsdóttur píanóleikara. Þau nefna tríó sitt Tricolore Musica og hafa starfað saman undir því nafni frá því í fyrrahaust.

Þau komu einnig fram í hinu þekktu Leighton House Museum í London fyrir skömmu, þar sem þau fengu frábæra viðtöku. Tónleikar þeirra í Ými á morgun eru framhald af tónleikaferð þeirra í Englandi þar sem þau fluttu sömu efnisskrá.

Á tónleikunum flytja þau meðal annars eftir Sigvalda Kaldalóns og Bellini, Íslensk rímnadanslög eftir Karl O. Runólfsson, Meditation úr Thais eftir Messenet, Cabaret Songs eftir Benjamin Britten ásamt aríum úr óperum eftir Bellini, Puccini og Verdi og óperettum eftir Lehár og Johann Strauss.

Hetjusaga Sölku Völku

Salka Valka stígur enn fram á íslensku leiksviði í kvöld þegar ný leikgerð Hrafnhildar Hagalín verður frumsýnd í Borgarleikhúsinu. Það er Edda Heiðrún Backman sem leikstýrir en Ilmur Kristjánsdóttir leikur Sölku Völku

„Þetta er mjög skemmtilegt og ógrandi fyrir okkur leikarana,“ segir Ilmur um þá nálgun sem Hrafnhildur Hagalín Guðmundsdóttir fer að skáldsögu Halldórs Laxness í leikgerð sinni. Hrafnhildur fer óvenjulega leið að því leyti að hún fylgir söguþráðinum ekki í tímaröð, heldur er flakkað á milli í tímanum.

„Það er skipt á milli með ljós-um og búningum,“ segir Ilmur, sem stundum þarf að vera snögg að skipta um gervi þegar farið er á augabragði á milli í tíma. „Stundum þarf ég meira að segja að skipta um búning á sviðinu.“

Með þessari aðferð nær Hrafnhildur að draga fram ákveðna þætti í sögunni sem hún vill leggja áherslu á.

Salka Valka var síðast sýnd í íslensku leikhúsi fyrir sjö árum. Það var í Hafnarfjarðarleikhúsinu þar sem aðaláherslan var lögð á ástarsöguna í verkinu.

Í þessari uppfærslu verður ástarsagan líka fyrirferðarmikil, þótt ekki sé einblínt eingöngu á hana. „Samband Sölku við Arnald er svo stór partur af þessari sögu, og svo þetta brenglaða samband sem hún á við Steinþór. Við reynum aðeins að kryfja þetta og skilja.“

Það er Sveinn Geirsson sem leikur Arnald og Ellert A. Ingimundarson Steinþór. Halldóra Geirharðsdóttir leikur móður hennar Sigurlínu.

Salka Valka er hetjusaga úr íslensku sjávarþorpi þar sem auðurinn safnast á fáar hendur. Aðrir þorpsbúar eiga allt sitt undir valdi peninganna.

Ilmur segir söguna af Sölku Völku standa fyllilega undir því



HIN NÝJA SALKA VALKA Ilmur Kristjánsdóttir fer með hlutverk Sölku Völku í leikgerð Hrafnhildar Hagalín.

að vera sýnd reglulega á reglulega á íslensku leiksviði.

„Þetta er svo stór saga að það væri alveg hægt að setja hana upp á fimm ára fresti.“

Með önnur hlutverk í Sölku Völku fara Bergur Þór Ingólfsson, Birna Hafstein, Guðmundur Ólafsson, Halla Vilhjálmisdóttir, Kristján Franklín Magnús, Þór-

hallur Sigurðsson (Laddi), Margrét Helga Jóhannsdóttir, Marta Nordal og Theódór Júlíusson.

Leikstjóri er Edda Heiðrún Backman, sem Ilmur segir að hafi haldið frábæra utan um leikhópinn. „Hún var með mjög skýra sýn frá upphafi. Hún var greinilega búin að vinna heimavinnuna sína.“

NÝJAR BÆKUR

Skáldsagan Lífið er annars staðar eftir Milan Kundera er komin út hjá JPV útgáfu í þýðingu Friðriks Rafnssonar. Lífið er annars staðar hefur notið gríðarlega vinsælda frá því hún kom fyrst út í Frakklandi árið 1973 og telst nú meðal merkustu skáldsagna sem út hafa komið í Evrópu á síðustu áratugum.

Myndin af pabba – Saga Thelmu sem Gerður Kristný skrasetur er komin út hjá Vöku-Helgafelli. Thelma og systur hennar fjórar urðu fyrir grimmi-



legu kynferðislegu ofbeldi frá hendi föður síns og annarra barnaníðinga um árabíl.

Bókina Kona með spegil – Svava Jakobsdóttir og verk hennar er komin út hjá JPV útgáfu í ritstjórn Ármanns



Jakobssonar. Fræðimenn fjalla þar um feril Svövu frá ýmsum sjónarhornum. Í bókinni er einnig að finna æviágrip og endurprentuð eru þrjú viðtöl við Svövu frá ýmsum skeiðum ferils hennar. Þá eru

hér endurprentaðar þrjár fræðigreinar Svövu sem ekki hefur áður verið safnað saman.

Eragon eftir Christopher Paolini er komin út hjá JPV útgáfu í þýðingu Guðna Kolbeinssonar. Kvikmynd eftir sögunni er væntanleg í júní 2006. Christopher Paolini byrjaði á fyrstu skáldsögu sinni, Eragon, þegar hann lauk menntaskólanámi, 15 ára að aldri.



Eltingaleikurinn – Leitinn að Vermeir eftir Blue Balliet er komin út hjá JPV útgáfu með myndskreytingum Brett Helquist. Bókin hefur verið þýdd á meira en þrjátíu tungumál.

STYRKJARSÝNING
19. OKTÓBER KL. 20
Allur aðgangseyrir rennur óskiptur til MND félagsins á Íslandi.

Með þessu vilja leikarar og aðstandendur sýningarinnar styðja við bakið á MND félaginu sem er félag fólks með hreyfingahrörnun. Félagið er að hefja söfnun til styrktar rannsóknunum á þessum sjúkdómi.

SALKA VÖLKA

EFTIR HALLDÓR LAXNESS Í LEIKGERÐ HRAFNHILDAR HAGALÍN.
LEIKSTJÓRI: EDDA HEIÐRÚN BACKMAN.

BORGARLEIKHÚSIÐ

Bjartsýnin er bensínið

„Ég held að það sé meiri kraftur í grasrótinni núna en hefur verið lengi,“ segir Bryndís Ragnarsdóttir,

framkvæmdastjóri Nýlistasafnsins en þar opnar hin árlega Grasrótarsýning klukkan 18 í dag.



BRYNDÍS RAGNARSDÓTTIR FORMAÐUR NÝLISTASAFNSINS Hin árlega Grasrótarsýning verður opnuð í dag og hafa þátttakendur aldrei verið fleiri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bryndís hefur ásamt fleirum veg og vanda af skipulagningu sýningarinnar. Þetta er í sjötta sinn sem Grasrót er haldin en aldrei hafa fleiri tekið þátt í Grasrótarsýningu, eða um 50 manns. Haft var samband við fjölbreyttan hóp fólks sem kemur að menningu og listsköpun með það að augnamiði að gera sýninguna að vettvangi og kynningu á starfsemi myndlistarfólks, kvikmyndagerðarfólks, hönnuða, tónlistarfólks, skálda og fræðimanna.

Bryndís segir að þótt Grasrótarsýningarnar hafi alltaf tekist ágætlega, þyki henni þær ekki vera í takt við upphaflegu hugmyndina. „Þetta hefur verið dálítið eins og verðlaunasýning fyrir útvalda gæðinga. Við vildum frekar reyna að gefa raunhæfa mynd af því sem er almennt að gerast; fólk startar sínu sjálft hvort sem um sýningar, tónleika eða búðir er að ræða og leggur allt undir.

„Bjartsýnin er bensínið og út á það gengur grasrótin,“ segir Bryndís en tekur fram að allir listamennirnir sem koma fram hafa heilmikið til brunns að bera.

Nokkrir listamenn hönnuðu safnið upp á nýtt fyrir sýninguna. „Við náðum að nýta öll svæði mun betur og skapa góða heildarmynd. Ekkert fer til spillis,“ segir Bryndís. Þá verður gefin út bók með frumútgáfu á textum og myndverkum á sýningunni auk þess sem verk á sýningunni verða til sölu.

Sýningin stendur til 6. nóvember og er opin frá klukkan 13 til 17 frá miðvikudegi til sunnudags. Nánari upplýsingar um dagskrána má finna á nyo.is.

★ STJÖRNUFRÉTTIR ★ LÍFSSTÍLL ★ ALVÖRU FÓLK

3 BLÖÐ Í FINNU

JÖNSI OG RÓSA 14 MERMUR! EIGNUÐUST STÓRAN STRÁK

3 BÓKUR Í FINNU

hér&nú

FÆDDI STÚLKU HEIMA

EVU MARÍA OG OSKAR EIGNUÐAST PRINSESSU

MATARÉI SEM HVEYTIÐ LÖTTU

HARPA KARLS FJÖRNU

NÝTT OG BETRA BLAÐ

hér&nú kemur út í dag!

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

www.toyota.is



Sker sig úr þegar öryggi er annars vegar

Fimm stjörnu öryggi

Avensis fékk hæstu einkunn sem gefin hefur verið í árekstrarprófi Euro NCAP eða heilar fimm stjörnur fyrir öryggi. Þar vógu þungt öflugir loftpúðar og sterk yfirbygging. En sérstaða Avensis er ekki aðeins bundin við öryggi. Hann var líka kosinn bíll ársins í flokki fjölskyldubíla af tímaritinu WhatCar?

Avensis Wagon er hágæða fjölskyldubíll, ríkulega búinn og rúmgóður. Eftirtektarverður kostur sem sker sig úr hvar sem hann fer.

Prófaðu verðlaunagripinn Avensis Wagon og sjáðu hvort hann smellpassi ekki fyrir fjölskylduna þína.

Verð frá 2.440.000 kr.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota
Nýbýlavegi 4
KÓPAVOGUR
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
AKUREYRI
Sími: 460-4300

Toyotasalurinn
Njarðarbraut 19
REYKJANESBÆR
Sími: 421-4888

Toyotasalurinn
Fosnesi 14
SELFOSS
Sími: 480-8000

Tökinn hert THE TURN OF THE SCREW
EFTIR BENJAMIN BRITTEN

25 ára og yngri: 50% afsláttur af miðaverði í sal

21. okt. kl. 20 - Frumsýning - ÖRFÁ SÆTI LAUS
23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning - 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning
12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - Lokasýning

Kynning fyrir sýningar á Tökinn hert, 2. - 6. sýning
Kl. 19.15 - Stutt kynning á verkinu og uppsetningu þess.
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalin í miðaverði.

www.operais opera@opera.is Sími: 511 4200
Íslenska Óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

SALKA VALKA
Í kvöld **FRUMSÝNING UPPSELT**,
Mi 19/10 kl. 20 **Styrktarsýning MND félagið á Íslandi**,
Fö 21/10 kl. 20 gul kort,
Lau 22/10 kl. 20 rauð kort
Su 30/10 kl. 20 græn kort
Fi 3/11 kl. 20 blá kort

WOYZECK
Fi 27/10 kl. 20. Forsýning **UPPSELT**
Fö 28/10 kl. 20. Frumsýning **UPPSELT**
Lau 29/10 kl. 20 gul kort, Lau 5/11 kl. 20
rauð kort, Fi 10/11 kl. 20 græn kort,
Fö 11/11 kl. 20 blá kort

Aðeins þessar 2 aukasýningar eftir
Su 16/10 kl. 20, Su 23/10 kl. 20

TVENNU TILBOÐ
Ef keyptur er miði á
Híbýli vindanna og Lífsins tré
fæst sérstakur afsláttur

KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren
Sun 16/10 kl. 14 **UPPS.**,
Su 23/10 kl. 14 **UPPS.**, Su 30/10 kl. 14,
Su 6/11 kl. 14

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ

LÍFSINS TRÉ
Fi 27/10 kl. 20 **FRUMSÝNING UPPSELT**
Fö 28/10 kl. 20 **UPPSELT**, Fi 3/11 kl. 20,
Fö 4/11 kl. 20 Lau 5/11 kl. 20, Fi 10/11 kl. 20,
Fö 11/11 kl. 20

FORÐIST OKKUR
Aðeins sýnt í október. Nemendaleikhúsið /
CommonNonsense. e. Hugleik Dagsson.
Í kvöld kl. 20, Mi 19/10 kl. 20, Fi 20/10 kl. 20, Fö
21/10 kl. 20, Lau 22/10 kl. 20

MANNTAFL
Í kvöld kl. 20, Lau 22/10 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNABUR
Sun 16/10 kl. 20 **UPPS.**, Sun 23/10 kl. 20 **UPPS.**,
Þri 25/10 kl. 20 **AUKASÝN**, Lau 29/10 kl. 20 **UPPS.**,
Sun 30/10 kl. 20 **UPPSELT**
Sun 6/11 kl. 20 **AUKASÝN**.

Sími miðasölu 568 8000
www.borgarleikhus.is

★★★★ -DV Frábær fjölskylduskemmtun!
- Fréttablaðið

Annie
eftir Thomas MEEHAN, Charles STROUSE & Martin CHARNIN

17. sýn. sun. 16/10 kl. 14
Annie; Thelma Lind
18. sýn. laug. 22/10 kl. 15
Annie; Solveig
19. sýn. sun. 30/10 kl. 14
Annie; Thelma Lind

Miðasala í s:551 4700 alla daga frá
kl.13-17 í gamla AUSTURBÆJARBÍÓI
www.annie.is • www.midi.is

Þjóðleikhúsið - leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

HALLDÓR Í HOLLYWOOD
2. sýn. í kvöld lau. 15/10 örfá sæti laus, 3. sýn. fim. 20/10 örfá sæti laus, 4. sýn. fös. 21/10 örfá sæti laus, 5. sýn. lau. 22/10 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 27/10 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 28/10 örfá sæti laus. Sýnt í október og nóvember.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 16/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 23/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 29/10 kl. 20:00 örfá sæti laus, sun. 6/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 13/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus

EDITH PIAF
Sun. 16/10 uppselt, sun. 23/10 uppselt, sun. 6/11 uppselt, sun. 13/11 aukasýning - örfá sæti laus

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00

LJÓSIÐ Í MYRKIRINU - DAGSKRÁ UM JON FOSSE
Sun. 16/10 kl. 15:00, mán. 17/10 kl. 20:00

KODDAMAÐURINN
Sun. 16/10 uppselt, þri. 18/10 uppselt, mið. 19/10 uppselt, sun. 23/10 nokkur sæti laus, mið. 26/10 uppselt, sun. 30/10. Síðustu sýningar.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

FRELST
Forsýningar mið. 26/10 uppselt og fim. 27/10 uppselt.
Frumssýning fös. 28/10 uppselt, sun. 30/10, fim. 3/11 nokkur sæti laus, lau. 5/11.

LEIKHÚSKJALLARINN
Í kvöld lau. 15/10 kl. 21:00 - Broadway-söngleikjakvöld í umsjá Björgvins Frans Gíslasonar Sun. 16/10 kl. 21:00 - Múlinn - Útgáfutónleikar Tómasar R. Einarssonar og félaga Miðasala við innganginn. Upplýsingar í s. 585 1295

MIDASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIDASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



TÓMAS R. EINARSSON Flytur lög af nýjum geisladiski á tónleikum í djassklúbnum Múlanum annað kvöld.

Fjölgar eins og kanínum

„Við tökum einhver latínög til að hita aðeins upp, en síðan ætlum við að flytja flest lögina af nýja diskunum,“ segir Tómas R. Einarsson bassaleikari, sem efnir til útgáfutónleika í Þjóðleikhúskjallaranum annað kvöld.

Fyrir stuttu kom út safndiskur með nýu sönglögum eftir Tómas og heitir diskurinn Let Jazz Be Bestowed on the Huts. „Ég valdi þarna saman nýu sönglög sem tengjast flest Íslandi, Íslendingum og íslensku. Við getum sagt að þetta sé mín sýn á land og þjóð.“

Sjö laganna hafa komið áður út á diskum sem allir eru uppseldir. Sjö söngvarar koma sömuleiðis við sögu á disknum en það reynd-

ist of flókið að ná þeim öllum saman til þess að syngja á tónleikum annað kvöld, þannig að tveir söngvarar stíga á svið með hljómsveit Tómasar.

„Kristjana Stefánsdóttir hleypur þarna í ýmis hlutverk og svo verður Einar Örn Benediktsson sem syngur og hrópar lag sem heitir Íslandsblús.“

Með Tómasi er stórt og mikið band, skipað bræðrunum Óskari Guðjónssyni saxófónleikara og Ómari Guðjónssyni gítarleikara ásamt Agnari Má Magnússyni píanóleikara, Péttri Grétarssyni á kongatrommun og Matthíasi Hemstock á trommunum.

Tónleikarnir eru haldnir á

vegum djassklúbbsins Múlan, sem heldur úti tónleikaröð í Þjóðleikhúskjallaranum í vetur. Starfsemi Múlan í vetur hófst um síðustu helgi með tónleikum Tríós Jóns Páls Bjarnasonar.

Alls verða nýu tónleikar á haustdagskrá Múlan, sem ber þess ótvírætt vitni hversu mikil gróska er í djasslífinu á Íslandi nú um stundir.

„Já, þetta þrífst og dafnar,“ segir Tómas þegar hann er spurður út í þessa miklu grósku. „Það er stór og góður hópur sem sinnir þessu. Við náðum varla tíu eða tólf þegar ég byrjaði á þessu fyrir aldarfjórðungi, en núna fjölgar okkur eins og kanínum.“

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER
12 13 14 15 16 17 18
Laugardagur

KVIKMYNDIR

15.00 Kvikmyndasafn Íslands sýnir myndina **Áhugamaðurinn** (Amator) sem **Krzysztof Kieslowski** gerði árið 1979 í Póllandi. Sýnt verður í Bæjarbíói, Strandgötu 6, Hafnarfirði.

TÓNLEIKAR

17.00 **Alina Dubik** mezzósópran, **Zbigniew Dubik** fiðluleikari og **Jónas Ingimundarson** píanóleikari flytja rússneska söngva eftir Glinka, Borodin, Rimsky-Korsakoff, Rachmaninoff og Tchaikovsky á tónleikum í Salnum í Kópavogi.

17.00 **Dómkórinn** flytur þýska sálumessu eftir Johannes Brahms í Langholtskirkju. Flytjundur auk kórsins eru **Hulda Björk Garðarsdóttir** sópran og **Kristinn Sigmundsson** bassi ásamt píanóleikurunum **Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur** og **Peter Máté**. Stjórnandi er **Marteinn H. Friðriksson**.

21.00 **Ragnheiður Gröndal** syngur íslensk og erlend dægurlög, djass og blús ásamt hljómsveit sinni í Þjórsárverri á Tónahátíð, sem lýkur með þessum tónleikum.

LEIKLIST

20.00 **Salka Valka** eftir **Haldór Laxness** verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu í leikgerð **Hrafnhildar Hagalín Guðmundsdóttur**. Sölu Völku leikur **Ilmur Kristjánsdóttir**.

OPNANIR

14.00 **Hlynur Hallsson** opnar sýninguna „Linur-Streifen-Stripes“ í Populus Tremula í kjallara Listasafnsins á Akureyri.

15.00 Myndlistarmaðurinn **Sigurður K. Árnason** opnar sýningu í menningarmiðstöðinni Skaftfelli á Seyðisfirði.

SKEMMTANIR

D **Gullí í Ósóma** á Kaffi 22 við Laugavegin.

D **Bjössí í Mínus** á Bar 11.
Hljómsveitin **Tilþríf** spilar í Lundanum, Vestmannaeyjum.

FYRIRLESTRAR

15.30 Nafnfræðifélagið efnir til fræðslufundar í húsi Sögufélags í Fischersundi í Reykjavík þar sem doktor **Jón Axel Harðarson**, dósent við Hugvísindadeild Háskóla Íslands, heldur fyrirlestur sem hann nefnir „Mannafélag og menningarsaga: Íslensku mannanöfnin Yngvar, Gunnar, Evar og Garðar.“

14.00 **Kamilla Rún Jóhannsdóttir** flytur fyrirlesturinn „Meðvitund tövla?“ í fyrirlestraröðinni Veit efnið af andanum? Af manni og meðvitund, sem haldin er í Odda.

FUNDIR

11.00 **Róbert Haraldsson**, dósent í heimspeki við Háskóla Íslands, **Salvör Nordal**, forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands, **Hjördis Finnbogadóttir**, fréttamaður á Ríkisútvarpinu, **Jónas Kristjánsson**, ritstjóri DV og **Mörður Árnason**, alþingismaður og fyrrverandi varaformaður síðanefndar verða frummælendur á málþingi um **siðareglur Bláðamannafélags Íslands** sem verður haldið á Hótel Loftleidum.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Ávaxtakærjan
Í AUSTURBÆ
Síðustu sýningar
Birgitta
Gæddu Gulrot

...Ef horft er á í réttu ljósi hve lifið er stutt og lukkan svo hverful og smá. Ef horft er á í réttu ljósi. Hver dagur er gjöf, svo margt sem að hægt er að sjá...

SPARISJÓÐURINN IsMedia

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.13 til kl.17 pantanir í síma 551 4700 www.midi.is

Athugið síðustu sýningar
Sunnudagur 23. okt. kl: 13:30
Aukasýning vegna mikillar aðsóknar
Sunnudagur 23. okt. kl: 16:30

Rifja upp gamla söngleiki

„Við verðum með Broadway Musical kvöld í Þjóðleikhúskjallaranum,“ segir Björgvin Franz Gíslason, leikari og söngvari hress að vanda. Annað kvöld kemur hann fram með söngvurunum Seth Sharp og Guðrúnu Árnýju Karlsdóttur. Þau ætla að flytja gömul lög úr söngleikjum eins og Sophisticated Ladies og Smokey Joe's Café.

„Þetta verður amerísk söngleikjastemning eins og hún gerist best,“ segir Björgvin. Þau þrjú sungu saman í söngleiknum Harlem Sophisticate í Loftkastalanum á síðasta ári og róa nú á svipuð mið.

„Mér finnst þetta óskaplega skemmtileg tónlist og hún hentar mér mjög vel. Þetta verða ekki hreinir tónleikar heldur segjum við sögu laganna og svo leikum við stundum í kringum þau.“

Mikið verður um að vera í Þjóðleikhúskjallaranum í vetur þar sem Örn Arnason hefur tekið að sér að vera skemmtanastjóri. Boðið verður upp á fjölbreytta menningarstarfsemi þar sem gætir ýmissa grasa.

„Það er svo gaman að því að það sé verið að endurvekja þetta.



BJÖRGVIN FRANZ OG GUÐRÚN ÁRNÝ Syngja söngleika- og kabarettónlist í Þjóðleikhúskjallaranum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ég man svo vel eftir því þegar ég var lítill að foreldrar mínir voru þarna oft að sýna og skemmta.“

Húsið verður opnað klukkan 20 í kvöld og síðan hefja þau

Björgvin, Seth og Guðný upp raust sína klukkan níu.

„Þetta stendur síðan í klukkutíma eða svo, og fólk getur fengið sér léttu hressingu á meðan.“

Magnús
ÁSTARFLEYIÐ
ÆVINTÝRIÐ HEFST 20. OKTÓBER

Leikhöpurinn Á semunni í samstarfi við SFRON

Kabarett

í íslensku óperunni

Lau. 8. október kl. 20 (örfá sæti laus)
Lau. 15. október kl. 20
Lau. 22. október kl. 20

Miðar í síma 511 4200 og á www.kabarett.is

HIMNARÍKI

Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen

10. sýn í kvöld örfá sæti
AUKASÝNING fimmt. 20. okt.
11. sýn fös 21 okt nokkur sæti
12. sýn lau 22 okt nokkur sæti

Miðgatanir í síma 555 2222 og á mið.is

KRINGLUKRAÍN

Sixties

í kvöld

- Sérreittamatseðill
- Tilboðsmatseðill fyrir leikhúsgesti
- Hópamatseðill

Borðgatanir í síma 555 0878 www.kringlukrain.is

GERÐUBERG

Dagur hljóðfærins
Hin mjúka miðja víóllunnar
Sunnudaginn 16. október kl. 14:30-18:00
Fram koma helstu víóluleikarar landsins, ásamt fjölda gesta.
Aðgangseyrir: 1.000 kr., 500 kr. fyrir nema, ókeypis aðgangur fyrir 12 ára og yngri.
Dagur hljóðfærins er í samstarfi við FÍT.

NÝTT
Söngur og sund á sunnudegi
Sunnudaginn 16. október kl. 13:00-14:00
Komdu og syngdu með Ingveldi Yri Jónsdóttur. Aðgangseyrir 500 kr.

Sjónþing
Yfirlitssýning á verkum Þórisar Zoëga hönnuðar

Boginn
Sýning á klippimyndum eftir Einar Arnason

Sýningar opnar:
Virka daga 11-17, miðvikud. 11-21, helgar 13-16, Sími: 5757700

www.gerduberg.is

Tónleikurinn BÍTL

Föstudag 14/10 **UPPSELT**
Laugardag 15/10 **LAUS SÆTI**
Föstudag 28/10 **LAUS SÆTI**
Föstudag 11/11 **LAUS SÆTI**

“Frábær skemmtun!”

Landsbankinn
KASTALINN
552 3000

Söngur og sund

á sunnudegi

Komdu að sungja með Ingveldi Yri
sundið í Gerðubergi og synt í Breiðholtslaug
stundvíslega kl. 13.00 • Verð kr. 500

Meningarmiðstöðin Gerðuberg, Sími 575 7700
Gerðubergi 3-5, 111 Reykjavík, Strætó S4 og 12 sjá nánar á www.gerduberg.is

Sunnudaginn 16. október verða sungin valin lög eftir Valgeir Guðjónsson

TAKTU ÁSKRIFT & FARÐU Á SÁLINA

Í KØBEN

NÝ GEISLAPLATA 24/10/05

Allir þeir sem fá sér áskrift á [Tónlist.is](http://Tonlist.is) í október geta unnið ferð fyrir 2 á **Sálina hans Jóns míns** í Kaupmannahöfn 5. nóvember.

Viltu auka vinningslíkurnar?
Sendu SMS skeytið **BTC STV** á númerið **1900** svaraðu spurningu um Sálina.
Allir sem taka þátt í SMS leiknum fara í pott og geta unnið miða fyrir 2 á Sálina í Köben! 11. hver fær vinning!

Á HVAD ERT ÞÚ AD HLUSTA?

Fullt af aukavinningum:

- Geislaplötuna Undir þínum áhrifum
- TónFrelsi frá Tónlist.is
- Kippur af Coca Cola
- Áskriftir frá Tónlist.is
- Fullt af öðrum geislaplötum og fleira

Tónlist.is & BTnet bjóða þér út! Icelandair kemur þér á staðinn!

149kr SMSið. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. Vinningar afhentir BT Smáralind, Kópavogi. Þú hefur 5 mínútur til þess að svara annars þarftu að byrja aftur.

ICELANDAIR sena BTNET TONLIST.IS



> **svaðalegir spariskór ...**
... sem eru smart við bæði buxur og pils. Þeir eru frá Shoe Studio í Kringlunni og koma líka í svörtu.

útlit

utlit@frettabladid.is



SMEKKURINN HELGA ÓSK HLYNSDÓTTIR AFGREIÐSLUDAMA, JÓGADROTTNING OG EINSTAKUR FAGURKERI Tilbúin að hitta kónginn

Spáir þú mikið í tiskuna? Já svona svolítið. Mér finnst samt frekar mikilvægt að gera ekki of mikið af því.
Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum? Frekar frjálsglegur og plein. Ég er farin að velja mér mikið fót sem eru bæði falleg og þægileg.
Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki? Ég hef gaman af óþekktum hönnuðum og sérstaklega ólærðum þar sem þeir eru með svo víðan sjóneldarhring og eru oft mjög óheflaðir.
Flottustu litirnir? Mér finnst allir litir fallegir, það fer allt eftir því hvernig þeim er stillt upp. Ef ég á að nefna eitthvað þá er það örugglega laxableikur þessa stundina. Og svartur, það er eitthvað svo dramatískt að ganga í svörtu.
Hverju ertu veikust fyrir? Ég er veikust fyrir skóm. Ég vel mér skó á morgnana og vel síðan einhver falleg fót við skóna. Ef ég sé skó sem ég fell fyrir verð ég að kaupa þá, sama hvað. Tilfinningin að kaupa sér skó, fara með þá heim og dansa í þeim fyrir framan spegilinn tímunum saman er bara yndisleg.
Hvaða flik keyptir þú þér síðast? Ég hef haft það fyrir reglu hingað til að kaupa mér ekki fót á Íslandi. Þetta er svo lítið land og fáar búðir hér að allir eru í því sama. Reyndar keypti ég mér buxur í síðustu viku sem mér fannst svo fyndnar að ég varð að kaupa þær. Ég sá þær líka fyrir mér passa við marga skó. Þær

eru sem sagt svartar, þröngar um kálfana og víðar eins og bleia fyrir ofan hné.
Hvað finnst þér flottast í tiskunni núna? Mér finnst ekkert eitt flottast. En mér finnst alltaf mest töff þegar enginn á eins og til þess að eiga ekki eins og allir hinir þá verður maður bara að gjöra svo vel að hanna og sauma sín eigin fót. Ég er þó mjög hrifin af svona pilssum sem eru niðþröng í mittið, skjótast svo út eins og tjald og ná rétt fyrir niður að hné.
Hvað ætlar þú að kaupa fyrir veturinn? Mig langar bæði í snjógalla og ristastóra úlpu með risahettu sem getur hlíft mér fyrir nistingskuld og vindi.
Uppáhaldsverslun? Ponsulita búðin í New York sem heitir Venus og er betur þekkt sem Patricia Field-búðin. Annars mun skóbúðin Bossanova alltaf eiga smá part í mér.
Hvað eyðir þú miklum peningum í fót á mánuði? Oft kaupi ég mér ekkert í marga mánuði eða þangað til ég fer til útlanda og þá er sko kveikt í buddunni!
Hvaða flikur gætir þú ekki verið án? Ég á náttbuxur sem eru ógeðslega ljótar, dökkbláar og allar í blettum sem nást ekki úr. Þetta eru buxur sem ég get ekki verið án. Þegar ég kem heim eftir erfiðan vinnudag eða hressilegt skráll þá fer ég í þessar buxur, slaka á og geri jógaæfingar.

Uppáhaldsflik? Það er flik sem ég hannaði sjálf og lét sauma fyrir mig. Þetta er vesti með áföstu efni sem kemur niður undan eins og tjull. Virkilega smart og hentugt ef ég þarf að vera fin en nenni því ekki. Þá skelli ég mér bara í þetta unit og þá er ég tilbúin að hitta kónginn.
Ljótasta flik sem þú hefur keypt þér? Lágskornar Diesel gallabuxur með engum rassvösum. Ég veit að þetta var bara tiskubóla og ég veit að allir áttu svona. Samt get ég ekki fyrirgefið sjálfri mér fyrir að hafa gengið í þessu. Ég get þó falið mig á bak við gelgjuna í þetta sinn, vona ég.



MÓÐUR VIKUNNAR > MARTA SMARTA FER YFIR MÁLIN

Yfirmáta smart með teina

Þegar vinkona mín sagði mér frá því að hún væri að fá teina var ekki laust við að hrollur færi um mig. Í æsku fannst mér reyndar afar kúl að vera með slíkt dótari uppi í sér. Það sem toppaði reyndar teinana var að vera með svokallað „beisli“ en það er annað mál. Lengi var var ég töluvert blúsuð yfir því að hafa fengið óaðfinslegar tennur frá náttúrunnar hendi, eða alveg þangað bróðir minn fékk góm.

Ég veit ekki hvort gómurinn var eitthvað illa smíðaður eða hvað var að, en bróðir minn gat nánast ekki talað með góminn. Hann bretti efri vörina alltaf yfir tennurnar þegar hann talaði sem framkallaði heldur óspennandi talsmáta. Ekki batnaði það þegar ég komst að því hvað gómur kostaði. Mér fannst mjög ósanngjarnt að það hefði farið hálf milljón upp í bróður minn og ég fengi ekkert. Sérstaklega þar sem það var hamrað í okkur að allir ættu að fá jafnt. Ég hefði alveg þegið þessa peninga inn á bankabókina mína.

Í vikunni fékk vinkona mín teina. Þetta var búið að standa til lengi og hef ég vorkennt henni ægilega út af þessu. Teinarnir sjást reyndar ekki í fjarlægð því þeir eru glærir. Mér skilst að það sé hægt að fá innanliggjandi teina og fleira í þeim dúr. Vinkona mín fékk teinana reyndar ekki í fegrunarskyni heldur til að fyrirbyggja að hún yrði tannlaus í neðri góm fyrir fertugt.

Hún er þó svo bjartsýn yfir teinunum og svo ægilega ánægð með þá að ég hef eiginlega fengið nýja sýn. Hún benti á að það væri velmegunarkerki að vera með teina. Kona á fertugsaldri sem væri að byggja ætti ekki að hafa efni á þessu nema hún væri í „útrás“ eða á launaskrá sem forstýra. Það sem fékk mig hins vegar til að skipta um skoðun var þegar hún benti á að það að fá sér teina á fertugsaldri væri merki um gríðarlegt sjálfstraust, sérstaklega þar sem hún er einhleyp.

Birta er komin út!

Svala Björgvinsdóttir Frjáls eins og fuglinn



Tríska, tíðarandi, útlit og blaðauki um heilsu
Öflugasta sjónvarpsdagskráin

birta
MEST LESNA • TÍMARIT LANDSINS



ÁRSHÁTÍÐARKJÓLLINN Í ÁR
FRÁ KAREN MILLEN.

BY MALENE BIRGER.
DANSKI HÖNNUÐURINN
NOTAR FJÓLUBLÁTT Í
MUNSTUR SEM KEMUR
VEL ÚT. KULTUR Í
KRINGLUNNI

EKTA SILKITOPPUR SEM
NOSTRAB ER VIÐ MEÐ
BRÓDERÍI OG PERL-
UM. KAREN MILLEN
KRINGLUNNI.

ÞYKK OG KLÆÐILEG VETR-
ARKÁPA FRÁ BY MALENE
BIRGER. HÚN FÆST Í KULTUR.

DÖMULEGIR
SPARISKÓRSEM
GERA SPARI-
FÖTIN ENNÞÁ
SPARILEGRI OG
SVO MÁ LÍKA
NOTA PÁ VIÐ
GALLABUXUR.

SKRAUTLEGUR BOLUR FRÁ
CENTRUM SEM BÆDI MÁ
NOTA YFIR SKYRTUR OG
UNDIR JAKKA.

JÓLAPILSID Í ÁR FÆST Í
VERSLUNNINI CENTRUM
Í KRINGLUNNI.

FRUMLEG OG SKRAUTLEG
SMÁATRÍÐI. KAREN MILLEN.

KOMNAR AFTUR Í MÓÐ.
FLAUELSBUXUR MEÐ
GALLABUXNASNÍÐI FRÁ
VERSLUNNINI CENTRUM.

SNIBUG LAUS.
BÓLERÓPEYSUR
ERU SNIBUGAR
FYRIR ÞÆR SEM
EKKI VILJA VERA
MEÐ BERAR
AXLIR. SVO
ERU ÞÆR SVO
FALLEGAR. KAREN
MILLEN

LAKKÁFERÐIN ER AÐ RYÐJA SÉR
RÚMS Á NÝ EFTIR SMÁ HLÉ. KAREN
MILLEN KRINGLUNNI

SKÓLASKYRTAMEÐ HIPPA-
LEGU MUNSTRI PASSAR
VEL VIÐ GALLABUXUR.
CENTRUM KRINGLUNNI.

Hátíðleg litasinfónía

Það er alltaf jafn hátíðlegt yfirbragði yfir fjólubláa litnum. Hönnuðurinn Stella McCartney hefur í raun gefið fjólubláa litnum nýtt líf en hann er mjög ríkjandi í hennar hönnun. Uma Thurman tekur sig vel út í fjólubláa í auglýsingum Louis Vuitton en þar er leyfilegt að vera í dökkfjólubláum kjól með brúna tösku með gamla múnógrafmynstrinu og örlítinn fjólubláan augnskugga. Þetta sýnir að hægt er að blanda fjólubláum saman við hina ýmsu liti. Hann passar ógurlega vel með svörtu, brúnu og bronslituðu. Svo má blanda appelsínugulum við fjólubláa litinn og bleikur passar að sjálfsgöðu við alla liti. Fjólublái liturinn er áberandi hjá Karen Millen og Malene Birger. Sú fyrrnefnda notar litinn í allt frá skó upp í töskur en hjá Malene Birger er hann notaður með hinum litunum, áberandi í mynstrum sem tóna vel við aðra liti. Það er þó ekki neinn einn fjólublár í tisku. Veldu þann fjólubláa sem klæðir þig best og mundu að það má blanda fjólubláum með ólíklegustu litum svo úr verður dásamlega falleg litasinfónía. Svo má alltaf setja á sig dökkfjólublátt naglakk og bæta örlítið af fjólubláum lit á augnlokin því hann dregur fram augnlitinn.

LAKKSKÓR Í STÍL VIÐ
TÖSKUNA. KAREN
MILLEN

Götutíska heimsins á netinu

Internetið býður upp á ósköpin öll af heimasíðum tengdum tísku. Ein af þeim nýrri er heimasíðan www.catwalkcity.com. Á hverj-



CATWALK CITY Heimasíðan birtir eina mynd á dag af tiskusérfraðingum götunnar.

um degi birtist ein mynd á síðunni af manneskju sem sýnir með klæðaburði sínum að hún spáir í tísku.

Markmiðið með heimasíðunni er að sýna tísku dagsins í dag, í dag. Ekki með því að sýna tísku dagsins í dag í mánaðarlegu tímariti því það þykir stofnendum síðunnar vera allt of seint. Catwalkcity er upplögð heimasíða fyrir þá sem hafa gaman af götutísku og vilja sjá það heitasta í dag.

Fólkið á bak við síðuna segir hana ekki vera handbók um tísku heldur sé þarna verið að skoða tiskusögu nútímans og skrá

hana niður jafnóðum. „Við viljum skoða allar hliðar á tiskunni. Alveg frá gettó-bling krökkunum til háskólakrakkanna. Allt þetta fólk er okkur fyrirmyndir, sama hvaða stíl það velur sér,“ segir meðal annars í yfirlýsingu frá stofnendum heimasíðunnar. „Það sem við viljum alls ekki er að fólk api eftir einhverjum stíl sem það sér á síðunni heldur viljum við að myndirnar hvetji fólk til að velja saman fót sem passa við þeirra persónuleika.“ Fleiri heimasíður einbeita sér að götutísku og ein skemmtilegasta er www.style-arena.jp. Þarna er hægt að skoða götutísku Tókýó sem er klárlega með þeim áhuga-verðari.



PÓSA Fólkið stillir sér upp fyrir ljósmyndarana og myndin fer á netið. Hver veit nema hversdagslegur klæðnaðurinn gefi einhverjum tiskuhönnuðinum góða hugmynd?



GÖTUTÍSKA Aðalmarkmið heimasíðunnar er að fanga tiskusögu nútímans.



Slegist um hátískufatnað

Karl Lagerfeld ruddi brautina í fyrra þegar hann hannaði fyrir H&M verslunarkerðjuna og gaf þannig venjulegu fólki kost á að geta fjárfest í hátískufatnaði. Nú er það Stella McCartney sem fetar í fótspor hans, en hún hefur hannað línu sem inniheldur 40 flíkur og verður aðeins fáanleg núna í haust.

Stella er fræg fyrir snilli sína í að hanna einstaklega kvenleg fót. Flíkur hennar hafa verið kóperaðar af ódýrari búðum en nú snýr hún dæminu við. Eitt sinn þótti ekki svalt að versla í hinum ódýrari búðum en sú hugsun er algjörlega ekki til lengur. Línan frá Stellu verður ekki fáanleg fyrr en 10. nóvember en nú þegar er eftirvænting-in orðin gríðarlega mikil.

„Ég vildi að línan fyrir H&M væri eins konar „best of“-lína af fötunum mínum. Allt sem er nauðsynlegt að eiga úr Stellu McCartney-merkinu,“ segir hún í viðtali við Style Magazine. „Ég vil að fötin séu mjög aðgengileg og fólk geti sett þau inn í sinn eigin stíl.“

Stella náði fyrst athygli tiskuspekúlanta þegar hún hannaði fyrir tiskuhúsið Chloé og hannar nú undir eigin nafni hjá Gucci. Hún er afar vinsæl meðal fræga fólksins og til dæmis sést vinkona hennar, Gwyneth Paltrow, oft í fötum eftir hana. Hún hannaði einnig brúðarkjól Madonnu þegar hún giftist Guy Ritchie árið 2000.

Þegar lína Karls Lagerfelds kom í búðir í fyrra trylltust viðskiptavinir og fyrsta daginn mynduðust langar biðraðir fyrir framan búðirnar. Því ættu þær tiskudrottningar Íslands sem ætla sér að næla í eitt stykki flík frá Stellu M að kaupa flugmiða til London eða Kaupmannahafnar og mæta snemma í biðröðina.



LAGERÚTSALA FJÖLVA

FRÁBÆR BÓKAVEISLA Í SKÚTUVOGI 6

Opnar í dag klukkan 12:00!

Þú getur einnig pantað bækur á netinu á sama lága verðinu.

Fjölbreytt úrval ódýrra bóka fyrir alla fjölskylduna:

Barnabækur - Teiknimyndasögur - Skáldsögur - Ævisögur - Ferðabækur Listaverkabækur - Heilsubækur

